

# **Menningarminjar í Hrunamannahreppi**

## **Svæðisskráning**

**Sædís Gunnarsdóttir**



**Fornleifastofnun Íslands  
FS136-01011  
Reykjavík  
2001**

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*netfang: fsi@instarch.is*

# Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Um svæðisskráningu	7
1.2 Fornleifakönnun á svæðinu	9
2. Yfirlit um sögu byggðar á svæðinu	12
3. Skrá yfir fornleifar í Hrunamannahreppi	17
4. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra	128
Bæjarhólar og bæjarstæði	129
Útihús	130
Tún, garðar og akrar	131
Kvíar og stekkir	131
Beitarhús og sel	132
Engjar og áveitur	132
Minjar um samkomur og þinghald	133
Kuml og kirkjugarðar	133
Samgönguminjar	133
5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	134
6. Heimildaskrá	136

# 1. Inngangur

Snemma árs 2001 var hafist handa við svæðisskráningu fornleifa í Hrunamannahreppi. Alls voru skráðar upplýsingar um 1094 fornleifar. Skráningin var unnin af Sædísí Gunnarsdóttur sem einnig sá um frágang og ritun skýrslu. Verkið var unnið fyrir sveitarfélagið af Fornleifastofnun Íslands

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru

sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagðan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í Þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samráð við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt Þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðapjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð rein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein Þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. Byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumundunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistöskráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritam) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast Seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Hest er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

## 1.1 Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort um staði sem vitað er að búið var á. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyásingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðin fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á

viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur*. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi og var hún tekin saman árið 1709 í Hrunamannahreppi. Þar að auki má nefna Jarðatal Johnsens frá 1847 og síðan ritið *Sunnlenskar byggðir* en saman gefa þessi rit allgóða mynd um dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað, en það er þorri allra fornleifa. *Túnakort*. Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af tünnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðar voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð á árunum 1920-1922 og koma fram á þeim bæði bæjarstæði og útihús en erfitt er að greina milli kálgarða og útihúsa. *Örnefnaskrár*. Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnaskrárnar á svæðinu eru



misjafnar að gæðum og margar hverjar aðeins orðalistar þar sem örnefni eru ekki staðsett. Slíkar skrár eru til eftir Brynjúlf Jóhannesson frá Minna-Núpi og Þorstein Bjarnarson. Síðar hafa verið ritaðar ýtarlegar lýsingar á örnefnum á hluta af jörðum í hreppnum en því miður eru listarnir oft einu heimildir um örnefni. Hins vegar eru til örnefnakort fyrir allar jarðirnar unnin af Ingimundi Einarssyni og munu þau auðvelda aðalskráninguna. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrá en sjaldgæft er að höfundar skrána láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa. Þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verið illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrá, heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjálaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenska fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Þó nokkrar greinar eru til um fornleifar í Hrunamannahreppi og verður þeirra gerð betri skil síðar.

Það má því segja að jarðabækur, og skyldar heimildir gefi rammann utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrá og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

## 1.2 Fornleifakönnun á svæðinu

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungsleg nefnd um varðveislu fornminja skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fundust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin. Af skráningarsvæðinu bárust svör frá þremur prestum. Sr Högni Stefánsson í Hrepphólum nefnir engar fornminjar og starfsbróðir hans Torfi Jónsson í Hruna nefndir aðeins Hörginn í

Hörgsholti. Hins vegar send sr. Jón Steingrímsson í Reykjadal nefndinni nokkuð ýtarlega skýrslu. Þar nefnir hann arfsagnir um að Haukur landnámsmaður í Haukadal hafi haft selstöðu í Haukholti, og greinir frá legstað hans. Einnig nefnir hann steinboga sem arfsagnir telja að hafi verið yfir Hvítá en staðsetningin er slík að klerkur telur söguna ekki eiga við nein rök að styðjast. Jón getur um sögur af Gullfossi og Nautavík sem og af byggð á afréttinni. Hann segist hafa heyrt sagnir af byggð í Búðártungu, Rógshólum, Laugum, Þórarinsstöðum og Mörpúfum en telur greinilega að byggð hafi verið víðar. Síðan greinir hann frá uppgreftri í Djáknadyngju sem forveri hans stóð að.<sup>1</sup>

Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf Íslendinga fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögunar segðu frá raunverulegum atburðum var að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Í þeim tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kålund um landið á árunum 1872-74, með Íslendingasögurnar í hnakktöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Sennilega hefur Kålund ekki ferðast um Hrunamannahrepp. Hann lýsir hreppnum nokkuð, en þær lýsingar eru oft villandi. Síðan nefnir hann þekktustu staði sveitarinnar, Hruna og Hrepphóla án þess að greina frá neinum þekktum fornminjum. Kålund tekur upp lýsingar úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um forna byggð á Hrunamannafrétt en bætir litlu við þær lýsingar.<sup>2</sup>

Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögnum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði og safna forngripum og var Sigurður Vigfússon gullsmiður og fornfræðingur aðal rannsóknarmaður félagsins fyrstu tíu árin, en hann virðist ekki hafa komið við í Hrunamannahreppi. Daniel Bruun ferðaðist um norður- og suðurland sumarið 1897 og rannsakaði hann eyðibýli á Hrunamannafrétti, og teiknaði upp tóftir nokkurra þeirra.<sup>3</sup> Þorsteinn Erlingsson gerði svipaða rannsókn sama ár.<sup>4</sup> Eftir 1890 tók Brynjúlfur Jónsson við fornleifakönnunum Fornleifafélagsins og ferðaðist víða um land fram um 1910. Hann fór rannsóknarferðir um Hrunamannahrepp ásamt því sem hann safnaði örnefnum um svæðið. Helstu greinar hans um

---

<sup>1</sup> FF, 210-213

<sup>2</sup> KKI, 135-136

<sup>3</sup> Bruun, Daniel. "Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal" *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags 1898, fylgirit.*

<sup>4</sup> Þorsteinn Erlingsson: *Ruins of the Saga Time*, 46-49

efnið er rannsókn hans á byggðaleifum á afréttinni<sup>5</sup> og grein hans og rannsóknir í Árnesþingi sumarið 1904.<sup>6</sup>

Eftir að Brynjúlfur og Bruun hættu rannsóknarferðum sínum lögðust könnunarferðir á vegum Fornleifafélagsins alveg niður. Á árunum í kringum 1930 friðlýsti Matthías fjölda staða um allt land og þar á meðal nokkra á skráningarsvæðinu en hann fór nær alfarið eftir skýrslum Daniels Bruun og Brynjúlfs.<sup>7</sup> Á millistríðsárunum fóru engar skipulegar fornleifarannsóknir fram á skráningarsvæðinu en grein Guðjóns Jónssonar um örnefni á afrétt Hrunamanna birtist 1936 og er í henni allmikill fróðleikur um fornleifar.<sup>8</sup> Á fimmta áratug 20. aldar rannsakaði Kristján Eldjárn eyðibygð á Hrunamannaafrétt og gróf upp rústir Þórarinnsstaða.<sup>9</sup> Sigurður Þórarinsson skrifaði grein um gjóskulög tengd þeirri rannsókn.<sup>10</sup> Á sjöunda áratugnum gróf Þór Magnússon upp bæjarstaði frá því fyrir 1104 í Hvítárholti og annað minna í Auðnugili.<sup>11</sup> Einnig hafa farið fram minni háttar rannsóknir svo sem uppgröftur Þorkels Grímssonar á Lögréttu við bæinn Gröf<sup>12</sup>, athuganir Sigurjóns Helgasonar við Hrunakrök<sup>13</sup> og uppgröftur Guðmundar Ólafssonar að Kópsvatni.<sup>14</sup>

---

<sup>5</sup> Brynjúlfur Jónsson: “Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1896*, 1-13

<sup>6</sup> Brynjúlfur Jónsson: “Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*, 1-51

<sup>7</sup> Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík 1993

<sup>8</sup> Guðjón Jónsson: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1933-36*, 100-107

<sup>9</sup> Kristján Eldjárn: “Eyðibygð á Hrunamannaafrétti” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48*, 1-43

<sup>10</sup> Sigurður Þórarinsson: “Örlög byggðarinnar á Hrunamannaafrétti í ljósi öskulagarannsóknna” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48*, 44-65

<sup>11</sup> Þór Magnússon: “Sögualdarbygð í Hvítárholti” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1972*, 5-80; “Rannsókn forrústa við Auðnugil í Hrunamannahreppi” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1984*, 183-190

<sup>12</sup> Þorkell Grímsson: “Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1962*, 100-114

<sup>13</sup> Sigurjón Helgason: “Fornbýli við Hrunakrök og sögnin um forna Hruna” *Árnesingur I*, 25-42

<sup>14</sup> Guðmundur Ólafsson: *Skálarlaga leirgryfja að Kópsvatni. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1987*

## 2. Yfirlit um sögu byggðar á svæðinu

Aðferðirnar sem hér verður beitt til þess að skoða byggð á svæðinu eru þær að fyrst er gerð grein fyrir landnámi eins og frá því er greint í Landnámabók en á grunni þess og staðsetningum kumla og kirkna er hægt að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst. Kuml eru auðsjáanlega heimild um byggð fyrir árið 1000 en kirkjur og bænhús er yfirleitt talið að hafi verið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við hvern bæ eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók, fornbréf og fornsögur. Elstu fornbréfin eru frá 13. öld og má af þeim fá nokkra hugmynd um byggðaskipun á svæðinu.

Landnáma greinir frá bræðrunum Bröndólfi og Má Naddoddssonum sem komu til Íslands og námu land í Hrunamannahreppi. Bröndólfur bjó á Berghyl en Már á Mástöðum en ekki er vitað hvar sá bær var. Már seldi síðar hluta af landnámi sínu til Þorbjarnar jarlakappa sem bjó á Hrepphólum. Síðan segir af Þorbrandi Þorbjarnarsyni og Ásbrandi syni hans sem námu Haukadal og svæðið þar um kring. Þeim þótti þrengja að sér og juku efri hluta Hrunamannahrepps við landnám sitt.<sup>15</sup> Skilin milli þessara landnáma Bröndólfs og Haukdæla eru ekki ljós, sérstaklega þar sem byggð í Hrunamannahreppi hefur náð nokkuð norðar fyrr á tíð en nú er. Engin sérstök ástæða er til þess að rengja þessar frásagnir af landnámi en fleiri bæja á svæðinu er ekki getið í Landnámu. Í grófum dráttum má ætla að Tungufellssókn hafi átt að vera hluti af landnámi Haukdæla og Þorbjörn jarlakappi hafi haft Hrepphólasókn en Hruna- og Reykjadalssóknir séu kjarninn í landnámi þeirra Bröndólfs og Más. Menn hafa reynt að staðsetja Mástaði og hafa menn nefnt í því sambandi Hruna, Hrunakrók, Hvítárholt og Árfellsstekkatún. Helgi Þorláksson reifaði þá skoðun sína í grein í *Árnesingi* að Hörgsholt sé hin forna landnámsjörð, en Hruna hafi verið skipt úr landi

---

<sup>15</sup> ÍFI, 382-384

Hörgsholts og síðar orðið eitt af höfuðbólum sveitarinnar.<sup>16</sup> Þessi þróun hefði getað verið á annan veg og vonlaust verk að sanna staðsetningu Músstaða. Best rannsakaða heimild um forna byggð í Hrunamannahreppi er landnámsbærinn Hvítárholt. Þar voru grafin upp fimm jarðhús og þrjár skálar með dæmigerðu víkingaaldarsniði. Þó allmiklar byggingar séu í Hvítárholti virðist byggðin þar ekki hafa staðið lengi, tæplega meira en mannsaldur, og virðist bærinn vera dæmi um frumbýli sem yfirgefið var eftir að landkönnun var lokið og fastari skipan komin á byggðina. Engin ótvíræð kuml hafa fundist í Hrunamannahreppi sem er einkennilegt í ljósi þess sem vitað er um forna byggð á svæðinu. Mörg hinna fornu bæjarstaða hafa orðið uppblástri að bráð og er því líklegt að eins hafi farið fyrir einhverjum kumlum en vel má vera að kuml leynist enn óhreyfð í jörðu. Sóknarkirkjur í hreppnum voru fjórar, í Tungufelli, Reykjadal, Hruna og Hrepphólum og eins og áður sagði er sennilegt að byggð hafi hafist snemma á jörðum þar sem kirkjur voru. Einnig er líklegt að sóknarkirkja hafi verið í Gröf en marka má máldaga Hrunakirkju.<sup>17</sup> Líklegt er að “Holtin” Unnarholt, Syðra-Langholt og Birtíngarholt hafi byggst mjög snemma, enda allt dýrar jarðir og ýmislegt sem bendir til þess að landnám í Hrunamannahreppi hafi hafist úr þessari átt. Athyglisvert er að í máldaga Hrunakirkju frá 1331 er getið um Hrunasel bæði.<sup>18</sup> Helgi Skúli Kjartansson nefnir að Hrunasel gætu verið Hrunakrókur, Kluftir eða jafnvel Hildarsel<sup>19</sup> en Helgi Þorláksson les þetta öðru vísi og telur selin eiga við Efra- og Syðra-Sel.<sup>20</sup> Ef túlkun Helga er rétt hvernig stendur þá á því að þessar jarðir sem á 18. öld voru taldar byggðar frá Gröf hefði áður verið selstöður frá Hruna. Hugsa mætti sér að byggð hefði hafist í Gröf snemma eftir landnám jafnvel að frumbýlingarnir í Hvítárholti hafi flust þangað og myndað litla kirkjusókn. Síðar hafi kirkja verið reist í Hruna, hún hafi gleypst Grafarkirkju og eignir hennar og þar með selstöðuna vestan Minni-Laxár. Skipholt hefur líklega byggst að vestan um Hvítá og þar gæti líka hafa verið sóknarkirkja á fyrstu öldum kristinnar. Einnig hafa Hrepphólar byggst nokkuð snemma, sennilega frá Holtabæjunum eða anga af landnámi Gnúpverjahrepps. Reykjadalur byggist sennilega um svipað leyti og Hrepphólar sem og Tungufell. Síðar hafa menn hafði byggð á jörðum eins og Miðfelli og Efra-Langholti og farið að skipuleggja byggðina út frá eigin jörðum. Telja má líklegt að á 10. öld hafi byggð verið hafin á Miðfelli, Syðra-Langholti, Laugum, Berghyl, Kaldbak, Hörgsholti, Laxárdal, Sólheimum, Bakka,

---

<sup>16</sup> Helgi Þorláksson: “Hruni” *Árnesingur V*, 43-52

<sup>17</sup> DI II, 665-666

<sup>18</sup> DI II, 665-666.

<sup>19</sup> Helgi Skúli Kjartansson: “Sóknir og kirkjur í Hreppum” *Árnesinguri IV*, 165

<sup>20</sup> Helgi Þorláksson: “Hruni” *Árnesingur V*, 55

Hellisholti, Unnarholti, Langholti efra, Hrafnkelsstöðum, Bryðjuholti og Skipholti. Í landi Foss hafa fundist merkilegir forngrípir, meintur Þórshamar frá víkingaöld og tvö spjót sem benda til fornrar byggðar þar og gætu raunar verið komin úr kumli. Aðrir fornir grípir hafa fundist á svæðinu svo sem spjót frá 10. öld sem fannst í landi Laxárdals og miðaldaöxi, mögulega frá víkingaöld, í landi Áss. Af framansögðu er ljóst að þegar á 10. öld hefur byggð verið komin um allt svæðið, sennilega á flestum lögbýlum sem þekkt eru frá seinni öldum.

Sérstaða Hrunamannahrepps er hin forna byggð uppi á afréttinni sem hefur verið rannsökuð allítarlega í gegnum tíðina. Landsvæðið sem þeir bæir eru á mun hafa heitið Hvítárhvammar eða Hvammar. Fyrsta heimild fyrir byggð á þessum slóðum er í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þeir greina frá því að áður fyrir hafi Tungufell staðið í miðri sveit. Síðan telja þeir upp eyðibýli sem þeir höfðu heyrt um: Stangarnes, Rógshóla, Laugar, Mörbúfur, Heygil, Þórarinsstaði, Harðavöll, Búrfell, Hrafnatóftir, Grjótártungu, Hrísalæki, Fosslækjartungu, Fremri- og Syðri-Ásgarð, alls 14 staði. Ekki er kveðið jafn sterkt að orði um byggð á öllum þessum stöðum. Tófta er getið á Laugum, Þórarinsstöðum, Stangarnesi og Hrafnatóftum og er þess einnig getið að kirkja hafi verið annaðhvort í Stangarnesi eða á Laugum.<sup>21</sup> Í fornleifaskýrslu sinni frá 1818 nefnir séra Jón Steingrímsson Búðártungu, Rógshóla, Laugar, Þórarinsstaði og Mörbúfur.<sup>22</sup> Þegar Brynjúlfur Jónsson leitaði tófta á afréttinni fann hann aðeins ótvíræð merki mannabyggðar á Laugum, Þórarinsstöðum, Rógshólum og Mörbúfum, en einnig var stórþýfi í Hrafnatóftum sem hann taldi að gæti verið byggingaleifar. Helsta niðurstaða hans var að aðeins örfáir hinna nafngreindu staða hafi verið byggðir en allt hitt væru ýkjur.<sup>23</sup> Vitað er að Búðártunga var byggð á 17. öld en ætla má að margir bæjanna sem taldir eru í jarðabókinni séu þjóðsögur einar enda eru þeir nyrstu upp undir Kerlingafjöllum. Hins vegar er ljóst að byggð var í Stangarnesi, Rógshólum, Mörbúfum, Laugum og Þórarinsstöðum sem lagðist af fyrir 1104.<sup>24</sup> Í Vilkinsmáldaga frá 1397 er þess getið að Hólakirkja eigi afrétt til Þórarinsstaða og er þetta eina miðaldaheimildin

---

<sup>21</sup> JÁM II, 274-276

<sup>22</sup> FF, 213

<sup>23</sup> Brynjúlfur Jónsson: "Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1896*, 3-11

<sup>24</sup> Kristján Eldjárn: "Eyðibygð á Hrunamannaafretti" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48*, 1-43; Sigurður Þórarinsson: "Örlög byggðarinnar á Hrunamannaafretti í ljósi öskulagarannsóknna" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48*, 46, 54, 57, 59. Þegar KE og SP rituðu greinar sína var öskufallið úr Heklu talið frá 1300, menn hafa síðar leitt að því rökum að það hafi fallið 1104 og því má færa ártölin úr greinunum aftur um 2 aldir.

um þessa byggð.<sup>25</sup> Að vísu er getið um Laugar tvennar í máldaga Hrunakirkju frá 1331 en þar gæti verið át við að tvíbýli hafi verið á Laugum sem eru sunnar í hreppnum.<sup>26</sup> Bæirnir Laugar og Þórarinsstaðir eiga sér nafna sunnar í hreppnum og hafa margir bent á hugsanleg tengsl þar á milli, til dæmis á þann veg að bændur þeir sem brugðu bú í Hvömmum hafi stofnað nýbýli sunnar í hreppnum og haldið sömu nöfnum. Fátt mælir á móti því nema ef væri að bænhús var að Laugumsem gæti bent til að byggðin þar standi á fornum meiði. Hitt kæmi líka til greina að bænhús hafi verið að Laugum í Hvömmum og það hafi verið endurreist með býlinu eftir flutninginn.

Í máldögum kirkna í hreppnum er að finna mikinn fróðleik um byggð og má skoða hvenær jarðir eru fyrst nefndar í skjölum, þegar aðrar vísbendingar eru ekki fyrir hendi um forna byggð. Máldagar Tungufellskirkju eru frekar rýrir af upplýsingum. Þó má sjá að árið 1331 liggja aðeins 2 bæir undir kirkjuna sem hafa þá sennilega verið Hlíð og Foss því vitað er að Jaðar byggðist fyrst á 17. öld og Haukholt var sennilega í Reykjadalssókn ef marka má bréf frá 1493.<sup>27</sup> Í máldaga Hrunakirkju frá 1331 er getið um Kaldbak, Þórarinsstaði, Langholt efra, Hrafnkelsstaði, Hellisholt, Bakka, Bryðjuholt, Berghyl, Hörgsholt, Laxárdal, Sólheima, Hrunasel bæði (ekki er vitað hvar þau voru), Ísabakka, Kópavatn, Gröf, Lauga tvenna, Skipholt, Haukholt og Jötu.<sup>28</sup> Í máldaga Hrepphólakirkju frá árunum 1282-91 er getið um Bakkaland, Miðfell, Neðra-Langholt og Unnarholt.<sup>29</sup>

Ætla má að betri jarðir séu jafnframt þær sem fyrr voru byggðar. Því má ætla að lögbýli sem hvergi eru nefnd í heimildum fyrr en á 18. öld hafi byggst jafnvel strax á miðöldum, svo sem Hlíð, Kluptar, Galtafell og Birtingaholt. Þau eru að minnsta kosti eldri en elstu hjáleigur í hreppnum. Arfsagnir greina frá því 1709 að Syðra- og Efra-Sel hefðu áður verið ein jörð og þá hjáleiga frá Gröf.<sup>30</sup> Fáar hjáleigur koma við sögu fyrr en með jarðatali 1709 og erfitt að giska á hvenær þær byggðust nema Jaðar sem vitað er að byggðist 1671,<sup>31</sup> Högnastaðir voru fyrrum háleiga en urðu lögbýli fyrir 1709. Einnig hafa fundist merki um

---

<sup>25</sup> DI IV, 45

<sup>26</sup> DI II, 665-666

<sup>27</sup> DI II, 667; DI VII, 176

<sup>28</sup> DI II, 665-666. Helgi Skúli Kjartansson nefnir að Hrunasel gætu verið Hrunakrókur, Klúftir eða jafnvel Hildarsel. Helgi Skúli Kjartansson: "Sóknir og kirkjur í Hreppum" *Árnesingur* IV, 165 Helgi Þorláksson les þetta öðru vísi og telur selin eiga við Efra- og Syðra-Sel. Helgi Þorláksson: "Hruni" *Árnesingur* V, 55

<sup>29</sup> DI IV, 45-46

<sup>30</sup> JÁM II, 244-245

<sup>31</sup> JÁM II, 271

forna byggð í Hrunakrók, hvort sem þar hefur verið reist hjábýli eða arfsagnir um að kirkjustaðurinn hafi fyrst staðið þar eigi við rök að styðjast.<sup>32</sup>

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847.

Nr. fornl. nafn býlis	í byggð	Nr. fornl. nafn býlis	í byggð
ÁR-294:013 Byggðarholt	ekki vitað	ÁR-321:005 Móakot	byggð f. 1709
ÁR-295:042 Skógarkot	um 1660-1693	ÁR-323:008 Efra-Hólkot	byggð f. 1709
ÁR-296:006 [nafnlaust]	fyrir 1104	ÁR-323:009 Villla	f. 1709
ÁR-297:022 [nafnlaust]	ekki vitað	ÁR-331:010 Lindarhamar	f 1709
ÁR-299:009 Laugakot	byggð f. 1709	ÁR-331:011 Smyrilshattur	1679-1691
ÁR-301:008 Strilla	byggð um 1660	ÁR-331:022 Gráklettur	ekki vitað
ÁR-301:009 Moðgerði	um 1680-1690	ÁR-337:016 [nafnlaust]	í eyði f. 1104
ÁR-301:018 Grímsstaðir	ekki vitað	ÁR-339:011 Auðnugil	í eyði f. 1104
ÁR-306:003 Kaldb.hrísar	um 1670	ÁR-342:007 Skipholtskot	í byggð 1781
ÁR-306:049 [nafnlaust]	ekki vitað	ÁR-342:012 Kotið	ekki vitað
ÁR-307:008 E-Grímsstaðir	ekki vitað	ÁR-342:019 [nafnlaust]	á miðöldum
ÁR-307:009 N-Grímsstaðir	ekki vitað	ÁR-343:007 Haukholttakot	byggð um 1660
ÁR-308:005 [nafnlaust]	landnámsöld	ÁR-343:008 Tjóanstaðir	fyrir 1700
ÁR-308:006 Skrautholt	f 1709, 1760-70	ÁR-643:011 Borg	ekki vitað
ÁR-308:014 Mundatuðra	ekki vitað	ÁR-682:001 Nýibær	um 1773-1777
ÁR-208:027 [nafnlaus]	ekki vitað	ÁR-683:001 Búðártunga	um 1660-1664
ÁR-308:049 Handarprýði	ekki vitað	ÁR-683:002 Búðárbakki	um 1664-1674
ÁR-310:003 Miðfell	ekki vitað	ÁR-683:003 Stangarnes	fyrir 1104
ÁR-310:011 Stöðulfoss	ekki vitað	ÁR-683:004 Rógshólar	fyrir 1104
ÁR-311:005 Sólleimakot	fyrir 1709	ÁE-683:005 Mörpúfur	fyrir 1104
ÁR-311:006 Skriða	fyrir 1670	ÁR-683:006 Heygil	ekki vitað
ÁR-312:005 Skrautás	f. 1709-1929	ÁR-683:007 Harðivöllur	ekki vitað
ÁR-312:006 Lambhús	f. 1695	ÁR-683:008 Hrafnóftir	ekki vitað
ÁR-312:007 Launfit	f 1700	ÁR-683:009 Grjótártunga	ekki vitað
ÁR-313:020 Grímstún	ekki vitað	ÁR-683:010 Hríslækir	ekki vitað
ÁR-314:006 Grafarbakkaasel	um 1660	ÁR-683:011 Fosslækjart.	ekki vitað
ÁR-314:021 [nafnlaust]	ekki vitað	ÁR-683:012 Ásgarður N.	ekki vitað
ÁR-315:005 Grafargil	fyrir 1670	ÁR-683:013 Ásgarður S.	ekki vitað
ÁR-317:008 Hellisholtakot	f 1709-1778	ÁR-683:014 Djáknadyngja	ekki vitað
ÁR-317:021 Glampi	ekki vitað	ÁR-683:015 [Nafnlaust]	ekki vitað
ÁR-319:007 Grænagerði	ekki vitað	ÁR-683:017 Laugar	fyrir 1104
ÁR-319:008 Grænagerðiskot	ekki vitað	ÁR-683:011 Þórarinsstaðir	fyrir 1104

Af þessari töflu má sjá að langtum mest kotbyggð hefur verið á árabílinu 1500-1800, eins og víðast hvar annarsstaðar á landinu, hins vegar er óvanalegt að engin kot séu skráð sem byggðust eftir 1800. Síðan er auðvitað mjög athyglisvert hve búið er að rannsaka margar tóftir á svæðinu og sanna þar byggð fyrir 1104. Stór hluti þeirrar byggðar hefur farið í eyði vegna uppblásturs en hins vegar er ekki hægt að sjá hvort byggð í Hrunamannahreppi hefur verið mikið fjölmennari þá eða hvort bændur þeir er brugðu búi vegna uppblásturs fluttu sig á grónari svæði og byggðu þar nýbýli.

<sup>32</sup> JÁM II, 271; Sigurjón Helgason: "Fornbýli við Hrunakrók og sögnin um forna Hruna" *ÁrnesingurI*, 25-42



### 3. Skrá yfir fornleifar í Hrunamannahreppi

#### ÁR-294 Hamarsholt

1709: “Hamarsholtt, gömul hjáleiga frá Túngufelli, helst almennilega fyrir fjórðung jarðarinnar. Þá Jaðar reiknast með Túngufelli heima.” JÁM II, 272. Í eyði frá 1875, land jarðarinnar lagt undir Jaðar. “Landið er stórt, en hefur legið undir áföllum af uppblæstri.” SBI, 215. “Árið 1912 var afréttargirðing girt og var þá stór hluti af Hamarsholtslandi í afréttinum. Árið 1978 keypti sveitin það land.” Ö-Hamarsholt GG, 1 Fram til 1953 var land Tungufells, Jaðars og Hamarsholts óskipt. Ö-Tungufell SH, 2 Jaðar II er land fornu Jaðarsjarðarinnar, Jaðar I er í landi Hamarsholts. Ö-Jaðar GG, 1 “Haglendi er gott, þurrlegt, grasgefið og skjólsamt. Mikið af gróðu ræktunarlandi, en ekki nýtanlegt vegna vegleysu og fjarlægðar frá heimajörðinni.” SBI, 215

#### ÁR-294:001 Hamarsholt bæjarhóll bústaður

“Hamarsholt stóð sunnan í aflöngum ás Hamarsholtsás. Tóftirnar eru mjög greinilegar ennþá. Túnið er að mestu suður og vestur að tóftunum.” segir í örnefnaskrá GG “Bærinn Hamarsholt fór í eyði árið 18. en bæjartættarnar, sem voru hlaðnar úr grjóti, eru enn að mestu leyti uppistandandi.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 2; Ö-Hamarsholt VB, 1

#### ÁR-294:002 heimild um túngarð

“Túngarður sést ennþá greinilega.” segir í örnefnaskrá GG Í örnefnaskrá VB segir að engin túngarður hafi verið.

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 2; Ö-Hamarsholt VB, 1

#### ÁR-294:003 heimild um rétt

“Austan við gilið [Móagil] eru smá torfur. Þar sést fyrir fjárrétt. Þar hefur líklegar verið Stöðultorfa.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3

#### ÁR-294:004 Gvendarvörður varða

“Um 100 metrum frá Brekkunum er lítill grjóthóll með tveimur vörðubrotum. Heita þær Gvendarvörður.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3

#### ÁR-294:005 Leikuvað heimild um vað

“Leikuvað nefnist vað á Hvítá dálítið ofan við fossinn [Gullfoss].” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt VB, 1

#### ÁR-294:006 Vörðuásar örnefni

“Frá ásnum [Hamarsholtsásnum] og inn að gilin eru líklega Bakkar. Framan við það vestast Vörðuásar.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3

#### ÁR-294:007 varða

“Frá ásnum [Hamarsholtsásnum] og inn að gilin eru líklega Bakkar. Framan við það vestast Vörðuásar. Innan við gilið vestur við á er Vindás. Á honum er varða.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3

#### ÁR-294:008 tóft stekkur

“Skammt fyrir innan Hamarsholtsásinn fellur gil vestur í Hvítá, Stekkatúngil. ... Frá ásnum [Hamarsholtsásnum] og inn að gilin eru líklega Bakkar. Framan við það vestast Vörðuásar. Innan við gilið vestur við á er Vindás. Á honum er varða. Lítið eitt upp með gilinu innan við það er Stekkatún. Þar sést fyrir húsatóftum.” segir í örnefnaskrá GG “Stekkatúngil kemur norðan við Skollatorfu rennur til norðvesturs og út í Hvítá. Það er yfirleitt vatnslítið. Við gilið að norðan við Stekkatún. Þar var fjárhús, sem tók 50-60 kindur. Voru þar líklega ær, og nafnið bendir til, að þar hafi verið stekkur. Tóftin, sem er úr grjóti, sést enn. Þar nálægt hafa verið Stekkatúnslágar og Stóraflag ...” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3; Ö-Hamarsholt VB, 3

**ÁR-294:009** heimild um fjárhús

“Drjúgan spöl fyrir innan Miðgil er Illagil. Það er djúpt og rennur í gljúfra á kafla. Þar sem það nálgast Hvítá beygir það og rennur í svipaða stefnu og hún. Þannig myndar það Illagilstanga. Í honum er fjárhústóft.” segir í örnefnaskrá GG “Illagilstangi nefnist tungan milli Illagils og Hvítár, og er hann enn gróinn. Þar er sauðahústóft og hringlaga hlöðutóft, og tó húsið 50-60 kindur.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3; Ö-Hamarsholt VB, 4

**ÁR-294:010** *Hrústígur* heimild um leið

“Drjúgan spöl fyrir innan Miðgil er Illagil. Það er djúpt og rennur í gljúfra á kafla. Þar sem það nálgast Hvítá beygir það og rennur í svipaða stefnu og hún. Þannig myndar það Illagilstanga. Í honum er fjárhústóft. Hrústígur er vafalaust yfir það einhvers staðar.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 3

**ÁR-294:011** *Búðará* örnefni

“Búðá fellur í Hvítá töluvert innar. Þar austur af er Þorsteinshöfði. Er hann all hár og innst á honum er berar klappir með stórum stöðum steinum. Þar vottar fyrir fallegu stuðlabergi. Þar er forn refagildra hlaðin úr steinum.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 4

**ÁR-294:012** heimild um refagildru

“Búðá fellur í Hvítá töluvert innar. Þar austur af er Þorsteinshöfði. Er hann all hár og innst á honum er berar klappir með stórum stöðum steinum. Þar vottar fyrir fallegu stuðlabergi. Þar er forn refagildra hlaðin úr steinum.” segir í örnefnaskrá GG

“Þorsteinshöfði nefnist allstór kletthöfði skammt austan við Búðará, þar sem hún fellur í Hvítá. Efst uppi á höfðanum eru leifar af refagildru. Skýring á nafninu er sú, að um 1730 bjó sá bóndi í Tungufelli, er Þorsteinn hét, og varð hann ósáttur jarðeigandanum, sem var Magnús lögmaður í Bræðratungu, og tókst honum að fá Þorstein dæmdan útlægan frá Tungufelli. “Gjörði Þorsteinn sér nú hreysi í höfða þeim inn við Búðará, sem síðar heitir Þorsteinshöfði”. Vel má vera, að Þorsteinn hafi gert sér hreysi í gamalli seltóft, og staðurinn síðan verið nefndur Byggðarhorn [013].” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 4; Ö-Hamarsholt VB, 4

**ÁR-294:013** *Byggðarhorn* bæjarstæði býli

“Búðá fellur í Hvítá töluvert innar. Þar austur af er Þorsteinshöfði. Er hann all hár og innst á honum er berar klappir með stórum stöðum steinum. Þar vottar fyrir fallegu stuðlabergi. Þar er forn refagildra hlaðin úr steinum. Vestan í Höfðanum virðist sjást fyrir einhverjum mannaverkum, sem gæti verið Byggðarhorn.” segir í örnefnaskrá GG Í annarri örnefnalýsingu segir að Byggðarhorn hafi verið eyðibýli. “Byggðarhorn þekkist nú ekki, en ÞB telur, að þar hafi verið eyðibýli, en aðrar heimildir um það eru ekki kunnar.” segir í örnefnaskrá VB

“Þetta eyðibýli hefur líklega verið austan við Blálækjarhöfða og norðan við safnhliðið. Þar er landið mishæðótt og að miklu leyti uppblásið, og fyrir nokkrum árum fundu þar Halldór Gestsson og Guðm. Jónsson leifar af e.k. mannabústað, og voru þær að mestu uppblásnar. Nafnið bendir til, að þar hafi um tíma verið innsti byggði bær sveitarinnar. Selgrófir [014] þekkjast nú ekki heldur, en hafa líklega verið svæðið umhverfis Byggðarhorn, og er líklegt, að þar hafi verið sel og e.t.v. ekki önnur byggð.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 4; Ö-Hamarsholt, 3

**ÁR-294:014** *Selgrófir* örnefni sel

Í örnefnaupptalningu eru Selgrófir nefndar eftir Byggðarhorni, sjá 013 “Þetta eyðibýli [013] hefur líklega verið austan við Blálækjarhöfða og norðan við safnhliðið. Þar er landið mishæðótt og að miklu leyti uppblásið, og fyrir nokkrum árum fundu þar Halldór Gestsson og Guðm. Jónsson leifar af e.k. mannabústað, og voru þær að mestu uppblásnar. Nafnið bendir til, að þar hafi um tíma verið innsti byggði bær sveitarinnar. Selgrófir þekkjast nú ekki heldur, en hafa líklega verið svæðið umhverfis Byggðarhorn, og er líklegt, að þar hafi verið sel og e.t.v. ekki önnur byggð.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt, 3; Ö-Hamarsholt VB, 4

**ÁR-294:015** heimild

“Þorsteinshöfði nefnist allstór kletthöfði skammt austan við Búðará, þar sem hún fellur í Hvítá. Efst uppi á höfðanum eru leifar af refagildru [012]. Skýring á nafninu er sú, að um 1730 bjó sá bóndi í Tungufelli, er Þorsteinn hét, og varð hann ósáttur jarðeigandanum, sem var Magnús lögmaður í Bræðratungu, og tókst honum að fá Þorstein dæmdan útlægan frá Tungufelli. “Gjörði Þorsteinn sér nú hreysi í höfða þeim inn við Búðará, sem

síðar heitir Þorsteinshöfði”. Vel má vera, að Þorsteinn hafi gert sér hreysi í gamalli seltóft, og staðurinn síðan verið nefndur Byggðarhorn [013].” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt VB, 4

**ÁR-294:016** *Hamraholtsmóri* þjóðsaga draugur

Hamraholtsmóri er draugur ungs drengs sem varð úti við Gvendarvörður eftir að hafa verið sendur burt af bóndanum og gekk hann aftur til að ásækja bóndann.

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 6

**ÁR-294:017** *Nónvörður* varða eyktamark

“Allmikið vestar [en Miðmundarholt] er djúp laut sem skerst fram í Jaðarsfjall og heitir hún Nónklauf. Lítið eitt vestar, innst og vestast á fjallsbrúninni eru klapparhólar með vörðum á. Eru það Nónvörður.” segir í örnefnaskrá GG “Nónvörður nefnast 3 vörður, en ein er þó hrunin, sem eru austan við Nóntorfur en suðvestur frá bænum. Hafa þær líklega verið hlaðnar sem eyktamörk.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 5; Ö-Hamarsholt VB, 2

**ÁR-294:018** heimild um fjárhús

“Stekkatúnsgil kemur norðan við Skollatorfu rennur til norðvesturs og út í Hvítá. Það er yfirleitt vatnslítið. Við gilið að norðan við Stekkatún. Þar var fjárhús, sem tók 50-60 kindur. Voru þar líklega ær, og nefnið bendir til, að þar hafi verið stekkur [008]. Tóftin, sem er úr grjóti, sést enn. Þar nálægt hafa verið Stekkatúnslágar og Stóraflag ...” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt VB, 3

**ÁR-294:019** *Gildruhöfði* örnefni refagildra

“Gildru gil er að líkindum annað nafn á Stóragili. Gildruhöfði er líklega höfði nálægt upptökum Stóragils, og nafnið bendir til að uppi á höfðanum hafi verið refagildra.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt VB, 3

**ÁR-294:020** heimild um vað

“Illagil kemur upp sunnan við safnhliðið á afréttargirðingunni og rennur í nokkrum krókum vestur í Hvítá. Það er mjög vatnsmikið í leysingum og er ófært yfirferðar með hesta nema á einum stað, um 300 m austan við Hvítá.” segir í örnefnaskrá VB

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt VB, 3

**ÁR-294:021** garðlag

“Fyrrum var leiðin úr Hrunamannahreppi og inn á afrétt [ÁR-681:001] , inn Tungufellsdal og inn Deild eins og nú er. Innst í Deild var síðan farið vesturá við og inn með Hádegishæð að vestan. Innan til frá hæðinni var heimreiðin að Hamarsholti og sést ennþá fyrir djúpum tröðum heim túnið. Afréttarleiðin lá vestan við Skollatorfu. Stuttu innar sveigði hún lítið eitt vesturá við og yfir Miðgilið austan til. Nokkru innar er hlaðinn grjótgarður að koma undan háu rofaarði. Stefna garðsins er þvert á stefnu Hvítár.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 6

## ÁR-295 Tungufell

20 hdr. 1686., 30 hdr 1709 með Jaðri og Hamarsholti, þar af 10 hdr kirkjueign, þá var og eyðihjáleigan Skógarkot. JÁM II, 270-273. Kirkjustaður. c. 1200 er jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII 7 [1331]: Máldagi kirkjunnar: “Kirkia j tunngufelli a suo mikid j heima lanndi sem prestz skyllid heyrer. ... þangad liggia vnndir ij bæir. þar skal vera prestur heimilisfastur.” DI II 667 1397: Máldagi kirkjunnar : “a so mikid i heimalandi sem prestskyllid heyrer til Þangad liggia vnder ij bæer Þar skal vera prestur heimilisfastur” DI IV 42. [1553-54]: Máldagi kirkjunnar DI XII 660. 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 649. 1669: Siguður Guðnason selur Brynjólfi Sveinssyni 5 hdr í Tungufelli. Srynjólfur Sveinsson biskup gefur Sveini Torfasyni þessi 5 hdr. Jarðabréf, 11. Landmikil jörð, um 3000 ha. Fram til 1953 var land Tungufells, Jaðars og Hamarsholts óskipt. Ö-Tungufell SH, 2

1709 segir að vikur úr Heklu hafi eyðilagi nokkurt af skóglendi jarðarinnar. JÁM II, 271. 1921: Tún 6,8 ha, um 4/5 slétt, garðar 9,28 arar. “Landið er þurrleitt og mikið af góðu ræktunarlendi. Haglendi er víðáttumikið, grasgefið og gott til beitar. Gróður fjölbreyttur og hvarvetna góð skjól. Nokkur uppblástur er á landi, sem næst liggur afrétt, innan við afréttargirðingu sveitarinnar.” SB I, 216

**ÁR-295:001** *Tungufell* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:002** heimild um kirkju  
TUNGUFELL Í HRUNAMANNAHR. (Á) (REYKJADALSANNEXÍA)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[1331]: Tungufell.

Kirkia j tunngufelli a suo mikid j heima lanndi sem prestz skyllid heyrer.

kyr. ij. eina a oc xx.

messoklædi oc kalek. krossa fiora. tiolld vmmhuerfis sig. slopp oc kantara kapu. kluckur fiorar. ketil oc merki. munnlog. kertistiku. glodaker iij. alltara klædi med dukum. paxspialld. x aura j bokum. iij merkur vax oc reykelsi. fontklædi.

þangad liggia vnndir ij bæir.

þar skal vera prestur heimilisfastur. Máld DI II 667

1397: a so mikid i heimalandi sem prestskyllid heyrer til

þangad liggia vnder ij bæer

þar skal vera prestur heimilisfastur

Reiknadist portio ecclesie vmm viij ar halft þridia hundrad. oc fiell nidur fyrer kirkiu vppgiord; Máld  
DI IV 42

[1553-54]: Máld DI XII 660

1575: Máld DI XV 649

21.7.1819: Reykjadalprestakall lagt niður og Tungufell gert að annexíu frá Hruna; (PP, 83) [konungsbréf]

**Heimildir:** DI

**ÁR-295:003** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:004** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:005** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:006** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:007** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:008** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295:009** *Haukholtavað* heimild um vað

“Áður en Dalsá var brúuð lá vegurinn upp að Tungufelli, yfir hana á Haukholtvaði rétt þar ofan við, sem brúin er nú.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 4

**ÁR-295:010** *Hlíðarvað* heimild um vað

“Áður en Dalsá var brúuð lá vegurinn upp að Tungufelli, yfir hana á Haukholtvaði rétt þar ofan við, sem brúin er nú. Um 700 m ofar var annað vað, Hlíðarvað, og sér þar vel fyrir götum og virðist hafa verið rudd braut þar að.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 4

**ÁR-295:011** heimild um leið

“Áður en Dalsá var brúuð lá vegurinn upp að Tungufelli, yfir hana á Haukholtvaði rétt þar ofan við, sem brúin er nú. Um 700 m ofar var annað vað, Hlíðarvað, og sér þar vel fyrir götum og virðist hafa verið rudd braut þar að.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 4

**ÁR-295:012** *Breiðaveita* heimild um áveitu

“Vestan og norðan við Grastungu er Breiðaveita sléttar flatir, sem áður voru áveituengjar en eru nú tún. Hún skiptist í Framveitu og Norðurveitu, framan og ofan við Stóralæk, sem áður rann þar vestur í Hvítá en rennur nú í skurði með veginum fram í Dalsá.” segir í örnefnaskrá SH “Breiðaveita nefnist slétt vallendisstykki sunnan við Stóralæk, og nær það vestur undir Hvítá, og var læknum veitt þar yfir á vorin þar til vegurinn kom 1952. Nú hefur Breiðaveita verið ræktuð.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 4; Ö-Tungufell GJ, 3

**ÁR-295:013** *Breiðuveitukofi* heimild um hesthús

“Reyrdalur var grunn laut vestan við Breiðuveitu fremst. ... Skammt þar frá var lítill kofi, Breiðuveitukofi. Hann var síðast notaður sem hesthús, fyrir 1950.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 5

**ÁR-295:014** *Veitugarður* heimild

“Torfgarður lá áður niður með Kirkjuveitunni neðanverðri að vestan og kallaðist Veitugarður.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 5

**ÁR-295:015** heimild um áveitu

“Lindarveita nefnist hallinn austan við Húðarhól frá bæjarhlaðinu norður að Stóralæk. Áður fyrr rann Heimalækurinn ofan við Lindarveitu, en hann var hluti af Stóralæknum, sem veitt var heim undir bæ og rann neðan við Kirkjulækinn vestur á Jaðarstún. Vatn var sótt í Heimalækinn, áður en vatnsleiðsla kom um 1926, og lengi eftir það var lækurinn notaður við þvott o.fl.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 5-6

**ÁR-295:016** heimild um vatnsból

“Lindarveita nefnist hallinn austan við Húðarhól frá bæjarhlaðinu norður að Stóralæk. Áður fyrr rann Heimalækurinn ofan við Lindarveitu, en hann var hluti af Stóralæknum, sem veitt var heim undir bæ og rann neðan við Kirkjulækinn vestur á Jaðarstún. Vatn var sótt í Heimalækinn, áður en vatnsleiðsla kom um 1926, og lengi eftir það var lækurinn notaður við þvott o.fl.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 5-6

**ÁR-295:017** heimild um þvottastað

“Lindarveita nefnist hallinn austan við Húðarhól frá bæjarhlaðinu norður að Stóralæk. Áður fyrr rann Heimalækurinn ofan við Lindarveitu, en hann var hluti af Stóralæknum, sem veitt var heim undir bæ og rann neðan við Kirkjulækinn vestur á Jaðarstún. Vatn var sótt í Heimalækinn, áður en vatnsleiðsla kom um 1926, og lengi eftir það var lækurinn notaður við þvott o.fl.” segir í örnefnaskrá SH “Dálítill þró, hlaðin úr grjóti, var í læknum sunnan við bæinn, og féll vatnið ofan í hana fram af sléttri hellu. Við þróna var steinn, sem þvottur var klappaður á.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 5-6

**ÁR-295:018** *Litlukálgarðar* heimild um kálgarð

“Litlukálgarðar voru fornir, vallgrónir matjurtagarðar á suðurbakka Heimalækjar, sunnan við bæ.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 6

**ÁR-295:019** *Fjóslág* örnefni fjós

“Fjóslág var þar nærri sem íbúðarhúsið er nú og Sveinabreka, brekkan þar fyrir ofan.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 6

**ÁR-295:020** *Fornufjós* heimild um fjós

“Fjóslág var þar nærri sem íbúðarhúsið er nú og Sveinabreka, brekkan þar fyrir ofan. Vestan við hana, við mörkin voru Fornufjós, vallgrónar tættur, sem nú hafa verið sléttadar út.” segir í örnefnaskrá SH. “Rústin var sléttuð út með ýtu um 1945. Kom þá í ljós hringlaga hleðsla um 5 m í þvermál, sem mun hafa verið hlaða. Svona hlöðu voru líka við Skógarkot og Dalhús. Einnig var svona hlaða í Stekkatúninu í Hlíð.” segir í örnefnaskrá GJ “Ofanvert við hann, við mörkin, eru Fornufjós. Þar voru miklar tóftir, sem búið er að slétta. Þar áttu að hafa verið fjós frá Tungufelli. Frá þeim var laut og greinilegur veggur í átt að Tungufellsbænum. Þar áttu að hafa verið göng á milli.” segir í örnefnaskrá Jaðars.

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 6; Ö-Tungufell GJ, 1; Ö-Jaðar GG, 2

**ÁR-295:021** *Hlöðuhús* heimild um fjárhús

“Sauðhóll er hátt hóll efst í túninu austan við Sléttatún. Hann er með brattri brekku að vestan, Sauðhólsbrekka, en flatur að ofan. Uppi á hólum er fjárhús, Hlöðuhús, en hlaðin við það var kölluð Upphlaða.” segir í örnefnaskrá SH. “Þar hefur lengi verið fjárhús, nú síðast fyrir 130 ær og var það byggt 1938, en eldra hús þar tók 70 ær, en þá var þar ekki hlaða. Ær voru þar síðast um 1974, en húsið er þó enn notað á vorin.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 6; Ö-Tungufell GJ, 1

**ÁR-295:022** *Innileguhús* heimild um fjárhús

“Efst í túninu austan við Sauðhól er Krókvöllur. Innileguhús er fjárhús neðst í Krókvelli. Eins og nafnið bendir til, voru ær látnar liggja þar inni á nóttunni, en á daginn var þeim beitt þegar veður og hagar leyfðu.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 6-7

**ÁR-295:023** *Stöðulhús* heimild um lambhús

“Ofan við Kinnina er djúpur skorningur, Stöðulgil, og austan við það Stöðullinn, hallandi vallendisblettur á móti suðri. Þar var lambhús, Stöðuhúsið og fjárrétt.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 7

**ÁR-295:024** *Stöðulgarður* heimild

“Ofan við Stöðullinn er gamall torfgarður, Stöðulgarður. Þegar túnin voru girt 1912, var girðing sett á garðinn.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 7

**ÁR-295:025** *Guddulaug* álagablettur

“Stórilækur kemur upp í Lækjarbotnum austan við Stöðulinn. Þar eru margar uppsprettur, 9-14°C. Ein er Guddulaug við allstóran stein austan við lækinn rétt upp undir upptökum hans. Óvíst er, hvort Kötulaug sé annað nafn á Guddulaut, eða hvort það eigi við aðra lind. Vatnið úr Guddulaug var talið einstaklega heilnæmt og jafnvel læknisdómur.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 7

**ÁR-295:026** heimild um áveitu

“Fram undan Stöðlinum var áður fyrirhleðsla í læknum, og var Heimalæknum veitt þaðan heim að bæ.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 8

**ÁR-295:027** *Geldingur* heimild um hesthús

“Vik inn í túnið ofan við Rosabarð [Framan við Lambalæk] kallast Krókur. Þar var Geldingur, kofi, sem síðast var notaður sem hesthús. Hann var byggður um 1930 og fékk nafn af því, að þar voru fyrst hýstir geldingar (sauðir á 1. ári).” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 8-9

**ÁR-295:028** *Þýfiskofi* heimild

“Austan við Stóralæk, þar sem vegurinn liggur nú austur frá bænum, var lítill túnblettur, Þýfiskofatún, og smákofi, Þýfiskofi, neðst í túninu.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 9

**ÁR-295:029** *Þorsteinsvarða* heimild

“Innarlega á Kjölum, þar sem hann er hæstur, var Þorsteinsvarða á hól rétt norðan við vegin. Varðan, sem nú er horfin, var kennd við Þorsteins Kolbeinsson, ...” segir í örnefnaskrá SH. Steindrangurinn var tekinn 1907.

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 9; Ö-Tungufell GJ, 5

**ÁR-295:030** stífla áveita

Dalsá rennur suðaustan undir Kjölum, og þar er Kerlingarfoss um 5 m hár. Litlu neðar var áin “tekin upp” á vorin, eins og það var kallað. Var þá sett fyrir hleðsla úr grjóti í ána, svo að hluti hennar rann í skurði heim á Tungufellsengjar og Jaðarsþýfi. Vatnsmagn í Lambalæk og neðanverðum Stóralæk margfaldadist þá, og vatnið

flæddi um áveituengjarnar, sem áður eru nefndar. Áveitan var notuð fram undir 1950.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 9-10

**ÁR-295:031** *Skógarvað* heimild um vað  
“Framan við Kjölín er Skógarvað á Dalsá.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:032** *varða* landamerki  
“Vesturfjall nefnist fjallsraninn, sem bæirnir Tungufell og Jaðar standa framan undir, og eru hluti þess í landi Jaðars. Fremsti og vestasti hlutinn nefnist Fell og nær upp að Háöldu, bröttum hnjúk með vörðu í mörkum milli bæjanna, um 900 m ofan við þá.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:033** heimild um leikvöll  
“Í brekkunni framan í Fellinu, rétt ofan við túnið, léku Tungufellsbræður sér að leggjum og kölluðu Leggjabrekku upp úr aldamótunum 1900, og helzt það nafn enn.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:034** *Leitisvarða* varða  
“Hæðardrögin austan við Fellið, en innan við Lækjarbotna og Kjalardal, nefnast Leiti. Austan til á Leitinu er varða, Leitisvarða.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:035** *Bjarnarvarða* varða  
“Hæðardrögin austan við Fellið, en innan við Lækjarbotna og Kjalardal, nefnast Leiti. Austan til á Leitinu er varða, Leitisvarða. Um 80 m sunnar eru leifar af annarri vörður, Bjarnarvörðu.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:036** *varða*  
“Hæðardrögin austan við Fellið, en innan við Lækjarbotna og Kjalardal, nefnast Leiti. Austan til á Leitinu er varða, Leitisvarða. Um 80 m sunnar eru leifar af annarri vörður, Bjarnarvörðu. Vörðurnar sem eru innar, heita víst ekkert.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:037** *varða*  
“Vörðuás er hnjúkur með vörðu, á fjallsbrúninni austan við Háöldu.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 10

**ÁR-295:038** heimild um fjárhús  
“Um 400 m innan við Vörðuás [037] er Uxaskalli, lágur hóll á austurbrún fjallsins. Nokkru innar eru Stóru-Þverbrekkur, brattar, kjarri vaxnar brekkur undir Þverbrekknahnjúkum fremst á hábrún fjallsins. Vestan til í brekkunum eru fjárhústóftir frá því skömmu fyrir aldamótin 1900.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 11

**ÁR-295:039** *Háasel* tóft sel  
“Austan við Þverbrekknahnúka [sjá 038] eru hamrar í fjallsbrúninni, og heitir þar Háasel. Miðás er stakur hnjúkur austan við Háasel. Lávaxið birkikjarr er í brekkunum sunnan og vestan í ásnum. Í kvosinni þar á milli eru fornar tættur og gætu verið af seli, sem nefnt hafi verið Háasel.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 11

**ÁR-295:040** *Tæpastígur* heimild um leið  
“Litlanes er fit við Dalsá austan við Kjölinn. Rétt þar innan við fellur Dalsá upp undir brekkurætur austan í Leitinu., Þar er klapparhóll við ána, Tæpastígshóll, en reiðgatan þar með ánni var kölluð Tæpastígur.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 11

**ÁR-295:041** heimild um manndómsraun  
“Á móts við Blálæk ofan við veginn er allstór þursabergssteinn, sem kallast Ísingur. Hjá honum liggur ávalur

steinn, sem menn hafa spreytt sig á að lyfta honum upp á Ísing.” segir í örnefnaskrá SH  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 11-12

**ÁR-295:042** *Skógarkot* bæjarstæði býli

1709: “Skógarkot hjét hjáleiga bygð í fyrstu fyrir rúmum 50 árum, þar sem staðið höfðu fjárhús frá Tungufelli. ... Skógarkot eyddist þá Hekla gaus, byggðist þó síðan um tveggja ára tíma tveim árum eftir Heklubrennuna, og eyðilagðist svo á nú. Kotið er slægjalaust, stendur og nærri Tungufellsseli og verður því ekki varið fyrir átroðningi, og er í þann máta ekki bjargvænlegt.” “Dálftil valllendisspilda er innan við Skógarkotsgrjót. Þar er tóft af fjárhúsi, Skógarkoti, sem notað var fram yfir 1950 og túnblettur í kring, Skógarkotstún. Skógarkot var áður hjáleiga frá Tungufelli, en fór endanlega í eyði í Heklugosi 1693.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** JÁM II, 273; Ö-Tungufell SH, 12

**ÁR-295:043** *Tungufellssel* heimild um sel

1709: “Skógarkot hjét hjáleiga bygð í fyrstu fyrir rúmum 50 árum, þar sem staðið höfðu fjárhús frá Tungufelli. ... Skógarkot eyddist þá Hekla gaus, byggðist þó síðan um tveggja ára tíma tveim árum eftir Heklubrennuna, og eyðilagðist svo á nú. Kotið er slægjalaust, stendur og nærri Tungufellsseli og verður því ekki varið fyrir átroðningi, og er í þann máta ekki bjargvænlegt.”

**Heimildir:** JÁM II, 273

**ÁR-295:044** *Dalhús* heimild um fjárhús

“Þar er fjárhús, Dalhúsið, á norðurbakka Rauðár, um 300 m frá Dalsá. Þar tók um 80 ær og var notað sem fjárhús fram yfir 1960.” segir í örnefnaskrá SH “Dalhúsið var áður þar neðan við [Rauðárkjöl] en var flutt þaðan vegna aðfellis áður en Lárus kom að Tungufelli fyrir 1880.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 13; Ö-Tungufell GJ, 9

**ÁR-295:045** *Dalhús* heimild um fjárhús

“Þar er fjárhús, Dalhúsið, á norðurbakka Rauðár, um 300 m frá Dalsá. Þar tók um 80 ær og var notað sem fjárhús fram yfir 1960.” segir í örnefnaskrá SH “Dalhúsið var áður þar neðan við [Rauðárkjöl] en var flutt þaðan vegna aðfellis áður en Lárus kom að Tungufelli fyrir 1880.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 13; Ö-Tungufell GJ, 9

**ÁR-295:046** *Tripparétt* heimild

“Innan við Dalbakkaföt er stutt nafnlaust gil, en skömmu innar er djúpt gil, Selhúsflatargil. Framan við gilið eru leifar af gamalli rétt, Tripparétt. Innan við gilið er Selhúsflöt.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 15

**ÁR-295:047** heimild um sel

“Innan við Dalbakkaföt er stutt nafnlaust gil, en skömmu innar er djúpt gil, Selhúsflatargil. Framan við gilið eru leifar af gamalli rétt, Tripparétt. Innan við gilið er Selhúsflöt. Þar mun hafa verið sel áður fyrr, en fyrir aldamótin síðustu var þar sauðahús, og sést enn móta fyrir tættum. Nú er þar gerði, sem fjallasafn Hraunamanna er geymt í, nóttina áður en það er rekið fram í Hrunaréttir og kallast Safngerði.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 15

**ÁR-295:048** *Safngerði* gerði rétt

“Innan við Dalbakkaföt er stutt nafnlaust gil, en skömmu innar er djúpt gil, Selhúsflatargil. Framan við gilið eru leifar af gamalli rétt, Tripparétt. Innan við gilið er Selhúsflöt. Þar mun hafa verið sel áður fyrr, en fyrir aldamótin síðustu var þar sauðahús, og sést enn móta fyrir tættum. Nú er þar gerði, sem fjallasafn Hraunamanna er geymt í, nóttina áður en það er rekið fram í Hrunaréttir og kallast Safngerði.” segir í örnefnaskrá SH

“Fram yfir 1970 var gerðið einnig notað á sumrin, þegar smalað var til rúnings í Tungufelli. Norðan við gerðið var almenningur og nokkrir dilkar umhverfis. Þar var fénu réttað, því að jafnan kom fjöldi fjár frá öðrum bæjum til rúnings á Dalnum. Var þar þá oft mannmargt og glatt á hjalla, en réttin stóð stundum langt fram á nótt.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 15

**ÁR-295:049** *Selflatir* örnefni sel

“Selflatir heita grasflatir í dálitlum halla ofan við Hrísin upp með Svartá. Þær á austur að Svartárbotnum, giljóttu dalverpi austur af Svartárgljúfri, þar sem Svartá á upptök sín.” segir í örnefnaskrá SH Miðað við örnefnakort má ætla að þetta sé dregið af selinu 042, þarf að athuga betur á staðnum.



**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 15; Örnefnakort af Tungufelli

**ÁR-295:050** *Gljúfursvað* heimild um vað

“Fært er með hesta yfir Svartárgljúfur ofarlega, og kallast þar Gljúfursvað. Brattir götuslóðar liggja þar niður að ánni báðum megi.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 15

**ÁR-295:051** *Skyggfir* varða

“Austan við Svartárbotna er há brún, sem endar að sunnan í dálitlum hól með vörðu og kallast Skyggfir.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 15

**ÁR-295:052** *Mælingavarða* varða

“Á hábungu Heiðarinnar (415 m y.s.) er þríhyrningspunktur vegna landmælinga. Hann er merktur með vörðu, sem kölluð er Mælingavarða.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 16

**ÁR-295:053** tóftir

“Langhöfðagil fellur í Dalsá austan úr Hálsi framarlega. Innan við það er Langhöfði, allhár skógi vaxinn hyggur. Í vesturhorni hans sést til fornra tófta, sem munu vera friðlýstar.” segir í örnefnaskrá SH Ekki ljóst hvar þetta er, þrjár tóftir eru friðlýstar í afréttarlandinu og gæti þetta átt við einhverja þeirra. ÁR-683:002/017/018.

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 16-17

**ÁR-295:054** varða

“Langahlíð nefnist hæðardrögin innan við Svartárbotna og Skyggfir, inn að afréttargirðingu eða þar um bil. Vesta við hábungu Lönguhlíðar er Einbúi, stakur hóll með vörðu.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 17

**ÁR-295:055** *Lambhúsrími* örnefni lambhús

Samkvæmt örnefnaskrá var hann niður af Sauðhól [021] og Sauðhólabrekku.

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 1

**ÁR-295:056** *Litlaveita* örnefni áveita

Í örnefnaskrá er hún sögð vera suður frá túninu.

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 1

**ÁR-295:057** *Mýrarveita* örnefni áveita

Í örnefnaskrá er hún sögð vera suður frá túninu. “Heimamýri var blaut mýri framan við Stóralæk en ofan við Mosaveitu. Hún var slegin anað hvort ár, en hefur nú þornað nokkuð og verið ræktuð. Hún var einnig nefnd Mýrarveita.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 1; Ö-Tungufell GJ, 3

**ÁR-295:058** *Kirkjuveita* örnefni áveita

Í örnefnaskrá er hún sögð vera suður frá túninu.

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 1

**ÁR-295:059** *Mosaveita* örnefni áveita

Í örnefnaskrá er hún sögð vera fyrir sunnan Kirkjulæk. “Mosaveita var áveitustykki, sem Lambalæk var veitt á framan við lækinn, þar sem hann rennur í Stóralæk.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 1; Ö-Tungufell GJ, 3

**ÁR-295:060** *Lambaveita* örnefni áveita

Í örnefnaskrá er hún sögð vera fyrir sunnan Kirkjulæk. “Lambaveita efnist vallendisáveita vestan við Breiðuveitu og var hún slegin, en hefur nú verið ræktuð.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 1; Ö-Tungufell GJ, 3

**ÁR-295:061** *Sel* örnefni sel

“Innst í dalnum [Tungufellsdal ?] suður frá Svartá er flöt, sem heitir Sel. Vestan Dalsár eru Selklettur og Selklettanes.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Tungufell, 2

**ÁR-295:062** heimild um hesthús

“Hundadalur var milli gamla bæjarins og hesthúss, sem var norðaustan við bæinn. Hesthúsið tók 8 hesta og var þar baðker, og var það byggt 1914 úr torfi og grjóti en rífið um 1970.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell GJ, 1

**ÁR-295:063** heimild um hrútakofa

“Húðarhóll nefnist hóll í túninu suðvestan við bæinn og norðvestan við Stóralæk. Þar var áður lítill kofi, e.t.v. hrútakofi,, en var aflagður fyrir 1900.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell GJ, 1

**ÁR-295:064** heimild

“Hart vallendi vestan við Dalsá og framan við Blálæk nefnist Torfunes. Þar er einhver húsarúst.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell GJ, 5

**ÁR-295:065** heimild um fjárhús

“Gulltorfa nefnist grastorfa suðvestan við Tröllabörn en skammt frá Svartá. Þar var góður hagi og af því mun nafnið dregið, en torfan er nú að hverfa vegna uppblásturs. Þar í rofabakka er fjárhústóft, og taldi Lárus Jónsson, sem lengi var í Tungufelli (d. 1937), að fjárhúsið hafi verið frá 18. öld og verið aflagt eftir harðan vetur (líklega 1802).” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell GJ, 7

**ÁR-295:066** *Kolagrafalág* örnefni kolagröf

“Ofan við þá [Stóruskóga], um miðbikið, er lágur ás, Kolgrafarás, og bendir nafnið til, að þar hafi fyrrum verið gert til kola.” segir í örnefnaskrá SH

**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 13

**ÁR-295:067** heimild um skotbyrgi

“Dagmálatorfur eru vallendistorfur uppi í Skriðnaheiði. Þær eru í suðaustur frá Dagmálakletti og eru að blása upp. Þar er skothús, sem OJ. byggði 1936.” segir í örnefnaskrá GJ

**Heimildir:** Ö-Tungufell GJ, 10

**ÁR-295:068** *Nautavík* þjóðsaga

Saga um bónda sem missti 20 naut. o.sv.fr. ...

**Heimildir:** FF, 212-213

## **ÁR-295b Jaðar**

1709: “Partur úr Túngufelli heima sem áður er skrifað og stendur samtýnis við heimajörðina. Biskupinn Mag. Brynjólfur Sveinsson bygði fyrstur þennan bæ fyrir 38 árum og ljet honum skifta úr jörðunni að töðum og engjum; hagar eru til félags.” JÁM II, 271. Fram til 1953 var land Tungufells, Jaðars og Hamarsholts óskipt. Ö-Tungufell SH, 2 “Jörðin er landstór, og liggur landið með Hvítá austanvert og nær að afréttarmörkum.” SBI, 217 Jaðar II er land fornu Jaðarsjarðarinnar, Jaðar I er í landi Hamarsholts. Ö-Jaðar GG, 1

1921: Tún 3,6 ha, mest slétt, garðar 3,45 arar. “Beitiland er gott. Hagar víðlendir, gróður fjölbreyttur og skjól í öllum áttum. Jörðin er þurrland að mestu og nokkur uppblástur næst afrétti. Ræktunarland er takmarkað utan það, sem liggur svo fjarri bæ, að vart verður nytjað. Allstórt skóglendi tilheyrir jörðinni.” SBI, 217.

**ÁR-295b:001** *Jaðar* bæjarstæði býli

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295b:002** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295b:003** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295b:004** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295b:005** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-295b:006** heimild um áveitu  
“Austan við Bolateig er túnstykki frá Jaðri, Jaðarspýfi, sem áður var áveituengi og er laust frá öðru landi Jaðars.” segir í örnefnaskrá Tungufells.  
**Heimildir:** Ö-Tungufell SH, 8

**ÁR-295b:007** *Brunnar* örnefni vatnsból  
“Brunnaþýfi er slakki miðsvæðis, sem hallar að Dalsá ... Móts við Brunnaþýfi heita Brunnar í ánni.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 2

**ÁR-295b:008** heimild um ristur  
“Bæjarlækurinn í Tungufelli rann vestur yfir Jaðarsland, neðan við túnið. Hann hefur grafið Krummagilið. Þegar það var orðið djúpt grafið, hefur hann verið færður niður fyrir það og gerður farvegur stutt frá gilbrúninni fyrir það og gerður farvegur stutt frá gilbrúninni, svo hægara væri að veita honum á engjar, sem væru þar fyrir neðan. Þar niður með mörkunum er Fjósaveita og neðar Seyl. Seylin var mýrarblettur. Þar var skorið torf.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 2-3

**ÁR-295b:009** *Fjósaveita* heimild um áveitu  
“Bæjarlækurinn í Tungufelli rann vestur yfir Jaðarsland, neðan við túnið. Hann hefur grafið Krummagilið. Þegar það var orðið djúpt grafið, hefur hann verið færður niður fyrir það og gerður farvegur stutt frá gilbrúninni, svo hægara væri að veita honum á engjar, sem væru þar fyrir neðan. Þar niður með mörkunum er Fjósaveita og neðar Seyl. Seylin var mýrarblettur. Þar var skorið torf.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 2-3

**ÁR-295b:010** *Framlambhús* heimild um lambhús  
“Beint niður af hlöðunni er hóll, Lambhúshóll. Á honum var lambhús og hesthús, Framlambhús og Framhesthús. Hóllinn suður af hólnum var Lambhústún.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:011** *Framhesthús* heimild um hesthús  
“Beint niður af hlöðunni er hóll, Lambhúshóll. Á honum var lambhús og hesthús, Framlambhús og Framhesthús. Hóllinn suður af hólnum var Lambhústún.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:012** *Karmar* heimild um hesthús  
“Vestur af bænum er Vesturtún. Efst á því var hesthús, Karmar.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:013** *Vesturkálgarður* heimild um kálgarð  
“Aðeins neðar með túnbrúninni er Vesturkálgarður.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:014** *Vesturlambhús* heimild um fjárhús  
“Á brekkubrún neðst á Vesturtúni var fjárhús, Vesturlambhús.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:015** *Bollaveita* örnefni áveita

“Aðeins neðar og austar [en Móatún] er Bollaveita.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:016** *Melholt* heimild

“Ofan við túnið upp af bænum eru tóftir af krakkahúsum. Var sá bær nefndur Melholt.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 3

**ÁR-295b:017** *Efravað* heimild um vað

“Ofan við aðalgljúfrið, í miðri brekku, er Efravað. Steinbogi er yfir það, þar sem það fellur í Hvítá.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 4

**ÁR-295b:018** *Stekkatún* örnefni stekkur

“Stekkatúngil á upptök í Dimmugróf, rennur fram úr henni, niður Kláfsklif og vestur af brekkunni innan við Norðhól og Torfur. ... Stekkatún er túnspilda, 4-5 ha, ofan við Nautavíkurtún.” segir í örnefnaskrá GG  
“Stekkjartún er allstórt tún framan við klettagil og austan við Fremri-nautavík. Þar var stekkur og rétt og ærhús til 1951, sem tók 30 ær.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 4; Ö-Jaðar, 2

**ÁR-295b:019** *Skylmingaflatur* örnefni

“Inn við Stekkatúnið eru Skylmingaflatur.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 4

**ÁR-295b:020** *Klifhús* heimild um fjárhús

“Ofan við Klifin, miðsvæðis, var Klifhús. Þar eru tóftir ...” segir í örnefnaskrá GG “Klifhús nefndist ærhús (jötuhús) norðaustan við Einishól [ATH], sem tók fyrst 45 kindur. Guðni Jónsson stækkaði húsið 1936 svo að það tók 100 ær og var það notað til 1951. Áður var það sporöskjulöguð hlaða. Jónas í Skrautási hlóð þar veggja laust fyrir aldamót sem dugðu illa, en Sigurður á Jaðri endurhlóð þá skömmu síðar og stendur einn veggur enn af þeirri hleðslu.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 5; Ö-Jaðar, 2

**ÁR-295b:021** varða landamerki

“Ofan við bæinn á Jaðri er hár höll með vörðu, sem ber við himin, Háalda. Varðan er í mörkum milli Tungufells og Jaðars.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 5

**ÁR-295b:022** heimild um leið

“Milli Háöldu og Norðurhóls er slakki, þar sem götur liggja inn í haga, og heitir slakkinn Skarð.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 5

**ÁR-295b:023** heimild um leið

“Milli Háöldu og Norðurhóls er slakki, þar sem götur liggja inn í haga, og heitir slakkinn Skarð. Þaðan lá einnig gata skáhallt suðaustur ofan við Tungufellstúnið. Heitir það Snið.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 5

**ÁR-295b:024** varða

“Dimmugróf er allmikil laut, sem liggur frá norðri til suðurs, með klettavegg að austan og að hluta að vesta. Fremst með henni að austan, ofan við Kálasklif, er höll með vörðu. Heitir hann Kláfur.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 6

**ÁR-295b:025** álagablettur

“Innan við Keldulækinn, inn af Dimmugróf, er allmikill, ílangur höll, Flóðhöfði. Við hann er álagablettur. Ekki mátti slá alveg upp að honum, heldur varð að skilja eftir faðmsbreiðan kraga meðfram honum.” segir í örnefnaskrá GG  
**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 6

**ÁR-295b:026** *Álfakirkja* örnefni huldufólksbústaða

“Brekkan er skógi vaxin framan til, en innan til er hóll mikill, sem nær næstum eins hátt og austurbakki árinna. Efst á þessum hól er ílangur, þunnur klettaveggur með smástrýtu vestast. Minnir þetta mjög á húspak með turni. Hóll þessi er nefndur Álfakirkja.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 7

**ÁR-295b:027** varða

“Brekkan upp úr Hríthaga til austurs er Smérbrekka. Þar austur af er ílangur hóll með vörðubroti. Heitir hann Einbú.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 8

**ÁR-295b:028** Kumlagil örnefni

“Neðan við Balann [milli Tungufells og Jaðars] var laut, Kumlagil.” segir í örnefnaskrá GG

Í athugasemdum segir að skrásetjari hafi ekki heyrt um kuml þar.

**Heimildir:** Ö-Jaðar GG, 2; Ö-Jaðar ath, 1

## ÁR-296 Hlíð

10 hdr 1709. 1709: “Útigangur er hjer í betra lagi. Engjalítill mjög svo er þessi jörð.” JÁM II, 270. 1921: Tún 3,6 ha, slétt, garðar 4,5 arar. “Land er hér en grösugt, og vetrarheit hefur alltaf þótt með ágætum. En slægjur voru reytingssamar, mest í vallendislautum og brekkum, og þótti harðslægt, ef rekja brást. Ræktunarland er takmarkað, enda gerði ræktunartækni nýs tíma aldrei innrás í Hlíðarland.” SBI, 218

**ÁR-296:001** Hlíð bæjarhóll bústaður

“Bæjarrústirnar í Hlíð hafa nú verið sléttar út, en kálgarðurinn neðan við bæinn stendur enn með 14 beðum.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4; Túnakort 1921

**ÁR-296:002** heimild um fjárhús

“Skógarásar eru suðaustan við Kerlingarfoss, en skógur er þar horfin og landið mjög blásið, þar var mikill uppblástur árin 1906-07. Þar var fjárhús og hlöðutóft vestan undir, kringlótt og aðeins laus frá húsinu til hliðar.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 2

**ÁR-296:003** heimild um mógrafir

“Torfamýri nefnist mýri sunnan við Dalsá en vestan við Skógargil. Nýlegt grafgil hefur nú þurrkað þessa mýri mikið, en hún var slegin annað árið. Þarna er mót undir, og var hann eitthvað tekin, þaðan mun nafnið dregið.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 2

**ÁR-296:004** Stekkatún örnefni stekkur

“Stekkatúnsmýri er suðvestan við Miðmundarholt og norðan við Stekkatúnið. Hún var blaut, en hefur þornað og var stundum slegin. Stekkatúnshólar eru grjóthólar austan við Stekkatún.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 2

**ÁR-296:005** heimild um fjárhús

Stekkatúnið er norðaustan við Innflatir, skammt frá Dalsá. Þar var fjárhús, sem tók 40 kindur, og hringlaga hlaða við. Húsið var notað fram að sjárskiptum 1951 og e.t.v. lengur.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 3

**ÁR-296:006** bæjarstæði býli

“Skammt austan við Stekkatúnið eru bæjarrústir, að mestu uppblásnar, taldar vera frá 10. eða 11. öld.” segir í örnefnaskrá KM “Neðan Tungufells hafa sem fyrr segir komið í ljós bæjarrústir. Ein þeirra er skammt fyrir neðan Tungufell, um miðja vegu milli Tungufells og Hlíðar í landi síðarnefndu jarðarinnar.”

“Rústin er í uppblástursrofi og að mestu eydd nú, en þar kemur í ljós mjög greinilegt gólflag og veggjabrot. Þarna hafa fundizt nokkrir smáhlutir, sem benda til víkingaaldar, tafl úr hneftaflí, snældusnúðar úr klébergi, hverfisteinsbot, kljástear og annað smálegt, en það sem öruggast tímasetur þessa rúst, er öskulagið frá 1104, sem er rétt yfir gólfskáninni. Greinilegt er því, að bærinn hefur verið kominn í eyði nokkru fyrir gosið.”

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 3; ÞM: “Sögualdarbyggð í Hvítárholti” Árbók 1972, 6

**ÁR-296:007** *Hlíðarvað* heimild um vað

“Rétt neðan við Stekkatúnið er Hlíðarvað á Dalsá, þar lá leiðin frá Hlíð að Tungufelli.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 3

**ÁR-296:008** *Haukholtavað* heimild um vað

Ármót heita. Þar sem Fossá og Dalsá koma saman, en Ámótatunga nesið á milli þeirra. Haukholtavað er vað á Fossá rétt ofan við núverandi brú á veginum að Tungufelli. Þar er safnið rekið yfir.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 3

**ÁR-296:009** *Hólhús* heimild um fjárhús

“Svartagil kemur upp ofarlega í Hlíðarfjalli, rennur niður Brekkur norðan við heimatúnið og í Fossá skammt framan við Haukholtavað. Hólhús var fjárhús í norðvestur frá bænum, norðan við Bæjargilið það tók 15 kindur. Þar voru fyrrum fóðraðir veturgamlir sauðir.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 3-4

**ÁR-296:010** *Bjargarbrunnur* heimild um vatnsból

“Dý er neðst í túninu, beint niður af bænum, heitir Bjargarbrunnur, þar var eina örugga vatnsbólíð.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:011** heimild um kálgarð

“Bæjarrústirnar í Hlíð hafa nú verið sléttaðar út, en kálgarðurinn neðan við bæinn stendur enn með 14 beðum.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:012** heimild um túngarð

“Í túninu má finna fornan túngarð. Túnið mun hafa verið girt um 1922-24 með hlöðnum garði og þrem gaddavírsstrengjum á, og stendur hlaðni garðurinn enn.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:013** *Flatarhús* heimild um fjárhús

“Dyngja er blásinn grjóthóll neðan við túnið, sunnan við Slátturtorfu, fram við Flatagil, nú Flatarhúsgil.” segir í örnefnaskrá KM. “Flatarhús var fjárhús sunnan vil gilið á móts við suðvesturhorn túngirðingarinnar, þar voru 40 ær, þegar Karl Bernhöft bjó í Hlíð 1903-18. Guðmundur gerði þar lélega hlöðu, sem hrundi og var ekki endurbyggð, en húsið notaði hann, meðan hann bjó í Hlíð. Tóftin hefur verið jöfnuð út.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4-5

**ÁR-296:014** heimild um rétt

“Réttir eru skammt frá Fossá norðan við Flatarhúsgil.” segir í örnefnaskrá KM. “Þar er aflöng laut, sem stefnir niður að ánni, og á hvora hlið við hana markar fyrir þremur dilkum. Í réttarveggjunum er grjót, sem sést nú hvergi á yfirborði. Þara hefur verið fjárrétt til forna, líklega á 11. eða 12. öld.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:015** varða eyktamark

“Hlíðarfjall er allstórt fjall að austanverðu í Hlíðarlandi ... Hæst á fjallinu er varða á Hádegishæð, mark frá Tungufelli.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:016** heimild um refagildru

“Skammt frá fjallsbrúninni [Hlíðarfjalli] er grjóthleðsla á sléttri klöpp, um sex fet á lengd, og í gengum hana gangur, nær 1 fet á breidd og rúmlega 1 fet á hæð. Er þetta líklega refagildra, og hefur þá verið lagður dýrabogi inn í ganginn.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:017** heimild um refagildru

“Skammt frá fjallsbrúninni [Hlíðarfjalli] er grjóthleðsla á sléttri klöpp, um sex fet á lengd, og í gengum hana gangur, nær 1 fet á breidd og rúmlega 1 fet á hæð. Er þetta líklega refagildra, og hefur þá verið lagður dýrabogi

inn í ganginn. Rétt hjá eru svo leifar af venjulegri refagildru.” segir í örnefnaskrá KM  
**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4

**ÁR-296:018** varða

“Strýtuás, Strýtuás er strýtumyndaður ás með vörðu á, hátt norðan í Hlíðarfjalli á móts við Tungufell, lítið gróinn.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 4-5

**ÁR-296:019** *Gamla-Stekkatún* tóft stekkur

“Gamla-Stekkatún er að líkindum forn tóft sunnan við Flatarhúsgil á móts við Miðtungu.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 5

**ÁR-296:020** garðlag túngarður

“Gamla-Stekkatún er að líkindum forn tóft sunnan við Flatarhúsgil á móts við Miðtungu. Þar framan við er forn torfgarður, sem liggur upp Flatirnar, en annað garðbrot má sjá ofar, liggur það til suður frá gilinu.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 5

**ÁR-296:021** garðlag

“Gamla-Stekkatún er að líkindum forn tóft sunnan við Flatarhúsgil á móts við Miðtungu. Þar framan við er forn torfgarður, sem liggur upp Flatirnar, en annað garðbrot má sjá ofar, liggur það til suður frá gilinu.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 5

**ÁR-296:022** varða

“Vörðuás er lítill grýttur ás með vörðu á, suðvestur frá Flatarhúsi.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 5

**ÁR-296:023** *Brekkuhús* heimild um fjárhús

“Brekkuhús var fjárhús norðan við Stórutorfugil og ofan við Hersholt.” segir í örnefnaskrá KM “Guðjón, sem bjó í Hlíð 1870-79, byrjaði að byggja þar hús, en dó um haustið 1879, og var húsið þá hálfbyggt. Guðni Jónsson, sem bjó í Hlíð 1919-26, byggði það svo til fulls, það tók 34 kindur. Guðmundur notaði það um tíma, en það sligaðist í mikla snjónum 1940 og var ekki notað eftir það.”

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 6

**ÁR-296:024** heimild um leið

“Markapýfi er vallendis- og mosapýfi við Markargil, rétt ofan við gömlu göturnar milli Foss og Hlíðar.” segir í örnefnaskrá KM

**Heimildir:** Ö-Hlíð KM, 6

**ÁR-296:025** heimild um brunn

Brunnur merktur inná kort.

**Heimildir:** Túnakort 1921

## **ÁR-297 Foss**

17 hdr. 40 al. 1686, 15 hdr 1709, 15 1/3 hdr 1847. Skálholtsstólsjörð. “Jörðin er landmikil (1.800-2.000 ha), bæði að þurrlandi og votlandi. Beitiland er víðáttumikið og gott.” SBI, 219

1709: “Engjum jarðarinnar spilla lækir, sem á bera aur og sand, og hafa gjöreytt nokkrum parti engjanna.” JÁM II, 269. 1921: Tún 2,9 ha, mikið slétt, garðar 5,44 arar. “Gróður er fjölbreyttur og gott um skjól í öllum áttum. Engjar voru heldur lélegar og slægjur reytingssamar. Ræktunarmöguleikar eru mikil og ræktunarland gott, bæði bæði á þurru mómum og á framræstum mýrum. Mýrlandi jarðarinnar, sem nærri er bæ, er nú allt framræst.” SBI, 219

**ÁR-297:001** *Foss* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-297:002** gripir

Tvö spjót “Fundust saman í uppblásnum moldarbakka fyrir innan Foss.” KE telur spjótin helst af K-gerð, þau eru 24,5 sm og 22 sm að lengd.

**Heimildir:** KEKH, 277

**ÁR-297:003** gripir

Þórshamar úr silfri og öxi að sögn fundust í flagi hjá Fossi. “Braut liggur heiman frá bæ fram á Múlatúnið. ... Skammt fyrir framan ána, beint á móti bænum, liggur áðurnefnd braut gengum sandskarð milli nokkuð hárra bakka, og hefur sá neðri brotið nokkuð, en er nú að gróa upp aftur. Hann heitir Sauðhúsbakki, en á honum er Sauðhústóftin af litlu sauðahúsi, sem fyrst var byggt á snemma á þessari öld. Efri bakkinn heitir Flagbakki og er algrónn. Í þessum bökkum og sandskarðinu hafa fundizt fornleifar, m.a. Þórshamarinn, sem kenndur er við Foss, fannst 1910 eða þar um bil.” segir í örnefnaskrá

Þjms. 6077. Þórshamar. Gripur þessi er krossmyndaður og með mótuðum vargshaus á lengstu álmunni, þeirr sem upp veit og bandið hefur verið dregið í gegnum. Armarnir eru sívalir, um 6 mm í þvm. en endarnir nokkru meira, lengdin öll er 5 sm, en breiddin 3 sm. Gegnskorinn kross í miðju, og má vera, að þar hafi einhverju verið smelt í.

**Heimildir:** MP: “Skýrsla” Árbók 1911, 87-88; KEKH, 325-26; Ö-Foss, 6

**ÁR-297:004** heimild um túngarð

“Ávöl grjótrún er báðum megin við gamal túngarðinn, sem enn sést vel.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 1-2

**ÁR-297:005** heimild

“... Harðivöllur neðan brautar. Fremst í honum er brekkubrún, þar hét áður Nýjahústún, og sáust þar nokkrar tóftir, en neðan undir brekkunni hétu Puntrófur, hvort tveggja nú horfið.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-297:006** heimild

“Þar fyrir innan Markagil, en Tóftargil kemdur þvert á það ofan við Markaflötina; þá sást tóft, mjög gamalleg, sem Tóftargil hefur nú brotið.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-297:007** *Dagmálavarða* varða eyktamark

“Fyrir innan (norðan) ána en utan túns er Bæjarás, austan og ofan við túnið. Á honum eru þrjár vörður í röð, en spölur á milli; sú í miðið heitir Dagmálavarða.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-297:008** varða landamerki

“Landamerkjagirðing er milli Foss og Hlíðar, kemur í Fossá nokkru neðar en markavarðan við Fossá er. Frá vörðunni ræður Fossá mörkum ...” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-297:009** tóft sel

“Næst ánni, ofanvert við vörðuna [008], eru Selbrúnir, brattar brekkur að ánni, en ekki háar. Selbrúnagil er djúpt grasagil þar, en Selbrúnavað á ánni aðeins ofar. Sjá má fyrir tóftum við gilið, en engar sagnir eru um selstöðu á þessum stað. Selmýri er allstór mýri upp frá Selbrúnum, þar var oft slegið, síðast 1944.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 3

**ÁR-297:010** *Selbrúnarvað* heimild um vað

“Næst ánni, ofanvert við vörðuna [008], eru Selbrúnir, brattar brekkur að ánni, en ekki háar. Selbrúnagil er djúpt grasagil þar, en Selbrúnavað á ánni aðeins ofar. Sjá má fyrir tóftum við gilið, en engar sagnir eru um selstöðu á þessum stað. Selmýri er allstór mýri upp frá Selbrúnum, þar var oft slegið, síðast 1944.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 3

**ÁR-297:011** heimild um refagildru

“Teigar eru mýraflesjur sunnan við Gráhólshlíð. Teigar eru mýraflesjur sunnan við Gráhólshlíð, þar var fyrrum heyjað; nú eru þeir eyddir af áfoki og árennsli. Þar eru tveir grjóthólar, uppi á þeim syðri er gömul tófugildra.” segir í örnefnaskrá



**Heimildir:** Ö-Foss, 3

**ÁR-297:012** gata leið

“Gata ligur niður með ánni, niður Rekstrarklif, nú nær ófært.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 4

**ÁR-297:013** varða landamerki

“Svo sem segir í landamerkjalyfingu, á að vera markavarða við ána, og skal tekin sjónhending úr henni í vestur í vörðu á Hábrún. Sú á Hábrún er þekkt, en engin varða sést lengur við Litlu-Laxá, og þó er annað verra, útilokað er að sjá á milli þessara staða.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 4

**ÁR-297:014** heimild um landamerki

“Svo sem segir í landamerkjalyfingu, á að vera markavarða við ána, og skal tekin sjónhending úr henni í vestur í vörðu á Hábrún. Sú á Hábrún er þekkt, en engin varða sést lengur við Litlu-Laxá, og þó er annað verra, útilokað er að sjá á milli þessara staða.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 4

**ÁR-297:015** heimild um fjárhús

“Allstórt tún, var ræktað í Múlanum, Múlatún um 8 ha, og er það báðum megin við Múlagilið, miklu meira norðan við. Þar var líka reist fjárhús fyrir 130-40 fjár ásamt hlöðu 1936, rífið 1974.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5

**ÁR-297:016** heimild um stekk

“Fast við húsið [015] var gömul tóft af stekk, kölluð Gamla-Stekkatún ...” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5

**ÁR-297:017** heimild um stekk

“Fast við húsið [015] var gömul tóft af stekk, kölluð Gamla-Stekkatún; önnur var svo efst á Múlatúninu, hét Gvendar-Stekkatún, talið kennt við Guðmund Eiríksson, sem bjó á Fossi um 1822, en síðar í Haukadal. Hann var mjög fjármargur og byggði hús um allar jarðir.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5

**ÁR-297:018** heimild um fjárhús

“Fast við húsið [015] var gömul tóft af stekk, kölluð Gamla-Stekkatún; önnur var svo efst á Múlatúninu, hét Gvendar-Stekkatún, talið kennt við Guðmund Eiríksson, sem bjó á Fossi um 1822, en síðar í Haukadal. Hann var mjög fjármargur og byggði hús um allar jarðir. Eitt var inni í Fossöldu, og sést tóftin enn. Þar var sauðahús, það lagðist af, eftir að sauðina hrakti í aftakaveðri allt fram að Berghyl.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5

**ÁR-297:019** heimild um fjárhús

“Fast við húsið [015] var gömul tóft af stekk, kölluð Gamla-Stekkatún; önnur var svo efst á Múlatúninu, hét Gvendar-Stekkatún, talið kennt við Guðmund Eiríksson, sem bjó á Fossi um 1822, en síðar í Haukadal. Hann var mjög fjármargur og byggði hús um allar jarðir. Eitt var inni í Fossöldu, og sést tóftin enn. Þar var sauðahús, það lagðist af, eftir að sauðina hrakti í aftakaveðri allt fram að Berghyl. Annað sauðahús hafði hann byggt á Fagradal, en það varð aldrei nema tóftin ein, enda eer vægast sagt ógæfulegur húsvegur í misjöfnu að eiga að sækja yfir þvert Tjarnarheiðina.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5

**ÁR-297:020** heimild um leið

“Braut liggur heiman frá bæ fram á Múlatúnið. ... Skammt fyrir framan ána, beint á móti bænum, liggur áðurnefnd braut gengum sandskarð milli nokkuð hárra bakka, og hefur sá neðri brotið nokkuð, en er nú að gróa upp aftur. Hann heitir Sauðhúsbakki, en á honum er Sauðhústóftin af litlu sauðahúsi, sem fyrst var byggt á snemma á þessari öld.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5-6

**ÁR-297:021** heimild um fjárhús

“Braut liggur heiman frá bæ fram á Múlatúnið. ... Skammt fyrir framan ána, beint á móti bænum, liggur

áðurnefnd braut gengum sandskarð milli nokkuð hárra bakka, og hefur sá neðri brotið nokkuð, en er nú að gróa upp aftur. Hann heitir Sauðhúsbakki, en á honum er Sauðhústóftin af litlu sauðahúsi, sem fyrst var byggt á snemma á þessari öld.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 5-6

**ÁR-297:022** bæjarstæði býli

“Vestan við Múlanum milli tveggja gilja sjást auk þess mjög fornlegar rústir, enda eru munnmæli um það, að bærinn hafi fyrst staðið framan við áa og síðan verið fluttur yfir.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 6

**ÁR-297:023** *Efracús* heimild um fjárhús

“Tvö fjárhús stóðu vestan undir brúninni skammt frá fossinum, Efracús og Neðrahús, sem nú er horfið. Gerði eru í kringum húsin, heita Efracgerði og Neðragerði. Neðragerðið var raunar í tvennu lagi, þegar ég kom hér fyrst, en var fljótlega sléttað og gert að einu. Efracgerðið er með öllu óhreyft.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 6

**ÁR-297:024** *Neðragerði* heimild um fjárhús

“Tvö fjárhús stóðu vestan undir brúninni skammt frá fossinum, Efracús og Neðrahús, sem nú er horfið. Gerði eru í kringum húsin, heita Efracgerði og Neðragerði. Neðragerðið var raunar í tvennu lagi, þegar ég kom hér fyrst, en var fljótlega sléttað og gert að einu. Efracgerðið er með öllu óhreyft.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Foss, 6

## **ÁR-298 Jata**

Óviss jarðadýrleiki 1709, Skálholtskirkjueign. Í eyði, frá 1954 en nytjuð til beitar af eiganda. 1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju. DI II, 665-666. Þar var stofnað fyrsta mjólkurbrú á Íslandi. SBI, 220. 1709: “Jörðin er hagagóð á sumar. ... Engjar eru stórum fordjarfaðar af lækjum, sem á bera aur og grjótt, skriðum og jarðföllum, og þetta alt í miðaldra manna minni, svo að þær eru svo að segja burt, og ekki í stórs heyskapar að telja nema á túninu.” JÁM II, 267. 1921: Tún 3,4 ha, allt slétt, garðar 6 arar. “Jata er landstór jörð og að mestu þurrland. Beitiland grasgefið og gróðurfar fjölbreytt. Góð skjól. Engjar lélegar. Ræktunarland er lítið nema á þurrkuðu mýrlendi og allstórt mýrastykki, sem heima við er, hefur verið framræst og tekið til ræktunar að hluta.” SBI, 220.

**ÁR-298:001** *Jata* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-298:002** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-298:003** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-298:004** heimild

“Árið 1900 var stofnað og starfrækt í Jötu annað fyrsta mjólkurbú á Óslandi. Fjórir bændur höfðu þar þetta sumar 400 ær í kvíum.” segir í Sunnlenskum byggðum “Engar skrifaða heimildir eru til, en engi að síður er það óvefengjanleg staðreynd að sumarið 1900 fór þessi starfsemi fram í Jötu ...” segir í Sunnlenskum byggðum

**Heimildir:** SBI, 220

**ÁR-298:005** *Tæpistígur* heimild um leið

Í upptalningu örnefna í Jötu er Tæpistígur nefndur sunnan við túnið.

**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:006** *Prestavað* heimild um vað

Í upptalningu örnefna í Jötu er Prestavað nefnt á Prestalæk.

**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:007** *Byrgisás* örnefni

Í upptalningu örnefna í Jötu er Byrgisás nefndur vestan túns.

**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:008** *Fjárhúsklauf* örnefni fjárhús  
Í upptalningu örnefna í Jötu er Fjárhúsklauf nefnd vestan túns.  
**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:009** *Stöðulklauf* örnefni kvíar  
Í upptalningu örnefna í Jötu er Stöðulklauf nefnd norðan við túnið.  
**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:010** *Lambhúsás* örnefni lambhús  
Í upptalningu örnefna í Jötu er Lambhúsás nefndur norðan við túnið.  
**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:011** *Stekkatún* örnefni stekkur  
Í upptalningu örnefna í Jötu er Stekkatún nefnt norðan við túnið.  
**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:012** *Selflatir* örnefni sel  
Í upptalningu örnefna í Jötu eru Selflatir nefndar norðan við túnið.  
**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:013** *Tóftartorfa* örnefni  
Í upptalningu örnefna í Jötu er Tóftartorfar nefnd austan við túnið.  
**Heimildir:** Ö-Jata, 7

**ÁR-298:014** heimild um stekk  
Á örnefnakorti virðast vera tveir stekkir.  
**Heimildir:** Örnefnakort af Jötu

## **ÁR-299 Laugar**

28 hdr 80 al. 1686, jarðadýrleiki óviss 1709. 40,6 hdr. 1847. Skálholtskirkjujörð. Bænhús á jörðunni. [1331]: “af logymm tekst half mork [í Reykjadal]” úr máldaga Reykjadalaskirkju. DI II 666. Sama ár er talað um Laugar tvennar í máldaga Hrunakirkju sem gæti þýtt tvíþýli á Laugum eða tvær jarðir með því nafni. DI II, 665-666. Hjáleigur 1709 eru Laugakot í byggð og eyðikotið Fagridalur. JÁM II, 366.

1921: Tún 6,4 ha, 1/3 slétt, garðar 12,81 arar. “Land jarðarinnar er stórt og margbreytilegt um landslag. Brattar hlíðar og fjalllendi, lágir ásar með vallendisgróðri og mýrarsund á milli. Gil og skorningar og fossandi lækir. Landið er að mestu þurrlendi, en þurrlendi, en þurrt ræktunarland er þó af stórum skammti. Engjar voru lélegar, en sumarhagarnir góðir og skjólsamir.” SBI, 221

**ÁR-299:001** *Laugar* bæjarhóll bústaður  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-299:002** heimild um bænhús  
LAUGAR Í HRUNAMANNAHREPPI (REYKJADALSÞING) (Á)  
[1331]: af logymm tekst half mork [í Reykjadal]; Máld DI II 666 [Reykjadals]  
**Heimildir:** DI

**ÁR-299:003** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-299:004** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-299:005** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-299:006** heimild um brunn  
Sennilega brunnur á túnakorti.  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-299:007** heimild um túngarð  
Árið 1781 hafði Sigmundur Auðunarson bóndi á Laugum óskað verðlauna fyrir túngarðahleðslu en upphæð þeirra var ekki ákvörðuð þar sem ekki var vitað hvað hann hafði hlaðið mikið.  
**Heimildir:** RLLF II, 264

**ÁR-299:008** heimild um myllu  
“Kornmylla var áður við Laugalæk” segir í Sunnlenskum byggðum  
**Heimildir:** SBI, 221

**ÁR-299:009** *Laugakot* bæjarstæði býli  
1709: “Þessi hjáleiga stendur úti í högum jarðarinnar.” “Eyðibýlið, Laugakot, stóð spölkorn norðvestan við Laugatúnið.” segir í Sunnlenskum byggðum  
**Heimildir:** JÁM II, 266; SBI, 221

**ÁR-299:010** *Fagridalur* bæjarstæði býli  
1709: “Fagredalur hjet hjáleiga, sem ábúandinn á Laugum bygði af nýju í sínu landi, sem hann hjelt, en aðrir halda að plátsið þar sem hjáleigann var sett, sje í Jetu landi. Þetta er skeð fyrir hjer 40 árum, bygðin hjelst hjer um 3 ár og það eymdarlega.”  
**Heimildir:** JÁM II, 266

**ÁR-299:011** *Smiðjudalur* örnefni smiðja  
Í upptalningu örnefna er Smiðjudalur nefndur sem örnefni í túni.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:012** *Stöðull* örnefni kvíar  
Í upptalningu örnefna er Stöðull nefndur sem örnefni í túni.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:013** *Matthíasargarður* örnefni  
Í upptalningu örnefna er Matthíasargarður nefndur sem örnefni í túni.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:014** *Kvíhóll* örnefni kvíar  
Í upptalningu örnefna er Kvíhóll nefndur sem örnefni í túni.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:015** *Fjánhúsholt* örnefni fjárhús  
Í upptalningu örnefna er Fjánhúsholt nefnt sem örnefni í úthögum.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:016** *Núpagerði* örnefni  
Í upptalningu örnefna er Núpagerði nefnt sem örnefni í úthögum.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:017** *Vörðuás* örnefni  
Í upptalningu örnefna er Vörðuás nefndur sem örnefni í úthögum.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:018** *Brúarholt* örnefni  
Í upptalningu örnefna er Brúarholt nefnt sem örnefni fyrir útnorðan bæinn.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:019** *Gildruhagi* örnefni refagildra  
Í upptalningu örnefna er Gildruhagi nefndur sem örnefni fyrir útnorðan bæinn.  
**Heimildir:** Ö-Laugar, 8

**ÁR-299:020** *Seljadalur* örnefni sel  
Í upptalningu örnefna er Seljadalur nefndur sem örnefni fyrir útnorðan bæinn.  
Jarðadýrleiki óviss 1709, Skálholtskirkjueign. 1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju. DI II, 665. 1709: Hvítárholt hjáleiga. JÁM II, 263. Ísabakki fór í eyði vegna hættulegra flóða úr Hvítá. SSÁ, 126. “Þetta er gamalt býli, en hafði verið í eyði í rúm 100 ár og legið undir Hvítárholti. Árið 1974 fengu Anna og Helgi landið og reistu þar nýbýli.” SBI, 309 1921: Tún 1,68 ha, slétt. “Landið er mjög grasgefið og sumarhagar góðir með afbrigðum, og eins engjar. Vetrararbeit er lítil á skjóllausu flatlendi.” SBI, 309

**ÁR-337b:001** *Ísabakki* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-337b:002** *Stöðulholt* örnefni kvíar

“Stöðulholt, móaholt hjá Ísabakka.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Hvítárholt, 1

**ÁR-337b:003** heimild um útihús

“Stöðulholt er fram af túninu á Ísabakka, en mýrarsund með flóði á milli. Það var gert að túni 1964; þar voru 10-20 húsa- eða kofarústir frá Ísabakka.” segir í viðbótum við örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Hvítárholt viðb, 2

**ÁR-337b:004** heimild um stekk

“Fram af túni á Ísabakka er Stekkjardæla, sem hvað velur hefur ekki verið tekin í örnefnaskrá. Hún mun kennd við stekk, er verið hefur á háum grjóthól rétt hjá núverandi bæ á Ísabakka.” segir í viðbótum við örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Hvítárholt viðb, 2

## ÁR-338 Bryðjuholt

Jarðadýrleiki óviss 1709, Skálholtskirkjueign. Bænhús á jörðinni. [1331]: “liggur thil songs j runa ... brydiuhollt” Máldagi Hrunakirkju DI II 665-666. 1382-91: “liggur til saungs j Hruna ... Brydiuhollt” Máldagi Hrunakirkju DI IV 43-44.

1921: Tún 5,3 ha, 2/3 slétt, garðar 7,55 arar, nátthagi 0,4 ha. “Meðaljörð að landrými. Landið er grösugt og gott til beitar, bæði sumar og vetur. AÐ meirihluta er landið mýrlendi, en þurrlandi er þó mikið og gott ræktunaland, en er nokkuð langt frá bæ. Í landinu austanverðu eru lágir ásar og lægðardrög með vallendisgróðri. Engjar voru allgóðar.” SBI, 310

**ÁR-338:001** *Bryðjuholt* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-338:002** heimild um bænhús

BRYÐJUHOLT Í HRUNAMANNAHREPPI (Á) (HRUNAPING) - BÆNHÚS

[1331]: liggur thil songs j runa ... brydiuhollt

Tijvndir liggja til runa af þessum fyrr nefndum bæivm

lysitollar allir eru til runa. vr heima þjngum ... enn hälfur vr grafar þjngum

Groptur er j runa af þessum ollum bæium. sem fyrr eru nefndir; Máld DI II 665-666 [Hruna]

1382-91: liggur til saungs j Hruna ... Brydiuhollt

Tiunder liggja til Hruna af þessum fyrnefndum bæium

Lysitollar aller eru til Hruna vr heimaþjngum ... og aller vr Grafar þjngumm.

Groptur er j Hruna af ollum þessumm bæium sem fyrr eru nefnder; Máld DI IV 43-44 [Hruna]

**Heimildir:** DI

**ÁR-338:003** heimild um fjárhús

“Stóru-Flatholt nefnist stórt móaholt í mýrinni utarlega vestan við Bryðjuholt, og er það upphaflega jökulalda. Þar er nú ærhús og talsvert tún. Jón Magnússon byggði þar fyrst sauðahús um 1915.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 2

**ÁR-338:004** *Flosatraðir* heimild um traðir

“Flosatraðir nefnast fornar reiðgötur vestan í Stóru-Flatholtum og úr að Hvítá, og var áður vað á Hvítá, kennt við Grámel vestan við ána.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 2

**ÁR-338:005** heimild um vað

“Flosatraðir nefnast fornar reiðgötur vestan í Stóru-Flatholtum og úr að Hvítá, og var áður vað á Hvítá, kennt við Grámel vestan við ána.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 2

**ÁR-338:006** heimild

“Grænaborg er höll í mýrinni um 300 m sunnan við Flataholtshúsið [003?]. Þar eru einhverjar tættur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 3

**ÁR-338:007** heimild um fjárhús

“Sauðhústættur eru sunnan við Bryðjuholtslæk skammt vestan við heimatúnið og núverandi þjóðveg. Hús þetta var lagt niður um 1915 vegna þess að sauðirnir fóru oft í lækinn og drápuð.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 3

**ÁR-338:008** heimild um kvíar

“Stöðulholt er lágt holt milli Bæjaráss og Miðmundaáss. Framan við það voru kýr mjólkaðar á kvöldin og síðan beitt um stund áður en þær voru bundnar inni.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 4

**ÁR-338:009** *Stórarvarða* varða

“Stórarvarða er varða upp á Bæjarásnum skammt framan við mörkin.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 4

**ÁR-338:010** *Litlavarða* varða landamerki

“Litlavarða er á Bæjarásnum skammt norðan við Stóruvörðu. Þar eru mörk milli Bryðjuholts og Kópvatns.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 4

**ÁR-338:011** álagablettur

“Kúadalur nefnist fitin niður við og vestan við Bryðjuholtslæk innan við heimatúnið en austan við Bæjarásinn. Þar er góður hagi fyrir kýr. ... Þar er álagablettur sem ekki má slá.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 4

**ÁR-338:012** *Grástekkur* heimild um stekk

“Gráhellu er lítil klettahóll sunnarlega á Brennimýri og norðan við Múlaenda. Þar er austurhornmark Bryðjuholtslands. Grástekkur er annað nafn á Gráhellu.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 4

**ÁR-338:013** *Brúarás* örnefni brú

“Brúarás. Nafn þetta er nú gleymt ... en það mun hafa verið nálægt Gráhellu, e.t.v. kelda, sem brú var sett yfir.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 5

**ÁR-338:014** *Ærhúsklauf* örnefni fjárhús

“Litlaklauf eða Ærhúsklauf er lítil klauf vestan í Múlanum skammt sunnan við núverandi fjárhús.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 5-6

**ÁR-338:015** heimild um vatnsból

“Litlaklauf eða Ærhúsklauf er lítil klauf vestan í Múlanum skammt sunnan við núverandi fjárhús. Þar er dý, sem er notað sem vatnsból fyrir bæinn.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 5-6

**ÁR-338:016** *Dagmálavarða* varða eyktamark  
“Dagmálavarða er varða á Múlanaum að sjá í suðaustur frá bænum.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 6

**ÁR-338:017** *Hádegisvarða* varða eyktamark  
“Hádegisvarða er varða sunnarlega í Múlaendanum að sjá í suður frá bænum.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 6

**ÁR-338:018** heimild um fjárhús  
“Stekkatún eða Gamla-Stekkatún er fjárhústóft vestan við Múlann. Þar var ærhús á 19. öld. Síðar var þar fjárrétt og tóftin notuð sem stekkur.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 6

**ÁR-338:019** *Guðnatóft* heimild um fjárhús  
“Guðnatóft nefnist fjárhústóft á vallengisflöt framan við Hannesarklauf. Guðni Þórarinnsson, sem bjó í skamman tíma í Gröf fyrir aldamótin, byggði tóft þessa og við hann er hún kennd. Óvíst er, hvort húsið varð fullbyggt eða haft þar fé.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 7

**ÁR-338:020** *Magragerði* heimild um kvíar  
“Magragerði nefnist stykki í túninu norðan við bæinn, sem var tekið til ræktunar fyrir 1900 utan við hinn forna túngarð. Líklega hefur verið girt í kringum það ... Þar voru hafðar ær í kvíum þar til fráfarum lauk um 1920.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 7-8

**ÁR-338:021** *Framtraðir* heimild um traðir  
“Framtraðir voru traðir frá bænum niður að læknum.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:022** *Bryðjuleiði* örnefni legstaður  
“Bryðjuleiði eða Bryðjuhaugur er stór þúfa á Bryðunefi, þar sem talið er, að Bryðja sú, er fyrst bjó í Bryðjuholti, sé grafinn. Það er gömul hefð að slá ekki Brynjuleiði.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:023** *Hvolpatjörn* heimild um mógrafir  
“Hvolpatjörn nefndist gömul mógröf framan við lækinn á móts við Bryðjunef. Þar var hvolpum drekkt fyrrum.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:024** *Heybandsvað* heimild um vað  
“Heybandsvað nefndist vað á Bryðjuholtslæk skammt ofan við Bryðjunef.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:025** *Gömlufjós* heimild um fjós  
“Gömlufjós nefndist staður í bæjarhólnum vestarlega, þar sem nú er trjagarður. Þar mun hafa verið nauta- eða geldneytafjós á 19. öld.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:026** *Vestur-Kálgarður* heimild um kálgarð  
“Um aldamótin var kálgarður þar fyrir sunnan og vestan við traðirnar nefndur Vestur-Kálgarður.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:027** heimild um hesthús  
“Hesthúshóll nefndist hóll í vesturtúninu, en fyrir aldamót var þar hesthús.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:028** *Hestaréttarhóll* örnefni rétt

“Hestaréttarhóll hefur líklega verið norðvestan í túninu.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt, 8

**ÁR-338:029** heimild um mógrafir

“Mór var tekinn víða við bæjarlækinn í Bryðjuholti, t.d. nálægt Kúadal.” segir í viðbótum við örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt viðb, 1

**ÁR-338:030** heimild um mógrafir

“Mór var einnig tekinn vestur í mýri, sunnan undir Litla-Flatholti. Þar eru nú pyttir, ca. 1 m djúpir.” segir í viðbótum við örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt viðb, 1

**ÁR-338:031** heimild um ristu

“Torfrista var vestur í mýri, útundir Flatholti.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Bryðjuholt viðb, 1

**ÁR-338:032** heimild

“Vorið 1903 var byggð heyhlaða í Bryðjuholti í Hrunamannahreppi. Hún er austantil í bæjarhúsaröðinni. Grafið var fyrir henni rúml. 3. al. djúpt. Þar urðu fyrir leifar af veggjum tveggja tófta, eigi stórra, er virðist hafa verið eldhús og búr.”

“Eldhústöftin var vestar. Í henni voru hlóð og öskustó undir. Þar stóð ljóskota milli steina og tók nokkuð fram úr. Hún var úr steini, er líktist hverfisteini af egni. Endinn, sem inn á milli steinanna var brotnaði af. Kolan sjálf (eða bollinn) er 3x2 þml. á vídd e 1/2 þml. á dýpt. ... Í burtóftinni fundist leifar af skyrkeri, er stóð á 2 grágrýtissteinum, flötum. Efra yfirborð þeirra hafi fengið hvíta húð, en náði nál. 2 línur inn í steininn. Botn kerlins hélt sér og var 1 al. 7 þml. í þvermál. neðri hluti stafanna hélt sér líka, og var lögginn, sem botninn var greiptur í, 1 þml víð. Ofan af kerinu var fúíð, svo hæð þess varð ekki ákveðin. Í því var hvítt og gráleitt skyrefni, en ekki var það hreint nema neðst við botninn. Ofan til var það blandað mold og ösku. Austur af þessum tveim tóftum, framan til, urðu fyrir leifar af smiðju. Þar var aska mikil og viðarkolabingur. Þar var og dálítill stöpull eða hlaði af hellublöðum, er höfðu fengið svartan lit. Það hefir að líkindum verið smiðju-aflinn. Þar fannst hnífsbláðsbrot, er þó var svo ryðgað, að það hélt sér ekki.”

**Heimildir:** BJ: “Fornleifafundur í Bryðjuholti 1903” Árbók 1904, 22-23

**ÁR-338:033** gripir

1939 fannst hringur frá 14. eða 15. öld í gömlum kálgarði.

**Heimildir:** KE: “Hringur með nöfnum” Árbók 1949-50, 130

## **ÁR-339 Kópsvatn**

24 hdr 1709. Kóksvatn og Kógsvatn eru fornar nafngiftir. Kóksvatn sennilega fumgerðin. HP: Rannsókn og leiðrjettingar” Árbók 1923, 25. 1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju. DI II, 665-666. Jörðinni skipt í Kópsvatn I og II árið 1945.

1922: Tún 6 ha, garðar 9,4 arar. “Landrými jarðarinnar er í góð meðallagi. Mikill hluti landsins er grafið mýrlendi og var vetrararbeit þar með ágætum, einkum fyrir hross og sauði. Nokkur hluti landsins er lágir ásar og hæðadrög með vallendisgróðri. Allgott og skjólsamt beitiland. Þurrlendi til ræktunar er nokkuð, einkum meðfram Hvítá.” SBI, 311

**ÁR-339:001** *Kópsvatn* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:002** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:003** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:004** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:005** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:006** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:007** heimild um brunn

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-339:008** heimild um fjárhús

“Netholt nefnist allstór holt út við Hvítá ... Fremri hluti holtsins hefur verið ræktaður, og er nú fjárhús syðst á því. Áður var fjárhús norðar, við suðvestur enda eystra klettabeltisins, og hefur þar trúlega fjárhús verið um langan tíma og jafnvel byggð manna til forna, því að lag með viðarkolum og ösku má finna í moldarbakka þar hjá.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 2

**ÁR-339:009** heimild

“Þíkholt er örlítið holt eða rimi í mýrinni sunnan við Netholt. Þar eru einhverjar tóftir.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 2

**ÁR-339:010** heimild um fjárskýli

“Borgardalur nefnist dalurinn austan við Hádegisás, en austan við hann er innsti hluti Skarðáss og þar fyrir innan Litli-Skyggirnir. Nafn dalsins er líklega dregið af fjárborg, e.t.v þeirri sem enn má sjá við Þjóðveginn norðan við Auðnugil.” segir í örnefnaskrá ÞM: “Þarna austan vegarins eru og fleiri mannvirki, og virðist þar vera a.m.k. ein hringlaga rúst. Hún er sennilegast af fjárborg, enda heitir þarna í grenndinni Borgardalur.”

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 5; ÞM: “Rannsókn fornruistar við Auðnugil” Árbók 1984, 189

**ÁR-339:011** bæjarstæði býli

“Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem Þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld. Ein þeirra, sem hefur verið mannaþustaður, hefur verið rennsökuð af Þjóðminjasafninu.” segir í örnefnaskrá “Í landi Kópsvatns, þar sem heitir Auðnugil eru fornar byggingarleifar, og sumarið 1964 var rannsökuð þar forn húsatóft, sem virðist greinilega frá því í fornöld eða snemma á miðöldum.”

ÞM 1972: “Þarna hefur verið langhús, mjög lítið þó, og sneru framhlið til suðurs, en dyr hafa verið á göflum, að austan og vestan, en um sumt var hús þetta nokkuð óljóst.” ÞM:1984: “Um 7-8 m í vestur frá þessu húsi voru háar þúfnamyndanir, og var grafinn þar prófskurður frá norð-vestri til suð-austurs. Undir grasrótarmold tóku við rofmoldir og um 60-70 sm undir yfirborði komu í ljós tveir veggir, sem lágu þvert á skurðinn. Voru þeir greinilega samsíða og breiddin milli þeirra um 2,90 m. Vottaði fyrir gólflagi á milli veggjanna, en þó var það óljóst. Veggirnir voru gerðir úr torfum, sem ef til vill mætti kalla streng, og hefur a.m.k. ein þeirra verið um 1 m að lengd. Í torfunum sást greinilega öskulagið, sem talið er komið af Torfajökulssvæðinu um 900, “landnámslagið” svonefnda. Einnig sást ógreinilega votta fyrir öskulaginu frá Heklu 1104 í torfunum, og má af þessu tvennu marka það, að þessi bygging hafi sennilegast verið reist á 12. öld. ... Þótt ekki hafi þarna verið rannsakaðar til hlítar nema þetta eins hús við Auðnugil eru þó fleiri mannvirki sýnileg á þessu svæði. Ofan við veginn, norð- austan við rannsóknarstaðinn, er stór og mikil tóft, sem snýr nokkurn veginn frá vestri til austurs. Örlítið var grafið í hana til prufu ... Ekki mun neins staðar vera gerið um byggð á þessum stað í heimildum svo vitað sé. Rústirnar virðast mjög gamlar, og enn sem komið er eru það aðeins eldfjallaöskulögin frá um 00-1104, sem gefa nokkuð til kynna um aldurinn, og er þó ekki ert að draga of ákveðnar niðurstöður um aldur rústanna á þessum slóðum út frá öskulögunum einum. Hafi húsið, sem rannsakað var, verið íveruhús, sem allt virðist benda til, hefur það verið af annarri gerð en flest slík hús sem rannsökuð hafi verið hérlendis. Sögualdar- og miðaldahús einkennast af hinu aflagna skálalagi, þar sem skálinn er gríðarstórt hús, oft yfir 20 m langt, sem dregst að sér til endanna, og eldstæðið, langeldurinn, er á miðju gólfi og snemma á miðöldum koma svo útbyggingar frá skálunum. Hugsanlegt er þó, að þarna hafi verið um að ræða einhvers konar bráðabrigðarhús, sem komið hafi verið upp og menn búið í meðan annað og varanlegra hús var í byggingu ... Einnig mætti hugsa sér, að hér kunni að hafa verið sel.”

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 6; ÞM: “Sögualdarbyggð í Hvítárholti” Árbók 1972, 7; ÞM: “Rannsókn fornruistar við Auðnugil” Árbók 1984, 189-190

**ÁR-339:012** *Brúnarhús* heimild um fjárhús

“Brúnarhús nefndist fjárhús sem var inn á Kópssvatnsmýri neðan við Brúnina og norður frá Stekkatúni. Þetta fjárhús var notað til 1942 og síðan rífið.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 6

**ÁR-339:013** *Strútsgerði* örnefni

“Strútsgerði. Nafn þetta er nú að mestu gleymt, en átt mun vera við stað á eða nálægt Auðnugilsmóum norðan við Auðnugil en staðsetning er óviss.”

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 6

**ÁR-339:014** heimild um leið

“Krossgötur munu vera staður í Smáholtum eða við Skrugguflöt, þar sem reiðgötur frá Kópssvatni skiptust, annars vegar austur að Reykjadal og hins vegar upp að Skipholti.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 7

**ÁR-339:015** heimild um leið

“Krossgötur munu vera staður í Smáholtum eða við Skrugguflöt, þar sem reiðgötur frá Kópssvatni skiptust, annars vegar austur að Reykjadal og hins vegar upp að Skipholti.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 7

**ÁR-339:016** *Grænagerði* örnefni

“Grænagerði er nú gleymt, en hefur að líkindum verið vestan við Kópssvatnsás nálægt Grásteinshvammi.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 8

**ÁR-339:017** *Kirkjugötur* heimild um leið

“Kirkjugötur nefnast gamlar reiðgötur, sem liggja á ská upp Kópssvatnsás neðan undir Brúnkletti og síðan austur yfir ásinn norðan við klettinn. Nafnið bendir til, að þarna hafi verið reiðvegur til kirkju. Þessar götu hafa þó ekki bara verið kirkjugötur heldur ævaforð þjóðleið, að líkindum alþingisvegurinn forni.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 8

**ÁR-339:018** *Hádegisvarða* varða eyktamark

“Hádegisvarða nefnist varða á Bæjarásnum fram við Bryjuholtsmörk, og er hún í hásuðri að sjá frá Kópssvatnsbænum.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 9

**ÁR-339:019** heimild um lambhús

“Lambhúsholt nefnist lítið holt í mýri sunnan við bæinn. Þar var lambhús.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 9

**ÁR-339:020** heimild um túngarð

“Suðvestan í holtinu [Lambhúsholti 019] var áður 1 dagsláttu afgirt með torfgarði ...” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 9-10

**ÁR-339:021** heimild um hesthús

“Hesthúsmýri var þar sem nú er tún að sjá í stefnu á Miðmundaholt. Þar mun hafa verið hesthús fyrrum eins og nafnið bendir til en seinast fjárhús.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 10

**ÁR-339:022** heimild um kvíar

“Kvíakrókur nefndist túnfitin austan við bæinn og niður að Keldunni, þar voru ær mjólkaðar í kvíum, en fráfarur voru síðast á Kópssvatni árið 1928.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 10

**ÁR-339:023** heimild um fjárhús

“Fjárhúsholt er holt vestan við Kópssvatnsás að sjá í norður frá Dúnkletti en í austur frá bænum. Þar hefur oftast verið fjárhús. Stöðuholt mun vera annað nafn á Fjárhúsholti.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópssvatn, 10



**ÁR-339:024** *Torfdý* örnefni rista

“Torfdý nefndust tvö eða þrjú dý vestan við Fjánhúsholtið.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 10

**ÁR-339:025** *Stekkatún* örnefni stekkur

“Stekkatún er lágt holt skammt norðan við Fjánhúsholt vestan við Kópsvatnsás. Þar er enn fjárhús, sem var notað til 1976.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 10

**ÁR-339:026** heimild um fjárhús

“Stekkatún er lágt holt skammt norðan við Fjánhúsholt vestan við Kópsvatnsás. Þar er enn fjárhús, sem var notað til 1976.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 10

**ÁR-339:027** *Draugar* örnefni

“Draugar, Norðurfjósenni, Gerði, Svunta og Breiðaskák eru örnefni í heimatúni sem BJ nefnir, en þau eru nú gleymd og staðsetning óviss.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 11

**ÁR-339:028** *Norðurfjósenni* örnefni fjós

“Draugar, Norðurfjósenni, Gerði, Svunta og Breiðaskák eru örnefni í heimatúni sem BJ nefnir, en þau eru nú gleymd og staðsetning óviss.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 11

**ÁR-339:029** *Gerði* örnefni

“Draugar, Norðurfjósenni, Gerði, Svunta og Breiðaskák eru örnefni í heimatúni sem BJ nefnir, en þau eru nú gleymd og staðsetning óviss.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kópsvatn, 11

**ÁR-339:030** heimild

Í grunni nýs íbúðarhúss. “Er komið var á staðinn reyndist vera búið að fjarlægja allan jarðveg af hússtæðinu og slá upp móti fyrir sökkulveggjum hússins. Hið hringlaga mannvirki, sem er í litlu skoti fast við suðurhlíð hins nýja íbúðarhúss, reyndist vera skálarlaga hola, 114 cm í þvermál og 22 cm djúp í miðju. Hliðar hennar voru klæddar lagi af rauðbleikum leir sem var 14 cm þykkt þar sem það var þykkast.. Að öðru leyti er skálin full af mold sem blönduð er grófri gjósku. Í miðju holunnar er botninn ósléttur og leirlagið er rofið sundurá 12 cm breiðum kafla. Þar í voru leifar af dökkri gjósku og lítill steinn. Ekki virðist þó um að ræða að þar hafi verið grafið neitt dýpra niður en sem nemur botni holunnar. Undir leirlaginu og yfir því virðist vera sandur eða gjóskuleifar. Holan er grafin ofan í ljósbrúna, óhreyfða mold. Í skurðbakka sem var um 1 m frá skálinni mátti sjá mannvistarleifar og slitur af landnámslaginu, gjóskulagi frá 871-72, á sama dýpi og skálin er. Þessar mannvistarleifar voru ekki rannsakaðar frekar. ... Á Kópsvatni fannst grunn skálarlaga gryfja sem klædd var að innan með 5-14 cm þykkt lagi úr mjúkum leir. Byggingafrákvæmdir á staðnum höfðu rofið samhengi skálarinnar við hugsanleg mannvistarlæg umhverfis ... Í skálinni á Kópsvani fannst heldur ekkert sem bent gæti til notkunar hennar ...” Sennilega hefur hún verið notuð til að halda vatni eða öðrum vökva.

**Heimildir:** Guðmundur Ólafsson: Skálarlaga leirgryfja að Kópsvatni, 5, 8

## **ÁR-340 Kotlaugar**

17 hdr 40 al. 1686, Jarðadýrleiki óviss 109, 20,6 hdr 1847. 1709 segir að jörðin hafi áður verið hjáleiga frá Skippholti. JÁM II, 264. Skálholtskirkjújörð. 1904 fara Kotlaugar í eyði og leggjast undir Skippholt. Árið 1958 fá núverandi ábúendur 30 ha. land úr Kotlaugalandi og reistu þar býli. SBI, 314. 1921: Tún 2,8 ha, mikið slétt, garðar 3,6 arar.

**ÁR-340:001** *Kotlaugar* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-340:002** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-340:003** heimild um túngarð

1781 hafði Guðbrandur Auðunarson bóndi í Kotlaug beðið um verðlaun fyrir túngarðahleðslu en þau voru ekki ákvörðuð þar sem ekki var vitað hvað hann hafði hlaðið mikið.

**Heimildir:** RLLF II, 264

**ÁR-340:004** *Fjóshóll* örnefni fjós

Engar staðsetningar í skrá, í túni.

**Heimildir:** Ö-Kotlaugar, 18

**ÁR-340:005** *Borgardalur* örnefni

Engar staðsetningar í skrá, í úthaga.

**Heimildir:** Ö-Kotlaugar, 18

**ÁR-340:006** *Núpagerði* örnefni

Engar staðsetningar í skrá, í úthaga.

**Heimildir:** Ö-Kotlaugar, 18

**ÁR-340:007** *Lambhústún* örnefni lambhús

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Kotlaugar BJ, 127

## **ÁR-341 Skollagróf**

1709: Hjáleiga Skipholts. 1921: Tún 2,1 ha, 9/10 slétt, garðar 6,9 arar. “Meðaljörð að landrými. Landið að mestum hluta fjalllendi, hæðir og lægðarrög með vallendisgróðri. Gott og skjólsamt beitarnland, einkum að sumarlagi. Mýrlandi er ekki mikið, en grasgefið. Engjar voru lítilfjörlegar.” SBI, 315

**ÁR-341:001** *Skollagróf* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-341:002** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-341:003** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-341:004** *Ólafsstekkatún* örnefni stekkur

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Skollagróf, 127

**ÁR-341:005** *Stekkatún* örnefni stekkur

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Skollagróf, 127

**ÁR-341:006** *Stekkatúnsvarða* varða

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Skollagróf, 127

**ÁR-341:007** *Vörðutún* örnefni

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Skollagróf, 128

**ÁR-341:008** *Skjólgarðurinn* örnefni

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Skollagróf, 128

## ÁR-342 Skipholt

40 hdr. 1695, Jarðadýrleiki óviss 1709, 55,3 hdr. 1847. Skálholtskirkjujörð. Bænhús á jörðunni. [1331]: “[frá Bræðratungu] songur ... j skipholt. takast þadann tuær merkur;” Máldagi Bræðratungu DI II 669. [1356]: “[frá Bræðratungu] Songgur ... j skipholt. takast þadan ij merkur” ; Máldagi Bræðratungu DI III 115. Hjáleigur Gróf og Kotlaugar, sem var orðinar sjálfstæð jörð árið 1709. Jörðinni skipt upp 1932 í Skipholt I, Skipholt II (í eyði), Skipholt III byggt úr S II og Hvítárdal, byggðan úr landi S I árið 1945.

1921: Tún 8,9 ha, slétt, garðar 8,75 arar. “Landslagið fjölbreytt og eins gróðurfarið. Á landinu skiptast á brattir ásar og mýrarsund, gil og skorningar, stórir mýrarflákar, vallendismóar og grösugar brekkur. Landið er yfirleitt vel gróið og mikið af því mjög grasgefið.” SBI, 316

**ÁR-342:001** *Skipholt* bæjarhóll bústaður  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-342:002** heimild um bænhús  
SKIPHOLT Í HRUNAMANNAHREPPI (BRÆÐRATUNGUÞING og REYKJADALSÞING) (Á) - BÆNHÚS  
[1331]: [frá Bræðratungu] songur ... j skipholt. takast þadann tuær merkur; Máld DI II 669 [Bræðratungu]  
[1356]: [frá Bræðratungu] Songgur ... j skipholt. takast þadan ij merkur; Máld DI III 115 [Bræðratungu]  
**Heimildir:** DI

**ÁR-342:003** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-342:004** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-342:005** heimild um útihús  
**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-342:006** heimild um túngarð  
1781 hafði Jón Jónsson bóndi í Skipholti beðið um konungleg verðlaun fyrir túngarðahleðslu en þau voru ekki ákvörðuð þar sem ekki var vitað hvað hann hafði hlaðið mikið. 1781 veitir danska landbústjórnarfélagið Jóni Jónssyni í Skipholti “hin fyrstu verðlaun 30 ríkisd. fyri fyrir hann hefir árit 1779 reist 203 fadma af griotgardi vandliga hlöðnum af velvöldum og klofnum steinum, og þar ad auk 52 fadma af torfgardi, og hefir ord fyrir at vera búmaðr mikill, og fiskinn jög.”  
**Heimildir:** RLLF II, 264, 278

**ÁR-342:007** *Skipholtskot* heimild um býli  
1781 hafði Jón Magnússon bóndi í Skipholtskoti beðið um verðlaun fyrir túngarðahleðslu en þau voru ekki ákvörðuð þar sem ekki var vitað hvað hann hafði hlaðið mikið.  
**Heimildir:** RLLF II, 264

**ÁR-342:008** *Borgarsund* örnefni  
“Með Hvítá frá Gróf að Haukholtislandi: Úthagi, Steypa, Borgarsund ...” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1

**ÁR-342:009** *Ferjudælur* örnefni ferja  
“Með Hvítá frá Gróf að Haukholtislandi: Úthagi, Steypa, Borgarsund, Ferjudælur ...” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1

**ÁR-342:010** *Fjárskjólíð* örnefni  
“Vesturfjallið: Ungamýri, Ungamýrarholt, Grófin, Kamburinn, Fjárskjólíð ...” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1

**ÁR-342:011** *Vörðuás* örnefni  
“Vesturfjallið: Ungamýri, Ungamýrarholt, Grófin, Kamburinn, Fjárskjólíð, Stóri- og Litli-Varmidalur, Kippás, Kippir, Vörðuás ...” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1

**ÁR-342:012** *Kotið* örnefni býli

“Milli fjalla: Breiðamýri, í henni eru: Álatjarnir, Þrætuspotti. Presthóll, Aurar, Kambar, í þeim arnarsetur. Kambasund, Kotið, Kotásar.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1

**ÁR-342:013** *Seljadalur* örnefni sel

“Vesturfjallið að innan út eftir: Krókagil, Hlíðin, Alviðrudalur, Steinbogamýri, Mjóvidalur, Skyggvir, Skollagrófarás, Skollagrófir, Faustar (ásar), Seljadalur ...” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1

**ÁR-342:014** *Borgardalur* örnefni

“Kotlaugafjall: Sýrlækur (í merkjum), Laugarlágur, Jórúkleif, Dimmagróf. Borgardalur ...” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Skipholt, 1-2

**ÁR-342:015** *Kuðungur* heimild

“Í Skipholtstúni: Ráðmannshóll, Dyravöllur, Dúradæld, Kuðungur (kofi), Gæðingur, (kofi), Hausti (tóft).” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Skipholt, 2

**ÁR-342:016** *Gæðingur* heimild

“Í Skipholtstúni: Ráðmannshóll, Dyravöllur, Dúradæld, Kuðungur (kofi), Gæðingur, (kofi), Hausti (tóft).” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Skipholt, 2

**ÁR-342:017** *Hausti* heimild

“Í Skipholtstúni: Ráðmannshóll, Dyravöllur, Dúradæld, Kuðungur (kofi), Gæðingur, (kofi), Hausti (tóft).” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Skipholt, 2

**ÁR-342:018** *Steypa* heimild um vað

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Skipholt BJ, 129

**ÁR-342:019** bæjarstæði býli

“Rétt innan við Skipholt, sunnan undir svokölluðum Kömbum, komu fyrir nokkrum árum íljós fornar mannvistarleifar.” “Þar hafði skurðgrafa farið í gegnum mýri og kom upp í ruðningunum mikið af eldiviðarösku og járneggjalli. Einnig fannst þarna hálf sörvistala, greinilega frá Víkingaöld, og sést af þessu, að þarna hefur verið bær snemma á öldum. Ekkert var þó eftir af eiginlegum rústum, þar eð túnrækt hafði afmáð þær, en þó sást þar hellustétt eða flór, sem hefur verið gerð í sambandi við byggingar. Er hugsanlegt, að bærinn í Skipholti hafi forðum staðið á þessum stað en síðar verið fluttur um set.”

**Heimildir:** ÞM: “Sögualdarbyggð í Hvítárholti” Árbók 1972, 6-7

## **ÁR-343 Haukholt**

27 hdr 40 al. 1686, 20 hdr 1709, dýrleiki þó talinn óviss, 38 2/3 hdr. 1847. Skálholtsstólseign 1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju. DI II, 665-666. 7.5.1493: Jörðin Haukholt í Ytrahreppi er í Reykjadalaskirkjusókn. DI VII, 176. Sú sögn lifir að Haukur landnámsmaður í Haukadal hafi haft hér útibú eða selstöðu. FF, 212. 1709 eru hjáleigur í eyði Haukaholtskot og Tójanstaðir. JÁM II, 268.

1921: Tún 4,9 ha, um 2/3 slétt, garðar 11 arar. “Jörðin er landstór og landið að miklum meirihluta þurrlandi. Beitilandið er víðáttumikið og skjólgott með fjölbreyttum gróðri, en ekki grasgefið að jafnaði. Útlengjastætur voru frekar lélegar og reytingssamur heyskapurinn. Ræktunarland er nú að mestu fullnýtt, nema mýrarspildur, sem liggja svo fjarri bæ, að til erfiðleika er.” SBI, 321

**ÁR-343:001** *Haukholt* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-343:002** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-343:003** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-343:004** heimild um útihús

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-343:005** *Haukur* kuml legstaður

“Austan við bæinn er hár, langur ás, sem heitir Haukur, og dregur bærinn nafn af honum. Á ásnúmi miðjum er hnjúkur í leiðislögun og heitir Hauksleiði. Uppi á Hauksleiði er varða ...” segir í örnefnaskrá “Af Landnámsmanni Hauki í Haukadals, er Land nam austur yfir Hvítá í miðjann Ytrahrepp, tekur Jörðin Haukhollt, efsti Bær í Reikiadals Sókn, ad Líkindum sitt Nafn, hvar téður Haukur mun hafa haft Utibú eda Selstödur; - Rétt fyrir austan Túnid á þessum Bæ, er aflángt Hollt eda Ás kalladur Haukur, því ádurgreindur Fornmadur skyldi þar heygdur vera; - en enginn Merki eru þar þó sjáanleg til hans Legstadar.” FF,212.

**Heimildir:** FF, 212-214; Ö-Haukholt, 8

**ÁR-343:006** *Steinbogi* þjóðsaga brú

Frásögn um steinboga sem var yfir Hvítá í Brúarhlöðum í tíð Hauks....osv.fr. .

**Heimildir:** FF, 212

**ÁR-343:007** *Haukholtakot* bæjarstæði býli

1709: “Haukhollta kot stóð við túnið og var haldið fyrir fjórðung af jörðunni. Er í fyrstu bygt fyrir 50 og nokkrum árum. ... Þetta kot hefur legið í eyði síðan í fyrra vor, kynni eins vel aftur að byggjast og hún var bygd, en það afgangi jörðunni, og væri því ekki til neins hagnaðar heldur til skaða.” í suður frá fjárgerðinu [013] er tún, sem nefnist Kotatún. Þar í túninu var býli í eina tíð og hét Haukholtakot og er nafnið Kotatún dregið af því býli.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** JÁM II, 268; Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:008** *Tjóanstaðir* bæjarstæði býli

1709: “Tjóans Stader, aðrir kalla Tóna-Stade, hefur hjáleiga heitið í Haukholla landi, nú í eyði verið í meir en 20 ár, þar fyrir var þar bygt í 10 ár eður þar um, en ekki áður í manna minni, þó er nafnið gamalt, og ætla menn fyrir víst þar fyrrum hafa bygd staðið, en það fyrir ærið löngu. 80 ár eða þar um lá það í eyði áður en þessi bygd aftur hólf, segir Jón Eiríksson eftir móður sinni. Kotið var undir byggingu Skálholts manna, og léðu þeir ábúandanum slægjur í Skipholtslandi, sem þá var staðarbú ...” “Norður af Bringamýri er allhár stakur ás, sem heitir Túnastaðaás. ... Vestan í Túnastaðaás að norðanverðu var túnblettur með húsarústum á, og var þar býli til forna. Hét það Tannastaðir (Túnastaðir). Sagt er, að þar hafi búið maður á vegur Skálholtsbiskups. Nú eru þar lítið notuð fjárhús og tún í kringum þau.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** JÁM II, 268; Ö-Haukholt, 7

**ÁR-343:009** heimild um útihús

“Milli íbúðarhússins og nýju fjósbyggingarinnar eru gömul peningshús.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 1

**ÁR-343:010** heimild um áveitu

“Norðaustur frá Köldutjörn eru tún, sem ná austur að Bæjargili. Þau heita Flesjur og eru sunnan við Fit. Síðan kemur Veita og Veitunef ... Nöfnin Veita og Veitunef eru vegna þess að einu sinni var veitt yfir þetta svæði vatni úr Köldutjörn, en það var gert áður en þetta svæði var ræktað.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 3

**ÁR-343:011** *Borg* bæjarstæði bústaður

“Austan við Bæjargilið er tún sem nefnist Balar. Syðst á Balatúninu á einsetumaður að hafa búið, og nefndist það Borg. Lengi vel sást móta fyrir rústum, en nú eru þær útjafnaðar.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 3

**ÁR-343:012** heimild um hrútakofa

“Austan við fjós og syðst í Langhala var Hrúthóll; nafnið var dregið af kofa þar skammt frá, sem hrútar voru geymdir í. Nú er þessi hóll mikið til útmokaður.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:013** heimild um rétt

“Sunnan við Lambasíki tekur við aðrekstrargerði og gömul fjárrétt hlaðin úr grjóti.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:014** *Stöðullinn* örnefni kvíar

“Norður af fjárréttinni var Stöðullinn, en það var sléttur blettur þar sem ærnar voru mjólkaðar.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:015** heimild um mógrafir

“Í Stöðulnesinu á smánefi við lækinn var þurrkaður mór, sem tekinn var úr læknum. Þetta ef heitir Mónef. Víða í læknum má sjá stórar mógrafir.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:016** heimild um fjárhús

“Síðan kemur annað tún, sem heitir Stekkatúnsnes. Þar var fjárhús í eina tíð, nú er þar tún.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:017** *Stekkatún* örnefni stekkur

“Síðan kemur annað tún, sem heitir Stekkatúnsnes. Þar var fjárhús í eina tíð, nú er þar tún.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 4

**ÁR-343:018** *Tæpistígur* örnefni leið

“Niður með Haukholtagili að vestan fyrir sunnan Gránunes, er um það bil 100 m klettabelti, sem heitir Tæpistígur.”

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 6

**ÁR-343:019** *Leiðafłöt* álagablettur

“Suður af Miðmundafłötum, meðfram Haukholtagili, er Leiðafłöt. Þar er vallendisgróður og einnig eru þúfur, sumar mjög stórar, sem líkjast leiðum, og þau munnmæli fylgja, að ef hreyft sé við þessum stað, þá eigi bæinn að sýnast standa í björtu báli.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 6

**ÁR-343:020** gripir

“Svartagil á upptök sín í Vetrarmýri og rennur í suður í Alviðrudalsgil og myndar þar sporð, Eystri-Sporð. Svartagil einkennist af svörtum þursabergsklettum meðfram gilinu. Sögur herma, að þar hafi verið barízt og líkin grafin á Leiðafłöt. Átti að hafa fundizt spjótsoðdur í Svartagili því til sönnunar.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 6-7

**ÁR-343:021** *Stekkjárs* örnefni stekkur

“Austan við túnin, sem eru austan við Haukholtagil, og vestan þjóðvegarsins er allstór ás, sem liggur í suður og nefnist Stekkjárás.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 7

**ÁR-343:022** *Alviðrudalur* álagablettur

“Alviðrudalsgil á upptök sín í Steinbogamýri og er landamerki milli Skipholts og Haukholta. Austur með gilinu er Alviðrudalur, allstór dalur grasi vaxinn. Munnmæli segja, að þar megi ekki slá, því það hafi illt í för með sér.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 7

**ÁR-343:023** *Alviðrudalshús* heimild um fjárhús

“Norður af Alviðrudal [022] liggur Vestri-Alviðrudalsás. Það er stór ás með lélegum gróðri og liggur hann alla leið að Alviðrudalshúsi, sem eru fjárhús. Í kringum fjarhúsið er Alviðrudalsgerði.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 7

**ÁR-343:024** *Katrínarvarða* varða

“Beint austur af Fögrumýri er varða á ás í Dalholtunum, sem heitir Katrínarvarða.” “Þegar konur frá Fossi og Haukholtum komu í heimsókn hvor til annarrar, þá fylgdi húsfreyjan hinni konunni oft áleiðis heim aftur og var oft fylgt úr að Katrínarvörðu.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 7

**ÁR-343:025** varða

“Vestan við Fögrumýri er langur ás, sem heitir Langiás. Syðst á ásnnum er stór varða.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 7

**ÁR-343:026** *Tíkarvarða* varða

“Austan Langáss, norðan Fögrumýrar er rakt mosaland, sem heitir Nýgræði. Vestan við Nýgræði, uppi á Skerslunum, er hár grjóthóll með vörðu upp á, og heitir hún Tíkarvarða.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 8

**ÁR-343:027** *Einbúahús* heimild um fjárhús

“Vestan í Skerslunum eru grastorfur og lynggróður á milli. Nefnist þetta svæði Brekkur. Innst í Brekkunum var fjárhús, (nú rústir), Einbúahús.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Haukholt, 8

## **ÁR-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð**

**ÁR-681:001** heimild um leið

“Fyrrum var leiðin úr Hrunamannahreppi og inn á afrétt, inn Tungufellsdal og inn Deild eins og nú er. Innst í Deild var síðan farið vesturá við og inn með Hádegishæð að vestan. Innan til frá hæðinni var heimreiðin að Hamarsholti og sést ennþá fyrir djúpum tröðum heim túnið. Afréttarleiðin lá vestan við Skollatorfu. Stuttu innar sveigði hún lítið eitt vesturá við og yfir Miðgilið austan til. Nokkru innar er hlaðinn grjótgardur að koma undan háu rofaarði. Stefna garðsins er þvert á stefnu Hvítár. Þar sem gatan liggur yfir Illagil er einstigi skáhallt ofan í gilið. Á steininn er klöppuð skora. Áður fyrr var götunni lokað með járnkarli, þannig að örðum enda hans var stungið inn í gilbarminn en hinn endinn lagður ofan í skoru þá sem klöppuð var í steininn.” segir í örnefnaskrá GG

**Heimildir:** Ö-Hamarsholt GG, 6

**ÁR-681:002** heimild um leið

“Tíðaskarð er gildrag úr Kúadal og niður á Eyrar. ... Um Tíðaskarð fóru Stóru-Núpsprestar, er þeir komu til að messa í Hrepphólum. Um Tíðaskarð lá einnig gömul þingmannaleið alla leið austan úr Skaftafellssýslum.” “Leið Skaftfellinga og Rangæinga, er riði var til Þingvalla árlega, sem kunnugt er, var þannig, að riði var yfir Þjórsá á Nautavaði, og er það eina varð á Þjórsá, sem má næstum alltaf teljast reitt. Þaðan lá leiðin þvert yfir Gnúpverjahrepp, á Háholtsvað á Stóru-Laxá. Þaðan eftir Tíðarskarði og upp í Skógarskarð austan við tún í Hrepphólum. Þaðan lágu þessar götu til norður yfir Hrunamannahrepp og yfir Hvítá á Kópsvatnseyrum, og er það eina vað á Hvítá fyrir neðan Gullfoss. Hvítá var riðin nokkuð fyrir ofan Gullfoss, svo og fyrir innan Bláfell, skammt frá, þar sem brúin er nú, þó því aðeins, að lítið vatn væri í ánni.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 13

**ÁR-681:003** heimild um leið

SSÁ: “Alfaravegur Hrunamannahrepps liggur fram hjá Langholti og þar suður yfir Laxá, fram á Skeið.”

**Heimildir:** SSÁ, 113

**ÁR-681:004** heimild um leið

BJ taldi sig hafa fundið fornan veg sem lá frá varði á Hvítá hjá Bræðratungu, austur um Hrunamannahrepp og austur yfir Stóru-Laxá á Mýrarskógarvaði framan við Hrunakrók. Einnig taldi hann sig jafnvel sjá framhald á Flóamannaafreitt sem stefndu til Þjórsárdals.

**Heimildir:** BJ: “Flosatraðir og þingfaravegur” Árbók 1895, 22-23

**ÁR-681:005** heimild um leið

“... merkilegt er að leiði í norður frá Hruna lá ekki þar sem núna er þjóðvegur um Hrunavöll heldur var farið upp fyrir Hrunann sjálfan að austanverðu og síðan um Leynisása svonefnda niður á Hrunavöll. Ofan á Leyningsásnum má en glögglega sjá göturnar sem liggja yfir Laxá að Berghyl og áður voru nefndar. Í

Hrunavelli liggja þær hjá Ketilhól sem er skýrt kennileiti. Í stað þess að fara leiðina áfram frá Berghyl um Gildruhaga mátti sveigja til vesturs um kirkjuskarð og síðan fara upp hjá Skipholti og um Steypu eða Steypuvað á Hvítá og hjá Drumboddsstöðum alla leið í Haukadál, ef vildi.”

**Heimildir:** HP: “Hruni” Árnésingur V, 21

**ÁR-681:006** heimild um leið

“Aðrar götur sjást frá Leynisásnum og liggja vestar um Hrunavöll, stefna sem næst að núverandi brú á Litlu-Laxá. Þær héldu áfram norður fyrir Túnsberg og sveigðu þar til vesturs yfir Nónás og síðan um mýrarsund til suðvesturs að Kópsvatnsási og Kópsvatni. ... Í áður nefndu mýrarsundi voru gerðar brýr sem en má sjá. Þetta er að hluta gamla kirkjuvegurinn milli Kópsvatns og Reykjadal...”

**Heimildir:** HP: “Hruni” Árnésingur V, 21

**ÁR-681:007** heimild um leið

Tvær leiðir var hægt að fara frá Nautavaði á Þjósrá, önnur um Laxárdal og hin um Sólheima.

**Heimildir:** HP: “Hruni” Árnésingur V, 27

**ÁR-681:008** heimild um leið

Tvær leiðir var hægt að fara frá Nautavaði á Þjósrá, önnur um Laxárdal og hin um Sólheima.

**Heimildir:** HP: “Hruni” Árnésingur V, 27

## ÁR-682 Óstaðsetjanlegar fornleifar

**ÁR-682:001** *Nýibær* bæjarstæði býli

“Nýibær. Öðru nafni Bjarnastaðir að ég tel víst, vegna þess að sama fólk býr í Nýjabæ 1773 og 75 og á Bjarnastöðum 1777 ... Annars hef ég hvorki séð eða heyrt þessi bæjarnöfn í þessari sveit, og svo veit ég ekki, hvar þetta býli hefur verið, þó ég telji mig hafa líkur fyrir, að í Grafarbakkalandi hafi það verið, og þá helzt í þýfunum sunnan jarðfalla, þar sáust lengi húsarústir.”

**Heimildir:** Gestur Oddleifsson: “Eyðibýli í Hrunamannahreppi” Heimir, 2

**ÁR-682:002** *Másstaðir* bæjarstæði býli

Landnámsjörð Más Naddoddsósonar. Innan við Hörgsholt.

**Heimildir:** Heimir, 3; ÍF I, 382-383

## ÁR-683 Hrunamannafréttur

Vesturmörk eru um Hvítá og Jökulkvísl inn í Blágnípu sunnan í Hofsjökli. Austurmörk eru Stóra-Laxá að upptökum og síðan lína um Eystri-Rjúpnafell, Lambafell, Kisufell, Þverfell og í jökulinn. Búðará fyrir innan Þorsteinshöfða var talin vera á mörkum afréttar og heimalanda en Tungufell átti þó slægjuland í Búrfellsmýrum innan við Búðará og notaði það af og til fram að 1890 - GR II, 142. Ekki var farið í fjárleitir í Kerlingarfjöll “fyrr en um og eftir miðja 19. öld. Smöluðu þá Húnvetningar Jökulkrókinn og Blánípuverin. Hreppamenn fóru lengst innst á Skipholtskrók, en hann liggur með Jökulkvíslinni, sunnan og vestan við fjöllin.” GR II, 138. Árið 1980 keypti Hrunamannahreppur 1400 ha úr landi Jaðars sem hafði verið innan fjallgirðingar - GR II, 183.

“...skammt fyrir innan Hamarsholt skiptir mjög um til hins verra, því að þar tekur við ríki sandfoks og uppblásturs. Þar er land ýmist örfoka eða hálfblásið, en á stöku stað standa eftir stórar og litlar torfur með heiðargróðri, sem veita eyðingunni viðnám ... Ekki hefur uppblásturinn alls staðar náð sér niðri, svo er t.d. í lægðunum og þar sem mýrlendi er og fitjar meðfram ám og lækjum. Þar er ennþá kjarngott beitiland fyrir þúsundir sauðfjár og fjölda hrossa. / Mjög hefir landið innan við byggðina breyst til hins verra í tíð núlifandi manna. Má rekja orsakirnar að nokkru til þess, að skömmu eftir aldamótin síðustu var sett girðing framan við afréttinn, milli Hvítár og Stóru-Laxár, til þess að verja sauðfénu bæði í afrétt á vorin og heim aftur á haustin. Þá var landið víða kjarri og skógi vaxið. En nú brá fljótt til hins verra. Sauðfé streymdi að [142] girðingunni síðari hluta sumars í þúsunda tali og á upp allt, sem tónn á festi, fyrst skógarleifarnar og svo grassvörðinn niður í vikurinn, sem undir er allsstaðar á þessu svæði.” GR II, 142

**ÁR-683:001** *Búðártunga* bæjarstæði býli

1709: “Búðará-tunga heitir syðsti jaðar af Ytra Hreppsmannafrjett, þar bygði býli fyrir næri 50 árum einn fjörgamall maður ... og setti þetta býli þar í þópaklæti, eða, sem nokkrir ætla, sem leyfi nokkurra hreppstjóra og bjó hjer um 4 ár. ... Að fjórum árum liðnum lagði hann sjálfur þetta býli í eyði og flutti sig yfir um ána og reisti þar annan bæ og kallaði hann Búðarár-backa ...” “Í Búðártungu milli Búðarár og Hvítár lýsir Brynjúlfur öðrum bæjarrústum [en 002]. Báða þessa bæi segir hann hafa verið í byggð fram á síðari aldir en engin hafi það



verið góðbýli.” Þarna var tjaldstaður og hlaðið fyrir í tungunni. BJ: “Fyrir rústunum sjest að eins ávöl bunga; þó er rof á henni öðrum megin, og sjest þar á steinalög, er sýna, að þar hefir byggð verið. Fyrir ofan girðinguna er grjótrjettarbot, ef til vill frá seinni öldum og hlaðin af fjallamönnum ...”

**Heimildir:** JÁM II, 273; ; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 4; ÁFÍ 1996, 205-206; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 105

**ÁR-683:002** *Búðárbakki* bæjarstæði býli

**Friðlýstar fornleifar**

1709: “Budarár-backa. Þar bjó hann í 9 eður 10 ár afgangarfrí framan af ... Að síðustu flutti hann sig hjeðan í Skjógarkot, Túngufellshjáleigu, og dó þar á sama ári, en Búðárbakki lagðist í eyði, og hefur aldrei síðan bygst, og líklegast að aldrei byggist.” Tóftirnar eru á suðaustur-bakka Búðarár við veginn. “Á suðurbakka Búðarár skammt ofan við ósa voru rústir sem nefndar voru Búðárbakki. Sá þar vel til rústa [sbr. teikn DB] Síðan hafa rústirnar brotnað mjög að sögn.”

ÁG: “... og Búðárbakka á suðaustur-bakka Búðarár við veginn.” BJ: “Rústin sjest nokkurn veginn glögg. Bærinn hefur verið mjög lítill. Dyr eru mót suðri, og strax fyrir innan þær sín tóft út úr þeim til hvorrar handar, og fyrir innan þessar enn aðrar, sín hvoru megin. Allar þessar 4 tóftir eru nálægt jafnstórar, rúml:2 faðmar á lengd (hver) og 1 1/2 (eða nær því) á breidd. Fyrir innan þessar 4 tóftir er hin fimmta þversum, innst í bænum, og kemur gangur frá bæjardyrnum inn í suðurhlíð hennar nálægt miðju. Hún er nál. 5 faðma löng og 1 1/2 faðm . breið. Mun það hafa verið baðstofan, en hitt önnur innanbæjarhús. Vestur af tóftunum gengur stór tóft eða lítil girðing, er jeg ætla að verið hafi heygardur. Fjóstóft sjest þar hvergi. Munu kýr hafa verið fáar og hafðar, ef til vill í bænum fyrir innan dýrnar öðru megin. Hitt er líka mögulegt, að kýr hafi þar eigi verið hafðar, en búið að eintómu sauðfé. Þó mun það búskaparlag hafa verið sjaldgæft til forna.”

**Heimildir:** JÁM II, 273; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 3-4; DB: “Nokkurar eyðibygðir” Árbók 1898. F, 55-56; ÁFÍ 1996, 205; ÁG: Fornleifaskrá, 75

**ÁR-683:003** *Stangarnes* bæjarstæði býli

1709: “Fyrsti bærinn í afrjettinni skal hafa heitið Stangarnes [aðrir nefna Stöng, því áin heitir Stangará, og mun Stangarnes af Stöng kallað vera.]. Þar segja menn verið hafa kirkju [aðrir segja að ekki muni hjer kirkja hafa staðið, en í Laugahvömmum sjái til stærrí girðinga annaðhvert til kirkjugarðs eða húsagarðs, og þar hjer munnmæli að kirkja hafi staðið, iique majore fide digni], og skal til skammrar stundar sjeð hafa fyrir kirkjugarðinum og bæjarstæðinu. Þetta er stórrí bæjarleið fyrir norðan Hamarsholt.” “Í Sandártungu gegnt Rógshólum sögðu munnmæli að bærinn Stangarnes hefði staðið en ekki fann Brynjúlfur þar byggðaleifar en sagði að Stangará hefði brotið niður sléttlendi gegnt Rógshólum þar sem mestar líkur hefðu verið til að bærinn hefði staðið.” GK: “Norða- í Búrfelli eru Stangarábotnar, og þar nokkuð framar hefi ég heyrnt nefnda Stangarstaði.”

BJ: “Engin rúst sjest þar en útlit er fyrir að áin hafi brotið burtu talsvert undirlendi austanmegin nessins, móts við Rógshóla, þar sem einmitt er líklegast að bærinn hafi verið.” Sigurður Þórarinsson komst að þeirri niðurstöðu að vikurfall úr Heklu hafi eytt byggð á Hrunamannaafrétt sem og í Þjóðrásdal og er nú talið að það hafi fallið um 1104.

**Heimildir:** JÁM II, 274; ; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 4; SP: “Örlög “ Árbók 1943-48, 59; ÁFÍ 1996, 206; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 104-105

**ÁR-683:004** *Rógshólar* bæjarstæði býli

1709: “Á milli Hamarsholts og Stangarness, þó austar, heita Rógshólar. Þar hefur og heyrst að byggð verið hafi, en ekki sjest til rústa þar nú.” “Rógshólar, Rofshólar eða Hrókshólar hét fornbyli er stóð á suðurbakka Stangarár skammt frá ármótum við Hvítá. Þar hafa fundist ýmsir forngripir er styðja að þar hafi verið byggð til forna.” “Fyrir neðan Búðarfoss er Torfshólaver; þar innar við Stangará eru Rofshólar, þar er sæluhús.”

BJ: “Þar eru smáhólar austanvert við ána, móts við nestið. Eru sumir þeirra að blása upp, og hefur fyrir löngu komið þar í ljós rúst allmikil sem nú hefir þó misst alla lögun, og er orðin að grjótbreiðu. Þar fann jeg steinsnúð, snæduhnokka úr eyri, brýni og fáeina nagla.” DB fann þar gripabein og kljástaina. KE: “Árið 1945 skoðaði ég Rógshóla. Þar eru há fokbörð, sem mikið ber á, annars eru mýrlendir móar allt um kring. Á tveimur stöðum virtist mér sjá til mannvirkja. Eru það ekki anað er grjótdreifar í moldarflögum, en allt er það smátt grjót, og má vera, að stóru steinarnir, sem nú eru í veggjum sæluhússins, séu úr þeim húsum, sem grjótdreifarnar eru vitni um. Í einu rofinu hefur Guðni bóndi Jónsson fundið fötujárn, 50 sm djúpt niðri. Ró úr jární fundum við í annarri grjótdreifinni 1945.” Sigurður Þórarinsson komst að þeirri niðurstöðu að vikurfall úr Heklu hafi eytt byggð á Hrunamannaafrétt sem og í Þjóðrásdal og er nú talið að það hafi fallið um 1104.

**Heimildir:** JÁM II, 274; ; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 4; SP: “Örlög “ Árbók 1943-48, 59; DB: “Nokkurar eyðibygðir” Árbók 1898. F, 55; KE: “Eyðibygð” Árbók 1943-48, 4-5; ÁFÍ 1996, 206; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 105

**ÁR-683:005** *Mörþúfur* bæjarstæði býli

1709: “Í austur landsuður frá þessum Laugahvömmum heita Mörþúfur, þar halda menn byggð verið hafa, en ekki sjer þar glögglega til tófta.” “Mörþúfur hét fornbylí sem stóð 2-3 km lengra upp með Stangará [en Rógshólar], skammt neðan við ós Heygilslækjar. Árið 1885 voru sjö tóttir á bakkanum við Stangará að sögn Snorra Jónssonar er var fylgdarmaður Brynjúlfs þegar hann skoðaði rústirnar 1895. Þá hafði áin brotið nær allar rústirnar og leifar þeirra hurfu skömmu síðar.”

BJ: “Snorri Jónsson taldi þar 7 tóftir fyrir hjer um bil 10 árum [skrifað 1895]. - En svo tók áin að brjóta undirlendið, er mól hafði borizt í farveg hennar og heldur hún því enn áfram. Fyrir 4 árum sáust þar þó enn 2 tóftir; en nú sáust að eins litlar leifar af einum vegg, og stóðu fáeinir hleðslusteinar eftir í bakkanum.” Sigurður Þórarinnsson komst að þeirri niðurstöðu að vikurfall úr Heklu hafi eytt byggð á Hrunamannaafreitt sem og í Þjóðrásdal og er nú talið að það hafi fallið um 1104.

**Heimildir:** JÁM II, 275; ; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 4-5; ÁFÍ 1996, 206; SP: “Örlög “ Árbók 1943-48, 59

**ÁR-683:006** *Heygil* heimild um býli

1709: “Heygils botnar heita í norður frá Mörþúfum, þar ætla menn bæ heitið hafa Heygil.” “... í Heygilsbotnum ... leitaði [Brynjúlfur] rústa eftir munnmælasögum en fann engar.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ÁFÍ 1996, 207

**ÁR-683:007** *Harðivöllur* heimild um býli

1709: Gilda bæjarleið hjeðan [Þórarinsstöðum] í landnorður heitir Harðivöllur, þar geta sumir til að byggð hafi verið, en engi sjer þess merki.” “Samkvæmt munnmælum sem getið er í jarðabókinni átti að hafa verið fornbylí á Harðavelli sem er milli Stangarárbotna og Sandár. Engin ummerki fann Brynjúlfur um byggð þar nema ef vera skuldi í Stangarárbotnum en allt var það mjög ógreinilegt.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ÁFÍ 1996, 207

**ÁR-683:008** *Hrafntóftir* heimild um býli

1709: “Í útnorður frá Búrfelli heita Hrafntóftir, þar sjer glögt til einherrar byggðar, og nafnið sjálft segir, að þar hafi bær verið.” ÁFÍ: “Hrafntóftir í Hrafntóftaveri suðaustan við Grjótá. Brynjúlfur taldi þær rústir ver myndaðar af náttúruöflunum en ekki af mönnum.” GK: “Vestanundir þeim [Vegghömrur?], innst, er Vegghamraver, þá Vegghamragil, svo Hrafntóftir; sagt er, að þar hafi verið bær fyrir á tímum.”

BJ: “Hrafntóftir eru syðsti staðurinn af þeim. Þar heitir Hrafntóftaver mýrlendisfláki sunnanmegin við Grjótá. Sú á er nokkuð langt fyrir innan Sandá. Gil (c) rennur úr mýrlendinu vestur í Grjótá og á vallendisnefi við gilið þykjast menn sjá rústir bæjarins í mosaþýfi (a.a). Það eru afgangir mosahryggir, sundur lausir, og samhangandi lautir á milli, sem allar hverfa saman í eina aðallaut (b) er liggur yfir þvert nefið austur í gilið. Fæ jeg eigi betur séð, en að þessar rústir sjeu myndaðar af vatni en eigi mönnum. Og aðrar rústir var eigi að sjá; enda er nef þetta eini staðurinn sem líklegt mætti telja að bær hefði á staðið á þessu svæði.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 8-9; ÁFÍ 1996, 207; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 104

**ÁR-683:009** *Grjótártunga* heimild um býli

1709: “Skamt í vestur frá Hrafntóftum heitir Grjótártunga, þar ætla menn og byggð verið hafa, og þykjast skjallægir menn þar sjeð hafa til mana bygða.” Hálfá þingmannaleið frá Tungufeli. Örn vestan við Hrafntóftalæk “Í Grjótártungu lifðu sagnir um rústir en engar fann Brynjúlfur þar.”

**Heimildir:** JÁM II, ; ÁFÍ 1996, 207

**ÁR-683:010** *Hrísalækir* heimild um býli

1709: “Norður undan Hrafntóftum svo sem bæjarleið heita Hrísalækir, hvert þar hafi byggð staðið, er óvíst; flestir meina nei.” “Nærri Hrísalækjum sem liggja inn með Jökulkvísl voru sagnir um fornbylí sem Brynjúlfur fann ekki.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ÁFÍ 1996, 207

**ÁR-683:011** *Fosslækjartungur* heimild um býli

1709: “Lángt þar fyrir norðan (svo sem bæjarleið) heita Fosslækjartungur; hvert þar hafi byggð verið er óvíst, og ekki þykjast skjallægir menn það heyrta hafa.” “Nærri Hrísalækjum ... Jökulkvísl voru sagnir um fornbylí sem Brynjúlfur fann ekki. Sömu sögu var að segja frá Fosslækjartungum við Fosslæk. Þar er nú leitarmannahús.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ÁFÍ 1996, 207

**ÁR-683:012** *Ásgarður nyrðri* heimild um býli

1709: “Þar litla bæjarleið norðan fyrir [013] heitir Nyrðri-Ásgarður, þar þykjast nokkrir sjeð hafa til rústa og sögn er, þar hafi bygð verið, þó það sé ærið langt norður á fjöllum.” “Loks ræðir Brynjúlfur um Áskarð fremra og Áskarð innra við Kerlingarfjöll. Ekki telur hann líklegt að þar hafi verið lögbýli heldur aðsetur skógarmanns- eða manna. Þar hafi menn þóst sjá fyrir rúst en Brynjúlfur álitur það vera náttúrusmið. Hann telur að fyrrum hafi þessir staðir heitið Árskarð en almennt hafi staðirnir verið kallaðir í Áskarði (líkt og Ábær í Austurdal í Skagafirði). Síðan hafi r-ið fallið brott í máli og að Árni Magnússon hafi misskilið heimildarmenn sína og skrifað Ásgarð eftir þeim er hann reit Jarðabókina í upphafi átjándu aldar.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ÁFÍ 1996, 207-209

**ÁR-683:013** *Ásgarður syðri* heimild um býli

1709: “Þaðan frá í landnorður, svo sem stór bæjarleið heitir Fremri (Syðri) Ásgarður, þar ætla sumir bygð verið hafa.” “Loks ræðir Brynjúlfur um Áskarð fremra og Áskarð innra við Kerlingarfjöll. Ekki telur hann líklegt að þar hafi verið lögbýli heldur aðsetur skógarmanns- eða manna. Þar hafi menn þóst sjá fyrir rúst en Brynjúlfur álitur það vera náttúrusmið. Hann telur að fyrrum hafi þessir staðir heitið Árskarð en almennt hafi staðirnir verið kallaðir í Áskarði (líkt og Ábær í Austurdal í Skagafirði). Síðan hafi r-ið fallið brott í máli og að Árni Magnússon hafi misskilið heimildarmenn sína og skrifað Ásgarð eftir þeim er hann reit Jarðabókina í upphafi átjándu aldar.”

**Heimildir:** JÁM II, 275; ÁFÍ 1996, 207-209

**ÁR-683:014** *Djárnadyngja* heimild um býli

1709: “Í austur landsuður frá Stángarnesi svo sem hálfá bæjarleið heitir Djárnadyngja eður Djárnadys, er stór húsrúst ...” “Brynjúlfur getur þess að samkvæmt munnmælum hafi átt að vera byggðaleifar á bingu austan Stangará. Nefnir hann þar Djárnadys og að þar hafi djárnir nokkur haft smiðju sína og loks látið jarða sig þar. Engin ummerki fann Brynjúlfur um smiðjuna né afdrif djárnans.” Einnig kallað Djárnadys GK: “Þar suðaustur-frá er Hraunshéiði, neðsta bungan á henni heitir Djárnadys; sumir nefna hana Dyngju...”

1709: “... þar hefur fundist smeltur kopar, járna molar, brýni og annað þess slags. [Ítem nokkrar raftölur eða þess slags, eir nokkuð þunt, lítið látúns stykki]. Smiðjusindur er þar í mergð, og eru munnmæli, að þar hafi smiður búið einmanna, aðrir segja einn, sem hafi smelt rauða, því skógar hefur þá nógur verið. Nokkrir þykjast heyrt hafa, að þessi maður hafi kallaður verið djárninn, ekki svo að vígslu verið. Skamt frá þessari rúst halda menn hann grafinn vera, þar sem sjái til leiðis. Menn hafa grafið í fyrrnefnda rúst, en óveður fjell á, svo ekki varð endir á verkinu, og síðan hefur þar ekki verið við hrært.” 1818: “Í tjeðu Plátri er ogso Hóll edur Dis, sem kallast Djárnadýngja, hvar Merkissmidur í Fornöld, Djárnir ad nafni skyldi liggja. Þar nú mörgum þóttu þeta Almæli líklegt, af Smiðjusindri, Látúns- og Eyr-Pjötlu, samt Sverdrínisbrotum er fundust uppblásinn þar í kríng, tóku Sveitarmenn sig saman fyrir hérum 20 árum, til ad ransaka þetta betur og grafa upp Disina; Hefur Formadur minn, einn af Fyrirlidum þessa Fyrirtækis, Presturinn Síra Gudmundur Bødvarsson á Kálfatjörn samt mér, ad þegar vel var búið ad grafa nidrúr Jardarskorpunni, hafi fyrst fundist Hellur, sem auðsjáanlega hefðu sýnt, ad Mannaverk væru á Haugnum, þar þær hefðu ordid ad vera adfluttar, síðan hefðu þar verid uppgrafinn ýmsra Dýra Bein, samt Brot af nockrum Málmtegurum - þarundir dýpra, hefði eckirt fundist, nema Steinar og Grjót, innan um Leir-Molld, allteins og kríngumliggjandi Pláts var af Náttúryrunni lagad ...” BJ fann ekki dysina 1895.

**Heimildir:** JÁM II, 276; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 6-7; ÁFÍ 1996, 207; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 105; FF, 213

**ÁR-683:015** *bæjarstæði* býli

1709: “Í landsuður frá Harðavelli, litla snertu, heitir Búrfell, undir þessu felli einhvers staðar ætla sumir bygð verið hafa, aðrir meina nei og engi sjást þess merki.” BJ leitaði 1895 undir Búrfelli en fann engin merki mannaþustaða.

**Heimildir:** JÁM II, 275; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 7

**ÁR-683:016** *Draugahver* örnefni

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Hrunamannaafreft, 60

**ÁR-683:017** *Laugar* bæjarstæði býli

**Friðlýstar fornleifar**

1709: “Gildri bæjarleið fyrir norðan Stángarnes heita Laugahvamar, í þessum Laugahvömmum sjer glögt til bygðar, og ætla sumir bæinn heitið hafa Lauga [stöugt traditio er að bærin hafi heitið á Laugum] og lækur heitir þar enn nú Laugalækur, og hveramerki eru þar ljós á grjótinu, en hverinn er sokkinn. [Kunnugir menn segja, að þar hafi laugar verið, sem en nú sjeu volgar, en aldrei muni þar hverar verið hafa]” Á Laugahvömmum innan við Búðará, spölkorn frá Hvítá, nokkru neðar en móts við Bláfell. GK: “Framan-við hann [Buginn] eru Laugar, þar

var bær og Laugalækur, sem rennur um Laugabýfi.” “Vestan við Heygil stóð fornbylíð Laugar. Misritað er á flestum kortum að bærinn hafi staðið nær Hvítá en þar eru volgurur sem margir hafa talið að tilheyrðu hinum fornu Laugum. Í Laugahvammum er talið að kirkja hafi staðið til forna en allt mun það óvíst en byggingarleifar hafa sést þar til skamms tíma og jafnvel enn. Laugar eru eini bærinn sem fundist hefur í Laugahvömmum og ekki stóð við Stangará. Bæjarstæðið er uppi á holti skammt vestan við Heygilslæk. Þar er hiti í jörðu en laugarnar koma ekki upp á yfirborð nema þegar jarðvatn stendur hátt á svæðinu.”

ÁG: “Laugahvamma, spölkorn frá Hvítá, nokkru neðar en móts við Bláfell ...” KE dró saman allar lýsingar af tóftum á svæðinu og því best að notast við þá lýsingu: “Á Laugum hefur verið langhús og snúíð framhlið móti austri. Á henni miðri eða því sem næst voru aðaldyrar. Inn af þeim er aðalhús bæjarins, skálinn. Sá, sem að utan kemur, gengur í skálann syðst. Á vinstri hönd honum er þá þverveggur með dyrum, sem liggja inn í stofuna, hitt aðalhúsið. Hún þessi eru um 4,5 m breið, og til samans um 25 m löng, skálinn þó töluvert lengri en stofan. Um skálagólf þvert var steinaröð, sem fræðimennirnir töldu með miklu hiti að verið hefði þverveggur. En ég þykist sjá, að þetta hefur verið alveg eins og í skálanum í Stöng í Þjórsárdal, steinaröð þessi er undirstaða undir þverþil, sem skipt hefur skálanum í tvennt, eflaust karlaskála og kvennaskála. Þá samsvarar það einnig Stangarskálanum, að eldstæði er í fremri skálanum (framan við steinaröðina), en ekki í þeim innir, enda koma útidyrnar og útidyrastígurinn í hlut fremri skálans, svo að þetta er eðlileg tilhögun. ... Eins og þegar er sagt, var þverveggur, þ.e. suðurgafli skálans, rétt vinstra megin við útidyrnar. Á þessum þvervegg eru dyr inn í stofuna, sem stendur beint af enda skálans. Samkvæmt venju er stofan til muna minni en skálinn. Við austurvegg fann Þorsteinn Erlingsson hlóðir og nær dyrunum, líklega þá við hinn vegginn, marga kljástaina. ... Á bakvegg skálans (vesturvegg) eru dyr, sem liggja inn í fjósið. Það er að húsabaki og stendur hornrétt á hin húsinn. Það er um 11 m að l. og 4,8 m að br., tvístætt, með 8-9 básum, hvorum megin; básarnir voru yfirleitt um 90 sm að br. Milli þeirra voru báshellur, 60-90 sm á hlið. Fjósdyrnar eru við skálavegginn að sunnanverðu. Að þeim liggur ranghali (óvíst hve langur), nálega 2 m breiður. Jafnframt því sem þetta var inngangur kúnna, eins konar forskyggni við fjósið, sem dró úr útidyrakuldanum, hefur þetta verið notað sem fjárhús, því að jata var framan með endilöngum vesturveggjum. Hún var 25 sm að br. og frambrúnn er úr hellum, sem reknar voru á rönd niður í gólfíð (sbr. Þórarinsstaði). Jata þessi var alveg óhreyfð, og segir Þorsteinn Erlingsson hafa séð mjög líka jötu í notkun á Íslandi. Norður frá norðurvegg fjóssins, austast, liggur hlaða, 9,6 m að l., en aðeins 3 m að br. Hún liggur eins og aðalhúsinn. Milli hennar, fjóssins og skálans myndast ferhyrnt svæði, sem lokast algjörlega af þessum húsum að sunnan, austan og vestan, og að nokkru leyti að norðan af framlengju norðurgafli skálans. Er ekki alveg ljóst, hvort enn eitt hús hefur verið norðan við skálann. Ferhyrnda svæðið er eins konar húsagarður, að nokkru leyti steinlagður. ... Arfsögn segir, að kirkja væri á Laugum. Kippkorn norður frá bæjarrústunum, en innan túngarðsins, er rúst af húsi úr stórum steinum, og hefur það snúíð A-V, en mjög er rústin ógreinileg. Húsið hefur staðið á klöpp, og líkbelga er, að það hafi verið hjallur en kirkja ... Túngarður mikill hefur verið um túnið á Laugum, og suður frá bænum er lítil húsatóft áföst við garðinn.” Sigurður Þórarinsson komst að þeirri niðurstöðu að vikurfall úr Heklu hafi eytt byggð á Hrunamannafrétt sem og í Þjóðrásdal og er nú talið að það hafi fallið um 1104. 1331 er talað um Laugar tvennar í máldaga Hrunakirkju sem gæti þýtt tvíbýli á Laugum ÁR-299 eða tvær jarðir með því nafni, og engin leið að finna út úr því.

**Heimildir:** JÁM II, 274-275; SP: “Örlög” Árbók 1943-48, 57; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 105; KE: “Eyðibygð” Árbók 1943-48, 6-9, ÁFÍ 1996, 206; ÁG: Fornleifaskrá, 75; DI II, 665-666

**ÁR-683:018 Þórarinsstaðir** bæjarstæði býli

**Friðlýstar fornleifar**

1397: Eiga Hrepphólar afrétt á Þórarinsstöðum. 1709: “Í landsuður frá Heygilsbotnum svo sem litla bæjarleið heita Þórarinsstaðir, þar hefur að vísu byggð verið og sjer glögt til tófta.” Þórarinsstaðir eru fyrir innan Stangará, sunnan við Harðavöllum.

BJ lýsti tóftunum 1895. “Þjms. 25.7.1949: 3.8 sm langt brot af yfirskildi kúptrar nælu af gerðinni Rygh 652 og 654, að því er virðist afbrigði Smykker 51b. - Fannst í rústum eyðibýlisins Þórarinsstaða.” KEKH, 295 Sumarið 1945 stýrði Kristján Eldjárn uppgrefti á Þórarinsstöðum þar sem allar rústirnar voru kannaðar rækilega og grafnar upp. Þegar Kristján hóf rannsóknirnar hafði land blásið niður í veggheðslur húsanna en allar tóftir voru fullar af áfoki og ljósum vikri sem lá í þykku lagi yfir rústunum. Hefur það stutt svo vel við hleðslurnar að varla hafði nokkur steinn hrúnið úr vegg. / Þarna hefur verið allmikill bær, meðal annars fjós fyrir 8 kýr, 5 geldneyti og 2 kálfa. Fjárhús þar eru talin hafa rúmað 200 fjár. Fátt fannst þar muna og greinilegt að húsin hafa ekki verið yfirgefin á bráðum flóttu. Líklegt má þykja að byggð hafi ekki verið langvinn á Þórarinsstöðum, gólfskánin var þunn og sennilega aðeins verið gengið þar um gólf einn til tvo mannsaldrar. / Við uppgröftinn kom í ljós að bærinn hafði eyðst af miklu ljósu vikurfalli. Huganlegt er að ábúandinn hafi flutt sig um set niður í sveitina, verið útvegað landrými inn á milli annarra jarða og hann byggt upp nýja Þórarinsstaði vestan undir Berghylsfjalli. Sama gæti hafa gilt um nággranna hans, bóndann að Laugum. Aðrar Laugar eru niðri í sveit, nággrannabær við Þórarinsstaði þar. ÁG: “... Þórarinsstaða, fyrir innan Stangará, sunnan við Harðavöllum.” Sigurður Þórarinsson komst að þeirri niðurstöðu að vikurfall úr Heklu hafi eytt byggð á Hrunamannafrétt sem og í Þjóðrásdal og er nú talið að það hafi fallið um 1104.

**Heimildir:** DI IV, 45; JÁM II, 275; BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896, 7-8; DB: “Nokkurar

eyðibygðir” Árbók 1898. F, 56; SP: “Örlög byggðarinar”, Árbók 1943-48; KE: “Eyðibygð” Árbók 1943-48, 9-41; AFI 1996, 206; AG: Fornleifaskrá, 75;

**ÁR-683:019** *Fjallamannagil* heimild um náttstað  
1. tjaldstaður leitarmanna var í Fjallmannagili í Hnausheiði  
**Heimildir:** GR II, 144

**ÁR-683:020** *Fossalækur* heimild um náttstað  
2. tjaldstaður leitarmanna var í Fossalæk, sem rennur í Grjótá vestan við Búðarfjöll. GK: “Nokkru ofar fellur Fossalækur í Grjótá. Hann kemur upp skammt fyrir framan Mosfell. Í honum er foss. Neðan við fossinn er tjaldstaður og sæluhús.”  
**Heimildir:** GR II, 144; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 104

**ÁR-683:021** *Ásgarður* heimild um sæluhús  
Leitarmenn í Norðurleit tjölduðu í Ásgarði og er þar lítið sæluhús eða leitarmannakofi meir en 60 ára gamall [ca. 1945] - Ferðafél. Íslands hefur nú byggt “stórt og myndarlegt sæluhús” - Frásögn um tjaldsetningu á þessum stað 1905. GK: “Innri Árskarðsá rennur niður á milli Loðmundar og Hverdalahnúks, og þar, sem hún rennur niður í Innra-Árskarð, er Árskarðshryggur. Þar er Sæluhús og tjaldstaður.”  
**Heimildir:** GR II, 144-45, 174-175; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 103

**ÁR-683:022** *Geldingatangi* heimild um náttstað  
Tjaldstæði aðalleitar var á Geldingatanga við Stóru-Laxá, sunnan undir Geldingafelli. GK: “Austan-við Særingsdalskvíslina, sem fyrr er nefnd, þar sem hún kemur í Laxá, er Geldingatangi. Þar er fyrsti tjaldstaður fjallamanna í suðurleit.”  
**Heimildir:** GR II, 145, 178; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 100

**ÁR-683:023** *Rauðárhlið* heimild um náttstað  
6 vestustu leitarmenn áttu náttstað í Rauðárhlið meðan hinir fóru í Leppistungur - Rauðárhlið er sunnan við Leppistungur norðan við Innri-Rauðá, austan við Mosöldu. “Sauðárliðar-tjaldstaður er á milli kvíslanna við Innri-Rauðá.”  
**Heimildir:** GR II, 146, 178; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 101

**ÁR-683:024** *Leppistungur* heimild um náttstað  
Aðaltjaldstaður leitarmanna aðra og þriðju nótt gangna var í Leppistungum austan við Miklumýrar - “Leppistungur eru við Sandá, er kemur innan frá Kerlingarfjöllum suðaustanverðum, og er tjaldstaðurinn austanvert við ána.” “Leppistungur heitir tjaldstaður í Hrunamannaafreitti, og er legið þar aðra nóttina, sem verið er á fjalli í fyrsta safni. Nokkrir fjallmenn liggja þar einnig þriðju nóttina, en svo allir saman fjórði nóttina í Svínárnesi.” - “Tjaldstaðurinn Leppistungur dregur nafn af tveimur hólum eða hnúkum skammt ofan við tjaldstaðinn. Heita þeir Stóri-Leppir og Litli-Leppir.” “Vestan við leppistungulæk er sæluhús á tunganum við ána, þar er og tjaldstaður.”  
**Heimildir:** GR II; 146, 147, 175, GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 102

**ÁR-683:025** *Búðarháls* örnefni  
Búðarháls er norðan við Búðarfjöll milli Grjótár og Miklumýrarlæks.  
**Heimildir:** Hkort

**ÁR-683:026** *Svínárnes* hús sæluhús  
Kofi í Svínárnesi sem er tungan milli Svínár og Sandár vestur af Illaveri 1916: “... sá kofi var hlaðinn úr torfi og kökkum og því sæmilega hlýr.” GK: “Þar á móts við kemur Svíná í Sandá og myndar Svínárnes. Í því er tjaldstaður og sæluhús vestan við Svínárnesslækur, en þar fyrir austan og innan er Skyggnisalda ...”  
**Heimildir:** GR II, 163; GJ: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” Árbók 1933-36, 104

**ÁR-683:027** *Brennivíngil* örnefni  
Inn með Leirá á austanverðum Hrunamannaafreitt.  
1916: “Var náttstaðurinn valinn við gil eitt lítið sem Brennivíngil heitir. Er sagt, að á þeim slóðum hafi fjallmenn oft blandað sér drykkinn til ferðarinnar.” ókunnur höf: Undir Fellinu er friðsæll blettur/þar fellur Laxá í hyl; /þar er fáskrýddur Fjallmannaklettur/og fossandi Brennivíngil. -  
**Heimildir:** GR II, 159, 184

**ÁR-683:028** heimild um sæluhús

Eftirleitakofi í Frægðarveri 1916: "...kofinn hlaðinn úr grjóti og blés allt í gegn, svo að við urðum að troða heyi í stærstu götin." - getið 1928 –

**Heimildir:** GR II, 161-162, 167

**ÁR-683:029** varða samgöngubót

Varða á klettabrún norðaustur af Litla-Leppi. Getið í frásögn af eftirleitum 1928

**Heimildir:** GR II, 170

**ÁR-683:030** *Fjallmannavað* heimild um vað

"Skammt neðar en Heiðará kemur í Leirá, er Fjallmannavað."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 100

**ÁR-683:031** *Vörðuhóll* örnefni

"Austan-undir Tindi kemur Miklu-mýra-lækur úr smágiljum og lækjum, sem koma þar innan- og austan- úr fjöllumum. Lækurinn rennur svo niður hjá Vörðuhól ..."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 102

**ÁR-683:032** heimild um sæluhús

"Suðvestan-undir Mosfelli er Einbúi, sandhóll, grasivaxinn að sunnanverðu. Hjá Einbú var sæluhús áður en kofinn var byggður í Áskarði."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 104

**ÁR-683:033** *Grashólavað* heimild um vað

"Frá Einbúa rennur Jökulkvíslin í vestur-útsuður. Þar er Sigvaldakrókur, svo Innri-Hrísalækir, þá Fuglasteinn og Grashólar út-við kvíslina, þar er Grashólavað."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 104

**ÁR-683:034** heimild um sæluhús

"En nyrzt á Harða-velli, næst Svíná, var sæluhús fram-yfir miðja nítjándu öld, þá var það flutt inn-yfir ána í Svínárnes [026]."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 105

**ÁR-683:035** varða

"Syðst á Búrfelli er Búrfellskista, þar er gren, og þar suður-af koma Búðarárdrog, þar er Einbúi fremri á milli kvísla. Það er Ölduhóll með vörðuá."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 105

**ÁR-683:036** *Fjallamannavörður* varða

"Vestan-á tungunni við Hvítá eru Hrutatorfur. En austan-við tunguna eru Búðaráreyrar. En þar nokkru innar með ánni eru Fjallamannavörður."

**Heimildir:** GJ: "Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps" Árbók 1933-36, 105

**ÁR-683:037** *Stíggil* örnefni leið

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Hrunamannaafrétt, 59

**ÁR-683:038** *Draugakvísl* örnefni

Engar staðsetningar í skrá.

**Heimildir:** Ö-Hrunamannaafrétt, 60

**ÁR-683:039** tóftir

"Þannig skoðaði ég allmiklar rústir sumarið 1967 innst á afréttinum, inni á Bug sem svo er kallað, nálægt Hvítá sunnan Bláfells. Þarna eru tvær allglöggar rústir í hvammi við ána og er önnur rústin neðan við hina." "Ekki var þó unnt að sjá, hvers konar byggingar þarna hafa verið, en rétt neðan rústanna bar afarmikið á járngjalli, meira en við flestar aðrar rústir á afréttinum."

**Heimildir:** ÞM: “Sögualdarbyggð í Hvítárholti” Árbók 1972, 5

**ÁR-683:040** gripir

SSÁ: “... ryðugt spjótsblað, er fannst norður í afrétti, hvörju strax var lógað.”

**Heimildir:** SSÁ, 129

## 4. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Alls hafa verið skráðar 1094 fornleifar á 52 jörðum í Hrunamannahreppi sem gerir um 21 minjastað á jörð að meðaltali. Við skráningu fornleifa er notast við tvönnskonar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu vegna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað er um stöðla eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst verulega að gagni eftir að farið hefur verið á vettvang. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu eru skráðar hér að neðan.

álagablettir	7	hver	1
brunnar	1	laug	1
bæjarhólar	41	lind	1
bæjarstæði	66	mannabein	1
garðlög	5	stífla	1
götur	2	sögustaður	1
gerði	1	tóftir	8
gripir	8	vörður	42
heimildir	522	vegir	2
hellir	1	þjóðsögur	5
hús	1	örnefni	375

Hægt var að greina hlutverk 878 þeirra staða sem skráðir voru og eru þau sýnd í eftirfarandi töflu

<b>Búsetuminjar</b>		<b>Búnaðaminjar innan túns</b>	
bústaðir	46	útihús (ótilgreind)	95
býli	75	fjánhús	69
öskuhaugar	1	lambhús	30
býli/sel	1	hesthús	20
		fjós	21
<b>Minjar um jarðrækt</b>		hrútakofar	4
áveitur	34	kálgarðar	7
akrar	1	túngarðar	16
		myllur	1



smiðjur	2	vöð	47
hlöður	2	brú	3
<b>Búnaðarminjar utan túns</b>		tjaldstaður	2
stekkir	72	ferjur	1
sel	29	sæluhús	5
mógrafir	13	náttstaðir	6
réttir	19	traðir	9
kvíar	51	<b>Samkomuminjar</b>	
torfristustaðir	21	þingstaðir	2
beitarhús	2	leikvellir	2
fjárskýli	2	aftökustaðir	1
kolagrafir	1	manndómsraun	1
smalakofar	2	<b>Kirkjur og legstaðir</b>	
nátthagar	2	kuml/legstaðir	4
heygarðar	2	kirkjur	4
<b>Aðrar búsetuminjar</b>		útkirkjur	3
brunnar	18	bænhús	14
þvottastaðir	9	<b>Þjóðsögustaðir</b>	
vatnsból	7	huldufólksbústaðir	4
<b>veiðiminjar</b>		draugar	2
refagildir	8	<b>Aðrar minjar</b>	
skotbyrgi	2	landamerki	9
<b>Samgönguminjar</b>		eyktamörk	8
leiðir	62	virki	2
samgöngubætur	1		

## Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlæt看legt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum.

Mikilverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga útfrá að þar sem hús hafa ekki verið flutt, þar séu bæjarhólar minna eða meira raskaðir. Á skráningarsvæðinu má ætla að ekki séu margir óhreyfðir bæjarhólar, á mörgum þeirra er enn búið og aðrir hafa verið sléttaðir eða horfið undir byggingar.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og gördum. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldur sjónum af byggingum og uppfyllingum. Mikill fjöldi slíkra staða er á skráningarsvæðinu eins sjá má af yfirliti í byggðasögukafla og víða tóftir sem brýnt er að skrá og rannsaka sem fyrst.

## Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af lambhúsum en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Að meðaltali voru 4,6 útihús á hverri jörð sem er sama hlutfall og í Borgarfirði og Eyjafirði. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur fækkað síðan meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum.

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Á svæðinu eru skráðar fáar hlöður og heystæði, en víða má búast við því að hlöður hafi verið áfaster útihúsum.

## Tún, garðar og akrar

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðhleðslum og um aldamótin síðustu voru komnir garðar í kringum tún að nokkrum hluta á skráningarsvæðinu. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir, en líklegast verður að telja að flestir séu þeir frá 19. öld.

Auk eiginlegra túngarða sem gerðir voru til að hlífa túnnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar byggðir sérstakir garðar til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum. Ekki virðist hafa verið mikið af slíkum gördum á skráningarsvæðinu en það skýrist sennilega betur á stigi aðalskráningar.

Á undanförunum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má tilbúinn áburður ekki hafa verið borin á þau. Slík tún eru sennilega ekki mörg á skráningarsvæðinu, nokkur gætu verið við eyðibýlin svo sem Hamarsholt, Hrunakrók og Kotlaugar. Fáir kálgarðar eru skráðir á svæðinu og aðeins einn akur.

## Kvíar og stekkir

Fráfærur byrjuðu sennilega að leggjast af í Hrunamannahreppi um aldamótin 1900, og mikið hefur verið af stekkjum á svæðinu eða alls 72, sem er rúmlega einn á hverjum bæ. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færíkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið „stöðull“ er oft notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. 51 kvíar og stöðlar eru skráðir á svæðinu sem er rétt tæplega ein á hverjum bæ.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Aðeins tveir slíkir eru skráðir en líklegt er að þeir séu mun fleiri þó heimildir skorti um þá og líklega hafa langflestir þeirra varðveist. Líklegt er að smalakofar og –skýli hafi sumstaðar verið margir á hverri jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og þar sem víðsýnt er.

## **Beitarhús og sel**

Tvö beitarhús eru skráð á 52 jörðum sem er hlutfallslega mjög lítið en einnig voru skráð mjög fá beitarhús í Rangárþingi. Alls eru skráð 29 sel á skráningarsvæðinu og að auki er vitað um einn stað þar sem sel hafa verið byggð á tóftum gamals býlis eða býli byggð á gömlum selrústum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli en seljabúskap hefur sennilega verið hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Líklega eru seltóftir víðar, en þær ásamt eyðibýlum eru þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem eina best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafraeði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir af seljabúskap.

## **Engjar og áveitur**

Fram á þessa öld var stór hluti heyafla hveirrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskrá sést að menn hafa oft leitað mjög langt eftir örlitlum heytuggureytingi og móar hafa verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt er að bæjarlækjum hafi verið veitt á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi. Í Hrunamannahreppi eru skráðar 34 áveitur.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstaka áveituskurðir og stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en

Þau eru þó minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi.

## **Minjar um samkomur og þinghald**

Aðeins eru skráðar heimildir um tvo þingstaði á skráningarsvæðinu. Annarsveggar í landi Grafar en þar er vitað að var þingstaður fram á 19. öld. Hinn staðurinn er örnefnið Þinghóll í landi Hörgsholts og hafa ekki fundist aðrar vísbendingar en örnefnið um þingað þar. Einnig er skráður aftökustaður í landi Grafar.

## **Kuml og kirkjugarðar**

Engin kuml hafa fundist í Hrunamannahreppi sem er einkennilegt í ljósi þess að vitað er með vissu um forn eyðibýli víða í sveitinni. Skráðir eru fjórir legstaðir en það eru allt þjóðsögur af fornmannahegum. Sumir af fornmannahegunum eru örugglega náttúrumyndanir en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa.

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús, en kirkjur og bænhús voru á miðöldum miklu víðar en seinna varð. Ekki eru til heildstæðar upplýsingar um hvar útkirkjur og bænhús voru á miðöldum. Sóknarkirkjur í Hrunamannahreppi voru á Hrepphólum, í Tungufelli, Reykjadal og Hruna. Útkirkjur voru á Miðfelli, Gröf og Syðra-Langholti. Alls eru skráð 13 bænhús, þau voru á Laugum, Berghyl, Kaldbak, Hörgsholti, Laxárdal, Sólheimum, Bakka, Hellisholti, Unnarsholti, Langholti efra, Hrafnkelsstöðum, Bryðjuholti og Skipholti. Einnig gæti örnefnið Tíðholt í landi Galtarfells bent til bænhúss en engar aðrar sannanir benda til þess.

## **Samgönguminjar**

Alls voru skráðar 62 leiðir á svæðinu. Margar þeirra eru leiðir milli bæja eða sveitahluta en aðrar eru milli sveita innan héraðsins eða liggja til annarra héraða. Flestar leiðirnar eru greiðfærar en helstu farartálmar eru vatnsföllin, Litla-Laxá innansveitar og Stóra-Laxá og

Hvítá hafa hindrað menn að komast út úr hreppnum. Skráð hafa verið 47 vöð og eflaust er það ekki nema brot af öllum leiðum yfir vatnsföllin. 3 brýr er skráðar en aðeins ein ferja.

## 5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á eru líkur á að meirihluti fornleifa á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á 20. öld og sést nú aðeins lítið brot þeirra rústa sem áður voru til. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftast en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.

Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnsléttun. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum. Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt að fundnar verið leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar.

Skógur eyðileggur hinsvegar fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja veggheðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarland og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Byggingar sumarbústaða getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum á svæðinu.

Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningarsvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma fram í dagsljósið við vettvangsathugun. Gera má ráð fyrir að mikið af stöðum sé í hættu og því brýnt að skrá fornleifar á vettvangi svo hægt sé að gera yfirlit um þá.

Nokkrir staðir njóta friðlýsingar á skráningarsvæðinu eins og sést af meðfylgjandi skrá:

- Þórarinsstaðir á afrétt
- Laugahvammur á afrétt
- Búðárbakki á afrétt
- Laxahjallatóft í landi Hrepphóla
- Fornar bæjarrústir í landi Hörgsholts
- Miðfell í landi Laxárdals

Af fenginni reynslu má ætla að við aðalskráningu muni bætast við skrá yfir tillögur um friðlýsingar og þá bætast margir minjastaðir við listann. Má strax sjá fjölda staða á svæðinu sem hægt væri að nýta til kynningar, til að efla útivist og ferðaþjónustu, ekki síður en til að stunda rannsóknir.

Nokkuð er af rústum eyðibýla og selja á svæðinu og sum ekki langt frá alfarleið og hægt væri að finna kynningarvæna staði við aðalskráningu og tengja saman útivist og kynningu á fornleifum og menningarsögu. Brýnt er að kortleggja kotbyggðina og má gera gönguleiðir á milli staða. Hér væri hægt að gera bæði auðveldar gönguleiðir innan sveitar sem og erfiðari leiðir fyrir vant göngufólk upp á afrétt þar sem mikið er af fornum tóftum.

Það á við um öll svæði sem skipulögð eru til útivistar að sjálfsagt er að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar upplýsandi fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðina á vettvangi, merkja þá svo fólk viti hvert eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

Að síðustu má benda á að rústir í Hvítárholti eru einn merkasti minjastaður frá landnámsöld á Íslandi og væri vert að kanna hvort ekki mætti gera minjasvæðið þannig úr garði að það mætti kynna fyrir ferðamönnum.

## 6. Heimildaskrá

- Ágúst Guðmundsson: “Ofan hreppafjalla milli Hvítár og Þjórsár í Árnessýslu; ásamt ágripi af jarðsögu héraðsins, virkjunarsögu Þjórsár og lýsingu á Þjórsárdal og fornbylum þar” *Árbók ferðafélags Íslands 1996*, 1-242
- Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík 1993
- Bruun, Daniel: “Nokkurar eyðibygðir í Árnessýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898. Fylgirit*
- Brynjúlfur Jónsson: “Athugasemdir við Árbók Fornleifafélagsins 1905” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1907*, 29-38
- Brynjúlfur Jónsson: “Flosatraðir og þingfaravegur Þjórsdæla” *Árbók hins íslenska fornleifa félags 1895*, 22-23
- Brynjúlfur Jónsson: “Fornleifafundur í Bryðjuholti 1903” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1904*, 22-23
- Brynjúlfur Jónsson: “Fornleifar í Hörgsholti” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1900*, 28-29
- Brynjúlfur Jónsson: “Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*, 1-51
- Brynjúlfur Jónsson: “Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1896*, 1-13
- Brynjúlfur Jónsson: “Ýmsar greinar” *Árbók hins íslenska fornleifa félags 1910*, 28-47
- DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI bindi*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972
- FF:** Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983
- Gestur Oddleifsson: “Eyðibýli í Hrunamannahreppi” *Heimir* 7. árg 1. tbl, 1-3
- GR II:** *Göngur og réttir* II bindi Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, II pr. aukin og endurbætt, 1983-87
- Guðjón Jónsson: “Örnefni á afrétt Hrunamannahrepps” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1933-1936*, 100-107
- Guðmundur Ólafsson: *Skálarlaga leirgryfja að Kópavatni. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1987* [1997 rétt]



- Hannes Þorsteinsson: “Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi” *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1-96  
*Heimir* 7 árg, 1. tbl., 3
- Helgi Skúli Kjartansson: “Sóknir og kirkjur í Hreppum” *Árnesinguri IV*, 155-182
- Helgi Þorláksson: “Hruni. Um mikilvægi staðarins fyrir samgöngur, völd og kirkjulegt starf á Þjóðveldisöld” *Árnesingur V*, 9-72
- IA:** Storm, Gustav: *Islandske Annaler indtil 1578*, Kristjanía 1888
- ÍF I:** *Íslensk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma*, Reykjavík 1986
- Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1993
- JÁM:** Jarðabók *Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. II bindi* Kaupmannahöfn, 1918-21
- JJ:** Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi* Kaupmannahöfn 1847
- KEKH:** Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956
- Kristján Eldjárn: “Eyðibyggd á Hrunamannafrétti” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1943-48, 1-43
- Kristján Eldjárn: “Hringur með nöfnum austurvegsvitringa” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1949-50, 129-131
- Matthías Þórðarson: “Skýrsla um viðbót við Forngríðasafnið og þau söfn, er því eru sameinuð árið 1909” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1910, 72-97
- Matthías Þórðarson: “Skýrsla um viðbót við Þjóðmenjasafnið árið 1910” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1911, 70-98
- Matthías Þórðarson: “Smávegis. Um staði og fornminjar” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1924, 42-58
- RLLF II:** *Rit hins íslenska lærdómslistafélags* II bindi Kaupmannahöfn 1782
- SBI:** *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið* I bindi [án staðsetningar] 1986
- Sigurður Þórarinnsson: “Örlög byggðarinnar á Hrunamannafrétti í ljósi öskulagarannsóknna” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1943-48, 44-65
- Sigurjón Helgason: “Fornbýli við Hrunakrök og sögnina um forna Hruna” *Árnesingur I*, 25-42
- Skýrsla FÍ II** *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* II bindi, 1867-1870, Kaupmannahöfn 1874
- SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703* Reykjavík 1979

*Sturlunga saga* I-II bindi Reykjavík 1946

Porkell Grímsson: “Rannsókn á svonefndi Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1962, 100-114

Þorsteinn Erlingsson: *Ruins of the Saga time* London 1899

Þór Magnússon: “Rannsókn fornrusta við Auðnugil í Hrunamannahreppi” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1984 Reykjavík, 183-190

Þór Magnússon: “Sögualdarbyggð í Hvítárholti” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1972, 5-80

**Ö-Ás, svör við sp.:** Svör við spurningum um örnefni í Ási. Eiríkur Steindórsson svaraði. Örnefnastofnun.

**Ö-Ás:** Örnefni í Ási. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Berghylur b:** Örnefni í Berghyl. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Berghylur BJ:** Örnefni í Berghyl. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Berghylur:** Örnefni í Berghyl. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Birtingaholt:** Örnefni í Birtingaholti. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Bryðjuholt viðb:** Viðbætur við örnefnaskrá Bryðjuhólts. Ásdís B. Stefánsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Bryðjuholt:** Örnefni í Bryðjuholti. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Dalbær:** Örnefni í Dalbæ. Sigurður Ingi Jóhannsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Efra-Langholtshverfi:** Örnefni í Efra-Langholtshverfi. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel:** Örnefni á Selsjörðum. Bjarni og Hjálmar í Seljum skráðu. Örnefnastofnun.

**Ö-Foss:** Örnefni í Fossi. Kristrún Matthíasdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Galtafell b:** Örnefni í Galtafelli. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Galtafell:** Örnefni í Galtafelli. Stefán Jakobsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Gata:** Örnefni í Götu. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun

**Ö-Grafarbakki BJ:** Örnefni í Grafarbakka. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Grafarbakki:** Örnefni í Grafarbakka. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Gröf og Högnastaðir:** Örnefni í Gröf og Högnastaðum. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Gröf, Hvammur og Högnastaðir:** Örnefni í Gröf Hvammi og Högnastaðum. Valdimar Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Gröf:** Örnefni í Gröf. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Hamarsholt GG:** Örnefni í Hamarsholti. Guðbergur Guðnason skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hamarsholt VB:** Örnefni í Hamarsholti. Valgerður Bjarnadóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hamarsholt:** Örnefni í Hamarsholti. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Haukholt:** Örnefni í Haukholti. Ásta Oddleifsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hellisholt b:** Örnefni í Hellisholti. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Hellisholt:** Örnefni í Hellisholti. Jón Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hildarsel:** Örnefni í Hildarseli. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Hlíð KM:** Örnefni í Hlíð. Krístrún Matthíasdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hólakot:** Örnefni í Hólakotslandi. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hrafnkelsstaðir:** Örnefni á Hrafnkelsstöðum. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hrepphólar:** Örnefni í Hrepphólum. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hrunakrókur b:** Örnefni í Hrunakrök. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Hrunakrókur:** Örnefni í Hrunakrök. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Hrunamannaafrétt:** Örnefni í Hrunamannaafrétt. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hruni BJ:** Örnefni í Hruna. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hruni:** Örnefni í Hruna. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Hvítárholt viðb:** Viðbætur við örnefnaskrá Hvítárhólts. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hvítárholt:** Örnefni í Hvítárholti. Þórður Magnússon skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Högnastaðir:** Örnefni á Högnastöðum. Valdimar Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hörgsholt GJ:** Örnefni í Hörgsholti. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Hörgsholt:** Örnefni í Hörgsholti. Bjarni Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Jaðar ath:** Athugasemdir við örnefnaskrá Jaðars. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Jaðar GG:** Örnefni í Jaðri. Guðbergur Guðnason skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Jaðar:** Örnefni í Jaðri. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Jata:** Örnefni í Jötu. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Kaldbakur:** Örnefni í Kaldbak. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Kluftir:** Örnefni í Kluftum. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Kotlaugar BJ:** Örnefni í Kotlaugum. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Kotlaugar:** Örnefni í Kotlaugum. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Kópsvatn:** Örnefni í Kópsvatni. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Laugar:** Örnefni á Laugum. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Laxárdalur:** Örnefni í Laxárdal. Guðný Guðnadóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Miðfell:** Örnefni í Miðfelli. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Núpstún ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við Örnefnaskrá Núpstúna. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Núpstún ath:** Athugasemdir við Örnefnaskrá Núpstúna. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Núpstún:** Örnefni í Núpstúni. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Reykjadalskot:** Örnefni í Reykjadalaskoti. Halldór Bjarnason skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Reykjadalur:** Örnefni í Reykjadal. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Örnefnakort af Birtingaholti:** Ingimundur Einarsson. Örnefnastofnun.

**Örnefnakort af Hólakoti:** Ingimundur Einarsson. Örnefnastofnun.

**Örnefnakort af Jötu:** Ingimundur Einarsson. Örnefnastofnun.

**Örnefnakort af Jötu:** Ingimundur Einarsson. Örnefnastofnun.

**Örnefnakort af Þórarinsstöðum:** Ingimundur Einarsson. Örnefnastofnun.

**Ö-Skipholt:** Örnefni í Skipholti. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Sólheimar:** Örnefni í Sólheimum. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Syðra-Langholt ath:** Athugasemd við örnefnaskrá í Syðra-Langholti. Einar Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Syðra-Langholt:** Örnefni í Syðra-Langholti. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Syðra-Langholt:** Örnefni í Syðra-Langholti. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Syðra-Seli:** Örnefni í Syðra-Seli. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Tungufell GJ:** Örnefni í Tungufelli. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Tungufell SH:** Örnefni í Hamarsholti. Sigurjón Helgason skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Tungufell:** Örnefni í Tungufelli. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.

**Ö-Unnarholt:** Örnefni í Unnarholti. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Unnarholtshverfi:** Örnefni í Unnarholtshverfi. Guðjón í Unnarholti skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Unnarholtskot:** Örnefni í Unnarholtskoti. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.

**Ö-Þverspyrna BJ:** Örnefni í Þverspyrnu. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Þverspýrna:** Örnefni í Þverspýrnu. [Þorsteinn Bjarnason skráði]. Örnefnastofnun.